

FARSÆLT FJÖLSKYLDULÍF

Hver er leyndardómurinn?



FARSÆLT FJÖLSKYLDULÍF

Hver er leyndardómurinn?

FJÖLSKYLDAN hefur gegnt mikilvægu hlutverki í samfélagi manna frá öndverðu. Núna stendur hún hins vegar höllum fæti og mörg alvarleg vandamál steðja að henni. Fíkniefnaneysla er orðin óhugnanlega algeng meðal unglinga og siðleysi sömuleiðis. Skilnuðum og einstæðum foreldrum fjölgar hratt og heimilisofbeldi er útbreitt vandamál. Í ljósi alls þessa hafa margir áhyggjur af framtíð fjölskyldunnar.

Getur fjölskyldan verið öruggt at-hvarf og skjól? Já, ef allir í fjölskyldunni þekkja leyndardóminn að baki farsælu fjölskyldulífi. Margir hafa uppgötvað hver þessi leyndardómur er og hann hefur verið þrautreyndur í aldanna rás. Hver er hann? Svarið er að finna í þessari bók, *Farsælt fjölskyldulíf – hver er leyndardómurinn?* Hún bendir líka á raunhæf dæmi sem sýna hvernig þessi „leyndardómur“ getur leyst ýmsa erfiðleika innan fjölskyldunnar. Hver þarf ekki á slíkri leiðsögn að halda nú á dögum?



FARSÆLT FJÖLSKYLDULÍF

Hver er leyndardómurinn?



© 1996

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

THE SECRET OF FAMILY HAPPINESS

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN

©2006

WACHTTUM BIBEL- UND TRAKTAT-GESELLSCHAFT
DER ZEUGEN JEHOVAS, E. V.

SELTERS/TAUNUS

FARSÆLT FJÖLSKYLDULÍF – HVER ER LEYNDARDÓMURINN?

ALLE RECHTE VORBEHALTEN

Í SAMVINNU VIÐ VOTTA JEHOVA Á ÍSLANDI

PRENTAÐ 2012

PETTA RIT ER EKKI TIL SÖLU. ÚTGÁFA ÞESS ER ÞÁTTUR Í ALÞJÓÐLEGRI
BIBLÍUFRÆÐSLU SEM KOSTUÐ ER MEÐ FRJÁLSUM FRAMLÖGUM.

VITNAÐ ER Í ÍSLENSKU BIBLÍUNA FRÁ 1981 NEMA ANNANÐ SÉ TEKID FRAM.
LETURBREYTINGAR ERU OKKAR.

THE SECRET OF FAMILY HAPPINESS ICELANDIC (*fý-IC*)

MADE IN GERMANY

PRENTAÐ Í ÞÝSKALANDI


DRUCK UND VERLAG: WACHTTUM-GESELLSCHAFT, SELTERS/TAUNUS

E F N I S Y F I R L I T

KAFLI

BLAÐSÍÐA

1	Býr leyndardómur að baki farsælu fjölskyldulífi?	5
2	Grunnur að góðu hjónabandi	13
3	Traust hjónaband byggist á ást og virðingu	27
4	Að halda heimili	39
5	Kenndu barninu frá unga aldri	51
6	Hjálpðu unglingnum að þroskast	64
7	Þegar unglingar gera uppreisn	76
8	Verndið börnin gegn skaðlegum áhrifum	90
9	Fjölskyldur einstæðra foreldra	103
10	Veikindi í fjölskyldunni	116
11	Varðveittu heimilisfriðinn	128
12	Að sigrast á vandamálum sem skaða fjölskylduna	142
13	Ef hjónabandið er að fara út um þúfur	153
14	Þegar aldurinn færir yfir	163
15	Að heiðra aldraða foreldra	173
16	Tryggðu fjölskyldunni varanlega framtíð	183





Býr leyndardómur að baki farsælu fjölskyldulífi?

FJÖLSKYLDAN hefur gegnt mikilvægu hlutverki í samfélagi manna frá öndverðu og traustar fjölskyldur hafa alla tíð verið grundvöllur traustra þjóðfélaga. Fjölskyldan er besti vettvangurinn til að ala börnin þannig upp að þau verði þroskaðir einstaklingar.

² Hamingjusöm fjölskylda er eins og athvarf þar sem fólk getur búið við frið og öryggi. Sjáðu fyrir þér fjölskyldu þar sem ástríkir foreldrar sitja með börnunum við kvöldverðarborðið og ræða um atburði

1. Af hverju eru traustar fjölskyldur mikilvægar?
- 2-5. (a) Hvernig líður barni í hamingjusamri fjölskyldu?
(b) Hvaða vandamál eiga sumar fjölskyldur við að glíma?

dagsins. Börnin eru glöð og keppast við að segja foreldrunum hvað gerðist í skólanum. Andrúmsloftið er hlýlegt og býr alla undir nýjan dag utan heimilisins.

³ Börn í hamingjusamri fjölskyldu vita að foreldrarnir annast þau ef þau veikjast og skiptast jafnvel á að vaka yfir þeim næturlangt. Börnin vita að þau geta leitað til foreldra sinna og fengið hjá þeim ráð og stuðning þegar þau glíma við vandamál æskunnar. Já, þau finna til öryggiskenndar innan veggja heimilisins sama hve erfiður umheimurinn er.

⁴ Börnin vaxa úr grasi og flest giftast þau og stofna eigin fjölskyldu þegar fram líða stundir. „Þegar við eignumst börn skiljum við hve mikið við eigum foreldrunum að þakka,“ segir austurlenskur málsháttur. Uppkomin börn, sem kunna að meta ást og umhyggju foreldranna, reyna eftir bestu getu að stuðla að hamingju sinnar eigin fjölskyldu. Og þau annast aldraða foreldra sína sem hafa yndi af því að vera með barnabörnunum.

⁵ Þegar hér er komið sögu ertu kannski farinn að hugsa: „Auðvitað þykir mér vænt um fjölskylduna en hún er ekki eins og hér er lýst. Við hjónin vinnum á mismunandi tímum, sjáumst næstum aldrei og tölum aðallega um peningavandamál.“ Eða: „Börnin og barnabörnin búa langt í burtu og ég sé þau lítið sem ekkert.“ Já, óviðráðanlegar aðstæður gera oft að verkum að fjölskyldulífið er ekki eins og best væri á kosið. Þrátt fyrir það eru margar fjölskyldur hamingjusamar. Hvernig fara þær að því? Býr einhver leyndardómur að baki farsælu fjölskyldulífi? Svárið er já. En áður en við ræðum um það skulum við leita svars við mikilvægri spurningu.

HVAD ER FJÖLSKYLDA?

⁶ Kjarnafjölskyldan, það er að segja faðir, móðir og börn, er algengust á Vesturlöndum. Afinn og amman búa oftast út af fyrir sig eins lengi og þau geta. Fólkheldur sambandi við fjarskylda ættingja en hefur takmarkaðar skyldur gagnvart þeim. Í þessari bók verður aðallega fjallað um kjarnafjölskylduna. Hins vegar er annars konar fjölskylduform orðið mjög algengt núorðið – fjölskyldur einstæðra foreldra, stjúp-fjölskyldur og svo fjölskyldur þar sem hjónin búa ekki saman einhverra hluta vegna.

⁷ Í sumum menningarsamfélögum er stórfjölskyldan mjög nátengd. Þá annast börnin aldraða foreldra ef þau geta og hafa ýmsar skyldur gagnvart fjarskyldari ættingjum. Fólkhjálpar til við að ala upp og sjá fyrir systkinabörnum sínum eða öðrum fjarskyldari ættingjum og kostar jafnvel menntun þeirra. Meginreglurnar í þessari bók ná einnig til þess konar fjölskyldna.

FJÖLSKYLDAN Í KREPPU

⁸ Fjölskyldan er að breytast og breytingarnar eru því miður ekki til batnaðar. Við sjáum dæmi um það á Indlandi þar sem algengt er að hjón búi hjá fjölskyldu eiginmannsins og eiginkonan vinni á heimilinu undir leiðsögn tengdaforeldranna. Nú eru hins vegar margar þeirra farnar að vinna utan heimilisins. Þrátt fyrir það er enn þá ætlast til þess að þær sinni hefðbundnum skyldum sínum á heimilinu. Viða um lönd er sú spurning ofarlega á baugi

6. Um hvers konar fjölskyldur verður rætt í þessari bók?

7. Hvernig eru samskipti stórfjölskyldunnar í sumum menningarsamfélögum?

8, 9. Hvaða vandamál í sumum löndum benda til þess að fjölskyldan sé að breytast?

hvernig heimilisstörfin eigi að skiptast milli útivinnandi húsmóður og annarra í fjölskyldunni.

⁹ Í austurlenskum samfélögum er hefð fyrir því að halda nánú sambandi við stórfjölskylduna. En áhrif vestrænnar einstaklingshyggju og álagið, sem fylgir fjárhagserfiðleikum, hefur veikt fjölskylduböndin. Margir líta nú á umönnun aldraðra ættingja sem byrði en ekki skyldu eða heiður, og þess eru jafnvel dæmi að öldruðum foreldrum sé misþyrmt. Víða um lönd er það þekkt vandamál að farið sé illa með aldraða og þeir vanræktir.

¹⁰ Hjónaskilnuðum er einnig að fjölga. Á tíunda áratug síðustu aldar endaði áttunda hvert hjónaband á Spáni með skilnaði. Það er gríðarleg aukning því að 25 árum áður var skilnaðartíðnin þar í landi aðeins eitt prósent. Í Bretlandi er einhver hæsta tíðni hjónaskilnaða í Evrópu en þar má búast við að fern hjón af hverjum tíu skilji. Einstæðum foreldrum hefur einnig fjölgað mjög mikið í Bretlandi.

¹¹ Í Þýskalandi virðast margir ætla að hverfa algerlega frá hefðbundnu fjölskyldulífi. Á tíunda áratug síðustu aldar var svo komið að á 35 prósent heimila bjó fólk eitt. Á 31 prósent heimila bjuggu tveir. Í Frakklandi ganga einnig færri í hjónaband en áður og þeir sem giftast skilja oft og fyrr. Sífellt fleiri kjósa að búa saman án þess að axla þá ábyrgð sem fylgir hjónabandi. Þróunin er svipuð annars staðar í heiminum.

¹² En hvað um börnin? Í Bandaríkjunum og víða annars staðar fæðast fleiri og fleiri börn utan hjónabands og margar mæður eru aðeins á táningsaldri.

10, 11. Hvað sýnir að fjölskyldan er að breytast í mörgum Evrópulöndum?

12. Hvernig líða börn fyrir þær breytingar sem hafa orðið á fjölskyldulífinu?

Sumar unglingsstúlkur eiga nokkur börn en engin þeirra samfeðra. Skýrslur alls staðar að úr heiminum gefa til kynna að milljónir barna séu heimilislausar og búi á götunni. Mörg þeirra eru að flýja heimilisofbeldi eða eru send á götuna því að fjölskyldan getur ekki séð fyrir þeim lengur.

¹³ Já, fjölskyldan er sannarlega í kreppu. Auk þess sem talið hefur verið upp má nefna uppreisn unglinga, kynferðisofbeldi gegn börnum, ofbeldi gegn maka, alkóhólisma og önnur skelfileg vandamál sem ræna margar fjölskyldur hamingjunni. Í augum fjölda barna og fullorðinna er heimilið langt frá því að vera friðsælt athvarf.

¹⁴ Af hverju er fjölskyldan í kreppu? Sumir segja að það sé vegna þess að konur fóru út á vinnumarkaðinn. Aðrir segja orsökina vera almennt siðferðishrun í þjóðfélaginu. Margar aðrar ástæður hafa einnig verið nefndar. Fyrir næstum tvö þúsund árum sagði þekktur, löglærður maður að fjölskyldan myndi verða fyrir miklum erfiðleikum. Hann skrifaði: „Á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir. Mennirnir verða sérgóðir, féggjarnir, raupsamir, hrokafullir, lastmælendur, foreldrum óhlýðnir, vanþakklátir, vanheilagir, kærleikslausir, ósáttfúsir, rógberandi, taumlausir, grimmir, ekki elskandi það sem gott er, sviksamir, framhleypnir, ofmetnaðarfullir, elskandi munaðarlífið meira en Guð.“ (2. Tímóteusarbréf 3:1-4) Efast nokkur um að þessi orð séu að uppfyllast núna? Það er ekki að furða að margar fjölskyldur eigi í erfiðleikum þegar ástandið er eins og raun ber vitni.

13. Hvaða algengu vandamál ræna margar fjölskyldur hamingjunni?

14. (a) Hvers vegna er fjölskyldan í kreppu að mati sumra?
(b) Hvernig lýsti löglærður maður á fyrstu öld ástandinu nú á dögum og hvaða áhrif hefur þetta á fjölskyldulífið?

LEYNDARDÓMURINN AÐ BAKI FARSÆLU FJÖLSKYLDULÍFI

¹⁵ Enginn skortur er á leiðbeiningum um það hvernig fjölskyldur geti verið hamingjusamar. Á Vesturlöndum er endalaust framboð af sjálfshjálparbókum og blöðum sem veita ýmis ráð. Vandinn er hins vegar sá að ráðgjöfum ber ekki alltaf saman og það sem er vinsælt í dag getur talist úrelt á morgun.

¹⁶ Hvar geta fjölskyldur fundið áreiðanlega leiðsögn? Myndirðu leita ráða í 1900 ára gamalli bók? Eða myndirðu telja að hún hlyti að vera úrelt? Sannleikurinn er sá að leyndardóminn að baki farsælu fjölskyldulífi er einmitt að finna í slíkri bók.

¹⁷ Þessi bók er Biblían. Öll rök hníga að því að hún sé innblásin af Guði. Í Biblíunni er fullyrt: „Sérhver ritning er innblásin af Guði og nytsöm til fræðslu, til umvöndunar, til leiðréttingar, til menntunar í réttlæti.“ (2. Tímóteusarbréf 3:16) Við hvetjum þig til að hugleiða hvernig Biblían getur hjálpað þér að ‚leiðrétta‘ það sem þarf þegar þú tekst á við álag og erfiðleika nútímafjölskyldu.

¹⁸ Ef þú ert efins um að Biblían geti stuðlað að hamingjuríku fjölskyldulífi skaltu hugleiða eftirfarandi: Biblían er innblásin af höfundu hjónabandsins. (1. Mósebók 2:18-25) Þar kemur fram að hann heiti Jahve eða Jehóva. (2. Mósebók 6:3, neðanmáls) Hann er skapari okkar og faðirinn „sem hvert faðerni fær nafn af á himni og jörðu“. (Efesusbréfið 3:14, 15) Jehóva hefur fylgst með fjölskyldulífinu frá upphafi mannkyns. Hann veit hvaða vandamál geta

15-17. Hvar er að finna leyndardóminn að baki farsælu fjölskyldulífi?

18. Af hverju er rökrétt að Biblían geti gefið leiðbeiningar um hjónabandið?

komið upp og hefur gefið leiðbeiningar til að leysa þau. Meginreglur Biblíunnar um fjölskyldlífið hafa í aldanna rás hjálpað fólki að höndla hamingjuna.

¹⁹ Þriggja barna móðir í Indónesíu er dæmi um það. Hún var spilafíkill, vanrækti börnin sín árum saman og reifst oft við eiginmanninn. Síðan ákvað hún að kynna sér Biblíuna og fór smám saman að trúa því sem Biblían segir. Þegar hún fylgdi meginreglum hennar varð hún betri eiginkona og það varð allri fjölskyldunni til góðs.

²⁰ Húsmóðir á Spáni segir: „Við höfðum aðeins verið gift í ár þegar alvarleg vandamál gerðu vart við sig.“ Þau hjónin áttu lítið sameiginlegt og töluðu sjaldan saman án þess að rífast. Þau ákváðu að skilja að borði og sæng þótt þau ættu unga dóttur. Áður en þau létu verða af því voru þau hvött til að leita ráða í Biblíunni. Þau kynntu sér leiðbeiningar hennar um hjónabandið og tóku þær til sín. Áður en langt um leið breyttust samskiptin til hins betra og fjölskyldan varð sameinuð og hamingjusöm.

²¹ Ráðleggingar Biblíunnar hjálpa einnig þeim sem eldri eru. Japönsk hjón eru dæmi um það. Eiginmaðurinn var skapstyggur og beitti stundum ofbeldi. Dætur hjónanna fóru að kynna sér Biblíuna gegn vilja foreldra sinna. Síðan fylgdi eiginmaðurinn í fótspor dætranna en eiginkonan var enn mótfallin. Með árunum tók hún þó eftir því að meginreglur Biblíunnar höfðu góð áhrif á fjölskylduna. Dæturnar hugsuðu vel um hana og eiginmaðurinn varð miklu mildari. Þetta varð til þess að hún fór einnig að lesa Biblíuna og það hafði jákvæð áhrif á hana. Þessi aldraða kona sagði oft: „Við urðum alvöruhjón.“

19-21. Hvaða dæmi sýna að Biblían getur leyst erfiðleika í hjónabandinu?

²² Þetta eru aðeins nokkur dæmi af mörgum um fólk sem hefur uppgötvað leyndardóminn að baki farsælu fjölskyldulífi. Það hefur hlustað á leiðbeiningar Biblíunnar og tekið þær til sín. Vissulega er þetta fólk ófullkomið eins og allir aðrir og býr í heimi þar sem ofbeldi, siðleysi og fjárhagserfiðleikar eru daglegt brauð. En þeir sem leggja sig fram við að gera vilja Jehóva Guðs, höfundar fjölskyldunnar, finna hamingjuna. Eins og Biblían segir er Jehóva sá sem kennir okkur að gera það sem okkur er gagnlegt og vísar okkur veginn sem við eigum að ganga. — Jesaja 48:17.

²³ Þótt ritun Biblíunnar hafi lokið fyrir næstum tvö þúsund árum eiga leiðbeiningar hennar fyllilega við nú á dögum. Auk þess var hún skrifuð fyrir *alla* menn því að Jehóva „skapaði af einum allar þjóðir manna“ og þekkir eðli þeirra. (Postulasagan 17:26) Allir geta notið góðs af meginreglum Biblíunnar. Ef þú ferð eftir þeim geturðu kynnst leyndardóminum að baki farsælu fjölskyldulífi.

22, 23. Hvernig hjálpar Biblían fjölskyldum af öllum þjóðum að vera hamingjusamar?

GETURÐU SVARAÐ EFTIRFARANDI SPURNINGUM?

Hvernig er ástatt fyrir fjölskyldunni
nú á dögum? — 2. Tímóteusarbréf 3:1-4.

Hver er höfundur fjölskyldunnar?
— Efesusbréfið 3:14, 15.

Hver er leyndardómurinn að baki
farsælu fjölskyldulífi? — Jesaja 48:17.



Grunnur að góðu hjónabandi

TIL að reisa hús þarf að undirbúa verkið vel. Áður en grunnurinn er steiptur þarf að finna lóð og gera teikningar. En það þarf meira til. Jesús sagði: „Hver yðar sest ekki fyrst við, ef hann ætlar að reisa turn, og reiknar kostnaðinn, hvort hann eigi nóg til að ljúka verkinu?“ – Lúkas 14:28.

² Vönduð bygging verður ekki til af sjálfu sér. Hið sama er að segja um gott hjónaband. Marga langar til að giftast. En hversu margir staldra við og

1, 2. (a) Hvernig lagði Jesús áherslu á nauðsyn góðs undirbúnings? (b) Á hvaða sviði er góður undirbúningur sérstaklega mikilvægur?

reikna kostnaðinn? Þótt Biblían fari fögrum orðum um hjónabandið bendir hún einnig á að því geti fylgt erfiðleikar. (Orðskviðirnir 18:22; 1. Korintubréf 7:28) Þeir sem eru í giftingarhugleiðingum verða því að vera raunsæir og sjá bæði kostina og gallana.

³ Biblían getur hjálpað okkur. Leiðbeiningar hennar eru innblásnar af Jehóva Guði sem er höfundur hjónabandsins. (Efesusbréfið 3:14, 15; 2. Tímóteusarbréf 3:16) Þótt Biblían sé ævaforð eru meginreglur hennar enn í fullu gildi og við getum notað þær til að fá svör við eftirfarandi spurningum: (1) Hvernig er hægt að vita hvort maður sé tilbúinn til að gifta sig? (2) Að hverju ætti að leita í fari tilvonandi maka? (3) Hvernig er hægt að tryggja að tilhugalífið sé heiðvirt í alla staði?

ERTU TILBÚINN TIL AÐ GIFTA ÞIG?

⁴ Það getur verið dýrt að reisa hús en það kostar líka sitt að halda því við. Hið sama gildir um hjónabandið. Það eitt að giftast er stórt skref en ekki má gleyma því að hjónabandinu þarf að halda við ár eftir ár. Hvað felst í því? Meðal annars að skuldbindast hvort öðru af heilum huga. Biblían lýsir hjónabandinu með eftirfarandi orðum: „Maður [yfirgefur] föður sinn og móður sína og býr við eigin konu sína, svo að þau verði eitt hold.“ (1. Mósebók 2:24) Jesús Kristur sagði að hórdómur, það er að segja kynlíf utan hjónabands, væri eina biblíulega forsendan fyrir skilnaði sem heimilaði fólki

3. Hvernig getur Biblían hjálpað þeim sem eru í giftingarhugleiðingum og við hvaða þrem spurningum ætlum við að leita svara?

4. Hvað felst í því að viðhalda góðu hjónabandi og hvers vegna?

að giftast á ný. (Matteus 19:9) Hafðu þessar meg-
inreglur Biblíunnar í huga ef þú ert í giftingarhug-
leiðingum. Ef þú ert ekki tilbúinn að skuldbinda
þig ertu ekki tilbúinn til að gifta þig. — 5. Mósebók
23:21; Prédikarinn 5:4, 5.

⁵ Margir eru hræddir við að binda sig. „Tilhugs-
unin um að vera bundin hvort öðru ævilangt var
kæfandi, mér fannst ég vera innikróaður,“ játaði
ungur maður. En ef þú elskar tilvonandi maka
þinn er skuldbindingin ekki byrði heldur veitir
hún þér öryggiskennd. Hún gerir það að verkum
að hjón vilja standa saman í gegnum súrt og sætt
og styðja hvort annað, hvað sem á dynur. Páll post-
uli sagði að sannur kærleikur ‚breiddi yfir allt‘ og
‚umbæri allt‘. (1. Korintubréf 13:4, 7) „Skuldbind-
ing hjónabandsins veitir mér öryggi,“ segir kona
nokkur. „Mér finnst styrkur í því að hafa heitið
hvort öðru opinberlega að standa alltaf saman.“
— Prédikarinn 4:9-12.

⁶ Það þarf þroska til að standa við slíka skuld-
bindingu. Páll ráðleggur kristnum mönnum að
gifta sig ekki fyrr en þeir eru komnir yfir ‚æsku-
blómann‘, tímabilið þegar kynhvötin er sterk og get-
ur skert dómgreindina. (1. Korintubréf 7:36, *New
World Translation of the Holy Scriptures*) Fólki breyt-
ist hratt á æskuárunum. Margir sem gifta sig mjög
ungir komast að raun um að þarfir og langanir
þeirra og makans breytast innan nokkurra ára.
Talnaskýrslur sýna að meiri líkur eru á því að ung-
lingahjónabönd gangi illa og endi með skilnaði en

5. Af hverju ættu þeir sem eru í giftingarhugleiðingum ekki að
hræðast skuldbindingu heldur líta jákvætt á hana?

6. Af hverju er skynsamlegt að flýta sér ekki um of að giftast?

hjónabönd þeirra sem bíða aðeins lengur. Flýttu þér ekki um of að giftast. Það getur verið verðmæt reynsla og mjög þroskandi að standa á eigin fótum í nokkur ár á meðan maður er enn ungur og ógiftur. Það getur einnig gert þig að betri maka og hjálpað þér að þekkja sjálfan þig betur sem er nauðsynlegt til að byggja upp gott hjónaband.

ÞEKKTU SJÁLFAN ÞIG

⁷ Finnst þér auðvelt að telja upp eiginleika sem þú leitar að í fari tilvonandi maka? Það finnst flestum. En hvað með sjálfan þig? Hvaða eiginleika hefur þú til að bera sem geta stuðlað að farsælu hjónabandi? Hvers konar eiginmaður eða eiginkona yrðir þú? Áttu til dæmis auðvelt með að viðurkenna mistök þín og taka leiðbeiningum eða ferðu alltaf í vörn? Ertu almennt jákvæð og glaðlynd manneskja eða liggur oft illa á þér og kvartar þú oft? (Orðskviðirnir 8:33; 15:15) Hafðu hugfast að persónuleiki þinn breytist ekki þótt þú giftir þig. Sá sem er stoltur, neikvæður eða ákaflega viðkvæmur þegar hann er einhleypur verður alveg eins eftir að hann giftir sig. Það er erfitt að sjá sjálfan sig með augum annarra og því gæti verið ráðlegt að spyrja foreldra eða góðan vin álits eða biðja um tillögur. Ef þú kemst að raun um að þú þarft að breyta einhverju skaltu vinna að því áður en þú ferð að hugsa um að gifta þig.

⁸ Biblían hvetur okkur til að láta heilagan anda Guðs hafa áhrif á okkur og kalla fram eiginleika

7. Af hverju ættu þeir sem eru í giftingarhugleiðingum að líta fyrst í eigin barm?

8-10. Hvaða leiðbeiningar Biblíunnar hjálpa fólki að búa sig undir hjónaband?

SIÐVENJUR Í LJÓSI BIBLÍUNNAR

Brúðarverð og heimanmundur: Í sumum löndum er ætlast til þess að fjölskylda brúðgumans greiði fjölskyldu brúðarinnar ákveðna fjárupphæð (brúðarverð). Í öðrum löndum þiggur fjölskylda brúðgumans greiðslu frá fjölskyldu brúðarinnar (heimanmund). Það er ekkert athugavert við að fylgja þessum siðum ef þeir stangast ekki á við landslög. (Rómverjabréfið 13:1) En í báðum tilfellum ætti fjölskyldan, sem þiggur greiðsluna, að gæta þess að sýna ekki græðgi og ætlast ekki til þess að fá meira en eðlilegt getur talist. (Orðskvið-irnrir 20:21; 1. Korintubréf 6:10) Þó að greitt hafi verið brúðarverð ætti eiginmaðurinn aldrei að líta svo á að hann hafi keypt eiginkonuna eða hugsa sem svo að hann beri einungis fjárhagslega skyldu gagnvart henni og tengdafjölskyldunni.

Fjölkvæni: Í sumum menningarsamfélögum má karlmaður eiga fleiri en eina eiginkonu. Við slíkar aðstæður gæti hann orðið eins og yfirdrottari í stað þess að vera eiginmaður og faðir. Auk þess ríkir oft mikil samkeppni meðal eiginkvennanna. Biblían heimilar aðeins einkvæni eða einhleypi. – 1. Korintubréf 7:2.

Óvígð sambúð: Mörg pör vilja búa saman fyrir hjónaband til að athuga hvort þau eigi vel saman. En í óvígðri sambúð reynir ekki á skuldbindinguna sem er einn mikilvægasti þátturinn í hjónabandinu. Hjónaband er það fyrirkomulag sem veitir öllum í fjölskyldunni mesta vernd og öryggi, þar á meðal þeim börnum sem hjónin kunna að eignast. Í augum Jehóva Guðs er óvígð sambúð „saurlifnaður“. – 1. Korintubréf 6:18; Hebreabréfið 13:4.

eins og ,kærleika, gleði, frið, langlyndi, gæsku, góðvild, trúmennsku, hógværð og bindindi‘ eða sjálfstjórn. Hún segir okkur að „endurnýjast í anda og hugsun og íklæðast hinum nýja manni, sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans“. (Galatabréfið 5:22, 23; Efesusbréfið 4:23, 24) Þegar einhleypt fólk fylgir þessum leiðbeiningum er eins og það sé að leggja peninga inn á banka – það á innistæðu sem kemur sér vel í framtíðinni þegar það giftir sig.

⁹ Konur gætu til dæmis lært að gefa meiri gaum að ,hinum hulda manni hjartans‘ en ytra útliti. (1. Pétursbréf 3:3, 4) Hógværð og heilbrigt hugarfar hjálpa þeim að sýna visku sem er eins og ,prýðileg kóróna‘ á höfði þeirra. (Orðskviðirnir 4:9; 31:10, 30; 1. Tímóteusarbréf 2:9, 10) Karlmenn gætu tamið sér að sýna konum góðvild og virðingu. (1. Tímóteusarbréf 5:1, 2) Þeir þurfa að læra að taka ákvarðanir og axla ábyrgð en einnig að temja sér auðmýkt og hógværð. Stjórnsemi veldur aðeins vandamálum í hjónabandi. – Orðskviðirnir 29:23; Míka 6:8; Efesusbréfið 5:28, 29.

¹⁰ Kristnir einstaklingar ættu að þroska með sér þessa eiginleika þótt það sé ekki auðvelt. Það gerir þá að betri maka.

AD HVERJU ÆTTIRÐU AD LEITA?

¹¹ Viðast á Vesturlöndum er það venja að fólk velji sér sjálft maka. Hvað ættirðu að gera ef þú laðast að einhverjum af hinu kyninu? Í fyrsta lagi skaltu spyrja þig hvort þú viljir í raun og veru

11, 12. Hvernig geta tveir einstaklingar kannað hvort þeir eigi vel saman?



*Einhleypt fólk ætti að læra
til verka og þroska með sér
eiginleika og venjur sem
koma að góðum notum í
hjónabandinu.*

ganga í hjónaband. Það er rangt að leika sér að tilfinningum annarra með því að vekja falskar vonir. (Orðskviðirnir 13:12) Í öðru lagi skaltu spyrja þig hvort þú sért í aðstöðu til að giftast. Ef svarið við báðum spurningunum er jákvætt gætu næstu skref verið mjög breytileg eftir siðvenjum hvers þjóðfélags. Í sumum löndum gæti verið viðeigandi að fylgjast með hinum aðilanum um tíma og koma síðan að máli við hann og segja að þú hafir áhuga á að kynnast honum betur. Ef viðkomandi hefur ekki áhuga skaltu ekki ganga svo stíft á eftir honum að það veki andúð. Mundu að hinn aðilinn hefur líka rétt á að taka sína ákvörðun. En ef hann hefur áhuga gætuð þið ákveðið að hittast og gera eitthvað uppbyggilegt saman. Þetta gefur þér tækifæri til að kanna hvort það sé viturlegt fyrir ykkur að giftast.* Að hverju ættirðu að leita á þessu stigi?

¹² Sjáðu fyrir þér tvö hljóðfæri, til dæmis píanó og gítar. Ef þau eru rétt stillt er hægt að leika á þau fallega tónlist hvort í sínu lagi. En hvað gerist ef spilað er samtímis á hljóðfærin? Þá verða þau að vera samstillt. Það er svipað með þig og tilvonandi maka þinn. Ef til vill hafið þið bæði lagt ykkur fram um að „stilla“ persónuleika ykkar. En spurningin er hvort þið séuð samstillt, það er að segja hvort þið eigið vel saman.

¹³ Mikilvægt er að trúar- og lífsskoðanir ykkar fari saman. „Gangið ekki undir ósamkynja ok

* Þetta á við í löndum þar sem talið er viðeigandi að kristið fólk fari á stefnumót.

13. Af hverju er óviturlegt að stofna til náinna kynna við einhvern sem hefur ekki sömu trúarskoðanir og maður sjálfur?

með vantrúuðum,“ skrifaði Páll postuli. (2. Korintubréf 6:14; 1. Korintubréf 7:39) Ef maki þinn hefur ekki sömu trúarskoðanir og þú eru meiri líkur á missætti. Sameiginleg hollusta við Jehóva Guð er sterkasta einingarbandið. Jehóva vill að við séum ánægð og bindumst maka okkar eins nánnum böndum og hægt er. Hann vill að hjón séu bundin honum og hvort öðru með þreföldum þræði kærleikans. — Prédikarinn 4:12.

¹⁴ Sameiginleg trú á Guð er sérstaklega mikilvæg til að viðhalda einingu í hjónabandinu en það þarf samt meira til. Ef þú og tilvonandi maki þinn viljið vera samstillt ættuð þið að hafa svipuð markmið. Hver eru markmið ykkar? Viljið þið til dæmis eignast börn? Hvað hefur forgang í lífi ykkar?* (Matteus 6:33) Í farsælu hjónabandi eru hjónin góðir vinir og njóta þess að vera hvort með öðru. (Orðskviðirnir 17:17) Til að svo sé verða þau að hafa sameiginleg áhugamál. Það er erfitt að viðhalda náinni vináttu, hvað þá hjónabandi, ef áhugamálin eru ólík. Þýðir það að þið eigið ekki að gifta ykkur ef annað ykkar hefur áhuga á einhverju sem höfðar ekki til hins, eins og til dæmis fjallgöngum? Nei, ekki endilega. Kannski eigið þið eitthvað annað sameiginlegt sem er mikilvægara. Þar að auki gætirðu glatt tilvonandi maka þinn með því að taka þátt

* Innan kristna safnaðarins má jafnvel finna einstaklinga sem eru ekki heilshugar í trúnni. Þeir þjóna ekki Guði af öllu hjarta heldur láta stjórnast af viðhorfum og hegðun heimsins. — Jóhannes 17:16; Jakobsbréfið 4:4.

14, 15. eru sameiginlegar trúarskoðanir það eina sem stuðlar að einingu í hjónabandi? Skýrðu svarið.

í heilnæmri afþreyingu sem hann hefur gaman af. — Postulasagan 20:35.

¹⁵ Þó að það sé gott að hjón eigi margt sameiginlegt skiptir enn meira máli að þau geti lagað sig hvort að öðru. Í stað þess að spyrja hvort þið séuð sammála um allt gæti verið betra að spyrja hvernig þið bregðist við þegar þið eruð ósammála. Getið þið sýnt hvort öðru virðingu og sæmd og rætt málin á yfirvegaðan hátt? Eða leiðast umræðurnar oft út í rifrildi? (Efesusbréfið 4:29, 31) Ef þú ert í giftingarhugleiðingum skaltu vera á varðbergi gagnvart þeim sem eru stoltir og þrætugjarnir, vilja aldrei gefa eftir eða heimta alltaf að fá sínu framgengt.

KYNNIST VEL FYRIR FRAM

¹⁶ Þeir sem fá ábyrgðarstörf innan kristna safnaðarins eru „fyrst reyndir“ til að sjá hvort þeir séu hæfir. (1. Tímóteusarbréf 3:10) Þú getur einnig fylgt þessari meginreglu. Einhleyp kona gæti til dæmis spurt sig: Hvaða orðstír hefur þessi maður? Hverjir eru vinir hans? Sýnir hann sjálfstjórn? Hvernig kemur hann fram við þá sem eldri eru? Hvernig er fjölskylda hans? Hvernig eru samskipti hans við fjölskylduna? Hvernig lítur hann á peninga? Hvernig fer hann með áfengi? Er hann skapstór eða jafnvel ofbeldishneigður? Hvaða ábyrgðarstörf hefur hann í söfnuðinum og hvernig sinnir hann þeim? Gæti ég borið djúpa virðingu fyrir honum? — 3. Mósebók 19:32; Orðskviðirnir 22:29; 31:23; Efesusbréfið 5:3-5, 33; 1. Tímóteusarbréf 5:8; 6:10; Títusarbréfið 2:6, 7.

16, 17. Hverju geta einhleypir karlmenn og konur leitað að í fari tilvonandi maka?

¹⁷ Einhleypur karlmaður gæti spurt sig: Sýnir þessi kona að hún elskar og virðir Guð? Getur hún annast heimili? Hvers mun fjölskylda hennar ætlast til af okkur? Er hún skynsöm, iðin og sparsöm? Um hvað talar hún? Hefur hún einlægan áhuga á velferð annarra eða hugsar hún bara um sjálfa sig? Skiptir hún sér af því sem henni kemur ekki við? Er hún áreiðanleg? Er hún fús til að fylgja forystu eiginmanns eða er hún þrjóska eða jafnvel uppreisnargjörn? — Orðskviðirnir 31: 10-31; Lúkas 6:45; Efesusbréfið 5:22, 23; 1. Tímóteusarbréf 5:13; 1. Pétursbréf 4:15.

¹⁸ Mundu samt að við erum öll ófullkomnir afkomendur Adams en ekki draumadísir eða draumaprinsar úr ástarsögum. Allir hafa sína galla. Bæði þú og tilvonandi maki þinn þurfið að horfa fram hjá vissum göllum í fari hvort annars. (Rómverjabréfið 3:23; Jakobsbréfið 3:2) Ef þið uppgötvið að þið hafið ákveðinn veikleika býður það upp á tækifæri til að bæta sig. Segjum til dæmis að ykkur verði sundurorða í tilhugalífinu. Hafðu hugfast að þótt fólk elski og virði hvort annað getur það stundum verið ósammála. (Samanber 1. Mósebók 30:2; Postulasagan 15:39.) Kannski þýðir þetta bara að þið þurfið að hafa betri stjórn á skapsmunum ykkar og læra að leysa málin á friðsamlegri hátt. (Orðskviðirnir 25:28) Er tilvonandi maki þinn fús til að bæta sig? Hvað með þig? Gætud þið reynt að vera ekki eins viðkvæm eða móðgunargjörn? (Prédikarinn 7:9) Ef þið lærið að leysa ágreiningsmál leggið þið grunn að heiðarlegum

18. Hvað ætti að hafa hugfast ef minniháttar veikleikar koma upp á yfirborðið í tilhugalífinu?

samræðum og skoðanaskiptum sem eru ómissandi ef þið ætlið að giftast. — Kólossubréfið 3:13.

¹⁹ En hvað ættirðu að gera ef þú tekur eftir einhverju sem veldur þér miklum áhyggjum? Þá ættirðu að hugleiða málið vandlega. Lokaðu ekki augunum fyrir alvarlegum göllum, sama hversu ástfanginn þú ert eða hversu mikið þig langar til að giftast. (Orðskviðirnir 22:3; Prédikarinn 2:14) Ef þú hefur alvarlegar efasemdir um þann einstakling sem þú ert að kynnast væri viturlegt að bindast honum ekki heldur slíta sambandinu.

HEIÐVIRT TILHUGALÍF

²⁰ Hvernig getið þið tryggt að tilhugalífið sé heiðvirt í alla staði? Í fyrsta lagi skulið þið gæta þess að allt sem þið gerið sé innan velsæmismarka. Er talið viðeigandi í samfélaginu að ógift fólk haldist í hendur, kyssist eða faðmist? Jafnvel þótt slíkt sé ekki lítið hornauga ætti það að eins að eiga sér stað eftir að hjónaband hefur verið ákveðið. Gætið þess vandlega að ástleitni leiði ykkur ekki út í óhreina hegðun eða jafnvel saurlífnað. (Efesusbréfið 4:18, 19; samanber Ljóðaljóðin 1:2; 2:6; 8:5, 9, 10.) Þar sem hjartað er svikult væri viturlegt af ykkur að vera aldrei ein í íbúð, kyrrstæðum bíl eða á nokkrum öðrum stað sem gæfi tækifæri til rangrar breytni. (Jeremía 17:9) Ef þið haldið tilhugalífinu siðferðilega hreinu er það augljós sönnun þess að þið hafið sjálfstjórn og að óeigingjörn umhyggja fyrir tilvonandi maka er

19. Hvað er viturlegt að gera ef alvarleg vandamál koma upp í tilhugalífinu?

20. Hvernig getur þú í tilhugalífinu gætt velsæmis?

sterkari en eigin langanir. Hreint tilhugalíf gleður auk þess Jehóva Guð sem fyrirskipar þjónum sínum að halda sér frá óhreinleika og siðleysi. — Galatabréfið 5:19-21.

²¹ Heiðvirt tilhugalíf felur einnig í sér heiðarleg tjáskipti. Þegar fer að nálgast brúðkaupið þarf að ræða ákveðin mál opinskátt. Hvar ætlið þið að búa? Ætlið þið bæði að vinna úti? Viljið þið eignast börn? Einnig er sanngjarnt að opinbera ýmis mál, ef til vill úr fortíðinni, sem gætu haft áhrif á hjónabandið. Það gætu til dæmis verið miklar skuldir, skuldbindingar eða heilsufarsleg mál eins og alvarlegir sjúkdómar eða kvillar. Margir sem eru HIV-smitaðir eru einkennalausir fyrst í stað. Því er ekkert athugavert við það þótt tilvonandi maki eða umhyggjusamir foreldrar biðji þann sem hefur lifað siðlausu lífi áður fyrr eða verið sprautufíkill að fara í alnæmispróf. Ef viðkomandi reynist smitaður ætti hann ekki að þrýsta á hinn aðilann að halda sambandinu áfram. Í rauninni ætti hver sá sem hefur verið í áhættuhópi að fara sjálfur í alnæmispróf áður en hann stofnar til náina kynna við einhvern af hinu kyninu.

EFTIR BRÚÐKAUPSDAGINN

²² Síðustu mánuðina fyrir brúðkaupið verðið þið sennilega önnum kafin við undirbúning. Þið getið dregið töluvert úr álaginu með því að gæta hófs. Þótt íburðamikið brúðkaup gleðji ættingjana

21. Um hvaða mál gæti þurft að ræða til að halda tilhugalífinu heiðvirðu?

22, 23. (a) Á hvaða hátt gæti undirbúningur fyrir brúðkaupið farið út í ófgar? (b) Af hverju ætti ekki að beina of mikilli athygli að brúkaupsdeginum?

og samfélagið gæti það verið mjög íþyngjandi fyrir brúðhjónin og fjölskyldur þeirra og jafnvel komið þeim í fjárkröggur. Það getur verið viðeigandi að fylgja ákveðnum siðum en ef farið er út í öfgar gæti það varpað skugga á tilefnið sjálft og rænt ykkur gleðinni sem brúðkaupið ætti að veita. Brúðguminn ber höfuðábyrgðina á því sem fram fer í brúðkaupsveislunni þótt vissulega þurfi hann að taka tillit til skoðana annarra. — Jóhannes 2:9.

²³ Munið að brúðkaupið varir aðeins einn dag en hjónabandið ævilangt. Beinið ekki of mikilli athygli að brúðkaupsdeginum. Leitið heldur leiðsagnar Jehóva Guðs og búið ykkur undir hjónabandið sjálft. Þannig leggið þið grunn að góðu hjónabandi.

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ ÞÉR AÐ LEGGJA
GRUNN AÐ GÓÐU HJÓNABANDI?**

Eiginmaður og eiginkona verða að
skuldbinda sig hvort öðru.

— 1. Mósebók 2:24.

Hinn innri maður skiptir meira
máli en ytra útlit.

— 1. Pétursbréf 3:3, 4.

„Gangið ekki undir ósamkynja ok.“

— 2. Korintubréf 6:14.

Fólk sem lifir siðferðilega
óhreinu lífi er fjarlægst Guði.

— Efesusbréfið 4:18, 19.

Traust hjónaband byggist á ást og virðingu

ÞEGAR GUÐ gaf fyrstu hjónin saman var ekkert sem benti til þess að þetta ætti aðeins að vera tímabundið samband. Adam og Eva áttu að vera saman alla ævi. (1. Mósebók 2:24) Guð setti þá reglu um heiðvirt hjónaband að það væri samband eins karls og einnar konu. Því aðeins mættu þau skilja og giftast á ný að annað þeirra eða bæði gerðu sig sek um gróft kynferðislegt siðleysi. – Matteus 5:32.

² En geta tveir einstaklingar búið saman í hamingjuríku hjónabandi um aldur og ævi? Já og Biblían bendir á tvennt sem þarf til að svo megi verða. Ef hjónin halda þetta í heiðri mun það færa þeim hamingju og blessun. Hvaða tveir þættir eru þetta?

ÁST

³ Fyrri þátturinn er ást eða kærleikur. Athygli vekur að í Biblíunni er rætt um mismunandi kærleika. Í fyrsta lagi er minnst á hlýlegan kærleika milli náina vina. (Jóhannes 11:3) Í öðru lagi nefnir Biblían kærleika innan fjölskyldunnar. (Rómverjabréfið 12:10) Og í þriðja lagi er talað um ást milli karls og konu. (Orðskviðirnir 5:15-20) Auðvitað ættu hjón að sýna kærleika í öllum þessum myndum. En fjórða mynd kærleikans er enn mikilvægari en hinar þrjár.

1, 2. (a) Hve lengi á hjónabandið að vara? (b) Hvernig er það hægt?

3. Hvaða þrjár myndir kærleikans ættu hjón að sýna?



*Gagnkvæm ást og virðing
stuðlar að góðu hjónabandi.*

⁴ Á frummáli Grísku ritninganna kallast þessi fjórða mynd kærleikans *aga'pe*. Þetta orð er notað í 1. Jóhannesarbréfi 4:8 þar sem segir: „Guð er kærleikur.“ Já, „vér elskum, því að [Guð] elskaði oss að fyrri bragði“. (1. Jóhannesarbréf 4:19) Kristnir menn glæða fyrst með sér slíkan kærleika til Jehóva Guðs og síðan til náungans. (Markús 12:29-31) Orðið *aga'pe* er líka notað í Efesusbréfinu 5:2 þar sem segir: „Lifið í kærleika, eins og Kristur elskaði oss og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir oss.“ Jesús sagði að þessi kærleikur myndi einkenna sanna fylgjend-

4. Hver er fjórða mynd kærleikans?

ur sína: „Á því munu allir þekkja, að þér eruð mín-ir lærisveinar, ef þér berið elsku [*aga'pe*] hver til annars.“ (Jóhannes 13:35) Taktu líka eftir hvernig *aga'pe* er notað í 1. Korintubrési 13:13: „Nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn [*aga'pe*] mestur.“

⁵ Af hverju er *aga'pe*-kærleikurinn meiri en trú og von? Hann stjórnað af meginreglum, réttum meginreglum sem er finna í orði Guðs. (Sálmur 119:105) Hann er óeigingjarn áhugi á að gera fyrir aðra það sem er rétt og gott í augum Guðs, hvort sem þeir virðast eiga það skilið eða ekki. Slíkur kærleikur auðveldar hjónum að fylgja leiðbeiningum Biblíunnar í Kólossubrési 3:13: „Umberið hver annan og fyrirgefið hver öðrum, ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og Drottinn hefur fyrirgefið yður, svo skuluð þér og gjöra.“ Ástrík hjón glæða með sér „brennandi kærleika [*aga'pe*]“ hvort til annars „því að kærleikur hylur fjölda synda“. (1. Pétursbréf 4:8) Taktu eftir að kærleikurinn hylur mistök. Hann kemur ekki í veg fyrir þau því að enginn ófullkominn maður getur verið syndlaus. — Sálmur 130:3, 4; Jakobsbréfið 3:2.

⁶ Þegar hjón bera slíkan kærleika til Guðs og hvort til annars verður hjónabandið traust og hamingjuríkt því að „kærleikurinn fellur aldrei úr gildi“. (1. Korintubréf 13:8) Kærleikurinn er „band algjörleikans“. (Kólossubrési 3:14) En hvernig geta hjón glætt með sér slíkan kærleika? Lesið saman í orði Guðs og ræðið um það sem þið lesið. Kynnið ykkur vel kærleika Jesú og reynið að líkja eftir honum

5, 6. (a) Hvers vegna er kærleikurinn meiri en trú og von? (b) Nefnið nokkrar ástæður þess að kærleikurinn stuðlar að varanlegu hjónabandi.

með því að hugsa eins og hann og hegða ykkur eins og hann. Sækið safnaðarsamkomur því að þar fáið þið kennslu byggða á orði Guðs. Biðjið Guð að hjálpa ykkur að sýna þennan háleita kærleika sem er ávöxtur heilags anda hans. — Orðskviðirnir 3:5, 6; Jóhannes 17:3; Galatabréfið 5:22; Hebreabréfið 10: 24, 25.

VIRÐING

⁷ Hjón, sem elska hvort annað, bera líka virðingu hvort fyrir öðru en virðing er hinn þátturinn sem stuðlar að traustu hjónabandi. Að virða merkir að heiðra, bera traust til og hafa mætur á. Orð Guðs hvetur alla kristna menn, þar á meðal hjón: „Verið hver yðar fyrri til að veita öðrum virðing.“ (Rómverjabréfið 12:10) Pétur postuli skrifaði: „Þér eiginmenn, búið með skynsemi saman við konur yðar sem veikari ker og veitið þeim virðingu.“ (1. Pétursbréf 3:7) Eiginkonur eru hvattar til að sýna eiginmönnum sínum djúpa virðingu. (Efesusbréfið 5:33) Að virða aðra manneskju felur í sér að vera vingjarnlegur við hana, virða reisn hennar og skoðanir og vera fús til að uppfylla óskir hennar, séu þær innan skynsamlegra marka.

⁸ Þeir sem vilja að hjónaband sitt sé hamingjuríkt sýna maka sínum virðingu með því að líta „ekki að eins á eigin hag, heldur einnig [hag makans].“ (Filippíbréfið 2:4) Þeir hugsa ekki bara um sjálfa sig því að það væri eigingjarnt. Þeir hugsa fyrst og fremst um hag maka síns.

7. Hvað er virðing og hverjir eiga að sýna virðingu innan hjónabandsins?

8-10. Hvernig stuðlar virðing að því að hjónabandið sé traust og hamingjuríkt?

⁹ Hjón, sem virða hvort annað, gera sér grein fyrir því að þau geta ekki alltaf verið sammála um allt. Varla er raunhæft að ætlast til þess að tveir einstaklingar hafi sömu skoðanir á öllu. Það er ekki sjálfgefið að hjón telji sömu hlutina mikilvæga eða hafi sama smekk. En þau ættu bæði að virða skoðanir og ákvarðanir hins, svo framfarlega sem þær stangast ekki á við lög og meginreglur Jehóva. (1. Pétursbréf 2:16; samanber Fílemonsbréfið 14.) Hjón ættu líka að sýna hvort öðru þá virðingu að tala ekki niðrandi hvort um annað eða gera grín hvort að öðru, einslega eða í fjölmenni.

¹⁰ Já, það er ákaflega mikilvægt að hjón elski Guð og hvort annað og beri gagnkvæma virðingu hvort fyrir öðru. En hvernig er hægt að byggja á þessum grunni á öðrum sviðum hjónabandsins?

LÍKTU EFTIR FORYSTU KRISTS

¹¹ Biblían segir að karlmanninum hafi verið áskapaðir eiginleikar til að veita fjölskyldu góða forstöðu. Hann er því ábyrgur frammi fyrir Guði fyrir andlegri og líkamlegri velferð eiginkonunnar og barnanna. Hann þarf að taka skynsamlegar ákvarðanir í samræmi við vilja Jehóva og vera góð fyrirmynd í guðrækni. „Verið hver öðrum undirgefnir í ótta Krists: Konurnar eiginmönnum sínum eins og það væri Drottinn. Því að maðurinn er höfuð konunnar, eins og Kristur er höfuð kirkjunnar.“ (Efesusbréfið 5:21-23) Biblían segir líka að eiginmaðurinn þurfi að lúta forystu. Páll postuli skrifaði: „Ég vil, að þér vitið, að Kristur er höfuð sérhvers manns, maðurinn er höfuð konunnar og Guð höfuð Krists.“

11. Hver fer með forystuna í hjónabandinu samkvæmt Biblíunni?

(1. Korintubréf 11:3) Vitur eiginmaður lærir að fara með forystu með því að líkja eftir Jesú Kristi sem er höfuð hans.

¹² Jesús þarf líka að lúta forystu – forystu Jehóva. Hann sýnir honum viðeigandi undirgefni. Jesús sagði: „Ég leita ekki míns vilja, heldur vilja þess, sem sendi mig.“ (Jóhannes 5:30) Þetta er frábært fordæmi fyrir okkur. Jesús er „frumburður allrar sköpunar“. (Kólossubréfið 1:15) Hann varð Messías og átti að veita söfnuði andasmurðra kristinna manna forystu og vera konungur Guðsríkis, æðri öllum englum. (Filippíbréfið 2:9-11; Hebreabréfið 1:4) En þótt maðurinn Jesús ætti þessa háu stöðu í vændum var hann aldrei hranalegur, ósveigjanlegur eða kröfuharður. Hann var ekki harðstjóri sem minnti lærisveinana stöðugt á að þeir ættu að hlýða sér. Hann var ástríkur og samúðarfullur, sérstaklega í garð hinna niðurbeygðu. Hann sagði: „Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“ (Matteus 11:28-30) Það var ánægjulegt að vera í návist hans.

¹³ Eiginmaður, sem vill að fjölskyldan sé hamingjusöm, ætti að gefa gaum að góðum eiginleikum Jesú. Góður eiginmaður er ekki hranalegur harðstjóri sem misbeitir valdi sínu og kúgar konuna heldur elskar hann hana og virðir. Jesús var „af hjarta lítillátur“. Eiginmaður hefur enn ríkari ástæðu til að

12. Hvernig gaf Jesús gott fordæmi í því að sýna undirgefni og fara með forystu?

13, 14. Hvernig getur eiginmaður líkt eftir fordæmi Jesú þegar hann fer með forystuhlutverkið?

vera lítillátur því að hann gerir mistök ólíkt Jesú. Þegar hann gerir mistök vill hann að eiginkonan sýni honum skilning. Auðmjúkur eigenmaður viðurkennir því mistök sín þótt það geti verið erfitt fyrir hann að segja: „Fyrirgefðu, þú hafðir rétt fyrir þér.“ Það er mun auðveldara fyrir eiginkonu að virða forystu eigenmanns sem er hógvær og auðmjúkur en þess sem er stoltur og þrjóskur. Góð eiginkona biðst líka afsökunar þegar henni verða á mistök.

¹⁴ Guð áskapaði konunni góða eiginleika sem hún getur notað til að stuðla að farsælu hjónabandi. Vitur eigenmaður gerir sér grein fyrir þessu og kúgar ekki konu sína. Konur eru oft umhyggjusamari og næmari en karlar sem er mikilvægt til að annast fjölskyldu og hlúa að mannlegum samskiptum. Þær eru yfirleitt mjög duglegar að gera heimilið notalegt. Væna konan, sem lýst er í 31. kafla Orðskviðanna, var mjög hæfileikarík og hafði marga góða eiginleika. Fjölskylda hennar naut góðs af vegna þess að „hjarta manns hennar treysti henni“. — Orðskviðirnir 31:10, 11.

¹⁵ Í sumum menningarsamfélögum er lögð of mikil áhersla á forystu eigenmannsins og það er jafnvel talin óvirðing að spyrja hann spurninga. Ef til vill kemur hann fram við konuna næstum eins og þræl. Slík misbeiting á húsbóndavaldinu stuðlar bæði að slæmu sambandi við eiginkonuna og Guð. (Samanber 1. Jóhannesarbréf 4:20, 21.) Sumir eigenmenn taka hins vegar ekki forystuna heldur láta eiginkonuna stjórna heimilinu. Eigenmaður, sem sýnir Kristi viðeigandi undirgefni, notfærir sér hvorki konuna né rænir hana sjálfsvirðingunni. Hann líkir

15. Hvernig getur eigenmaður sýnt eiginkonunni ást og virðingu?

eftir óeigingjörnum kærleika Jesú og fylgir leiðbeiningum Páls: „Þér menn, elskið konur yðar eins og Kristur elskaði kirkjuna og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir hana.“ (Efesusbréfið 5:25) Jesús elskaði fylgjendur sína svo heitt að hann gaf líf sitt fyrir þá. Góður eiginmaður leggur sig fram um að sýna sömu óeigingirni og reynir að gera konunni gott í stað þess að ætlast til of mikils af henni. Ef eiginmaðurinn er undirgefinn Kristi og sýnir konu sinni ást og virðingu langar hana til að vera honum undirgefin. — Efesusbréfið 5:28, 29, 33.

UNDIRGEFIN EIGINKONA

¹⁶ Nokkru eftir sköpun Adams sagði Jehóva: „Eigi er það gott, að maðurinn sé einsamall. Ég vil gjöra honum meðhjálp við hans hæfi.“ (1. Mósebók 2:18) Guð skapaði Evu sem „meðhjálp“ en ekki keppinaut. Hjónabandið átti ekki að vera eins og skip með tvo skipstjóra sem keppast um yfirráðin. Eiginmaðurinn átti að fara með kærleiksríka forystu og eiginkonan átti að sýna ást, virðingu og fúsa undirgefni.

¹⁷ En góð eiginkona er ekki bara undirgefin. Hún reynir einnig að vera „meðhjálp“ eiginmannsins með því að styðja ákvarðanir hans. Auðvitað er það auðveldara ef hún er sammála honum. En jafnvel þótt svo sé ekki getur stuðningur hennar orðið til þess að ákvörðun hans fái betri framgang.

¹⁸ Eiginkonan getur hjálpað manningnum á fleiri vegu að leysa forystuhlutverkið vel af hendi. Í stað þess að gagnrýna hann eða láta honum finnast eins

16. Hvaða eiginleika á kona að sýna í samskiptum við manninn sinn?

17, 18. Hvernig getur eiginkona verið manni sínum góð með hjálpi?

og hann geri aldrei nógu vel við hana getur hún sagt honum hve þakklát hún sé fyrir forystu hans. Í samskiptum sínum við hann ætti hún að muna að hógvær og kyrrlátur andi er ekki bara dýrmætur í augum hans heldur einnig „í augum Guðs“. (1. Pétursbréf 3:3, 4; Kólossubréfið 3:12) En hvað ætti hún að gera ef eiginmaðurinn er ekki í trúnni? Hvort sem hann er í trúnni eða ekki segir Biblían eiginkonum að „elska menn sína og börn, vera hóglátar, skírlífar, heimilisræknar, góðlátar og eiginmönnum sínum undirgefna, til þess að orði Guðs verði ekki lastmælt“. (Títusarbréfið 2:4, 5) Komi eitthvað upp, sem eiginkonan vill ekki taka þátt í samviskunna vegna, eru meiri líkur á að vantrúaður eiginmaður virði afstöðu hennar ef hún skýrir hana „með hógværd og virðingu“. Sumir vantrúaðir eiginmenn vinnast „orðalaust við hegðun kvenna sinna, þegar þeir sjá [þeirra] grandvöru og skírlífu hegðun“. — 1. Pétursbréf 3:1, 2, 15, 16; 1. Korintubréf 7:13-16.

¹⁹ En hvað ætti kona að gera ef eiginmaðurinn biður hana að gera eitthvað sem Guð bannar? Ef sú staða kemur upp verður hún að muna að Guð er æðsti yfirboðari hennar. Hún líkir eftir því sem postularnir gerðu þegar yfirvöld fyrirskipuðu þeim að brjóta lög Guðs. Í Postulasögunni 5:29 segir: „Pétur og hinir postularnir svöruðu: ‚Framar ber að hlýða Guði en mönnum.‘“

GÓÐ TJÁSKIPTI

²⁰ Hjón þurfa einnig að sýna ást og virðingu í tjáskiptum hvort við annað. Ástríkur eiginmaður talar

19. Hvað gerir eiginkona ef maðurinn hennar ætlast til að hún brjóti lög Guðs?

20. Á hvaða sviði er nauðsynlegt að sýna ást og virðingu?

við konuna um störf hennar, vandamál og skoðanir á ýmsum málum. Hún þarf á því að halda. Eiginmaðurinn sýnir henni ást og virðingu með því að gefa sér tíma til að tala við hana og hlusta vel á það sem hún segir. (Jakobsbréfið 1:19) Sumar konur kvarta undan því að eiginmenn þeirra tali lítið við þær. Það er sorglegt. Auðvitað hafa flestir mikið að gera nú á dögum. Eiginmenn vinna kannski langan vinnudag utan heimilisins og sumar eiginkonur þurfa að vinna úti af fjárhagsástæðum. En hjón þurfa að taka frá tíma til að vera saman. Annars gætu þau fjarlægst hvort annað. Ef þeim finnst þau tilneydd að leita eftir skilningi og vináttu fyrir utan hjónabandið gæti það leitt til alvarlegra vandamála.

²¹ Það skiptir máli hvernig hjón tala saman. „Vingjarnleg orð eru . . . sæt fyrir sálina, lækning fyrir beinin.“ (Orðskviðirnir 16:24) Hvort sem makinn er í trúnni eða ekki hvetur Biblían: „Mál yðar sé ætíð ljúflegt, en salti kryddað,“ það er að segja smekklegt og viðeigandi. (Kólossubréfið 4:6) Þegar annað hjónanna hefur átt erfiðan dag geta nokkur vingjarnleg orð frá hinu haft mikið að segja. „Gullepli í skrautlegum silfurskálum — svo eru orð í tíma töluð.“ (Orðskviðirnir 25:11) Tónninn og orðavalið skipta miklu máli. Það væri til dæmis hægt að segja ergilega og í skipunartón: „Lokaðu dyrunum!“ En ef orðin eiga að vera salti krydduð væri betra að segja á rólegan og yfirvegaðan hátt: „Gætirðu lokað dyrunum fyrir mig?“

²² Ljúf orð, hlýlegt látbragð eða augnatillit, góðvild, skilningur og blíða örvar góð tjáskipti. Ef hjón-

21. Hvernig getum við stuðlað að hamingju í hjónabandinu með tali okkar?

22. Hvaða viðhorf þurfa hjón að hafa til að tjáskiptin séu góð?

in vinna að því að viðhalda góðum tjáskiptum verður auðveldara fyrir þau að tala opinskátt um tilfinningar sínar og þarfir. Það auðveldar þeim að hjálpa hvort öðru að glíma við vonbrigði og álag. Orð Guðs hvetur okkur til að hughreysta hvert annað. (1. Þessaloníkubréf 5:14) Eiginmaðurinn getur orðið niðurdreginn á köflum og eiginkonan líka. Þá geta þau hughreyst og styrkt hvort annað. — Rómverjabréfið 15:2.

²³ Hjón, sem elska og virða hvort annað, líta ekki á allan ágreining sem stórvandamál. Þau leggja sig fram um að vera ekki ‚beisk‘ hvort við annað. (Kólossubréfið 3:19) Bæði ættu að hafa hugfast að „mjúklegt andsvar stöðvar bræði“. (Orðskviðirnir 15:1) Gættu þess að fordæma ekki maka þinn eða gera lítið úr honum ef hann úthellir hjarta sínu fyrir þér. Líttu frekar á það sem tækifæri til að skilja sjónarmið hans. Reynið að leysa saman úr ágreiningsmálum og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

²⁴ Manstu þegar Sara hvatti Abraham til að leysa ákveðið vandamál á vissan hátt? Honum leist ekki á tillöguna en Guð sagði við hann: „Hlýð þú Söru.“ (1. Mósebók 21:9-12) Abraham gerði það og hlaut blessun fyrir. Eins ætti eiginmaður að minnsta kosti að hlusta á eiginkonu sína þótt hún hafi aðra lausn í huga en hann. Konan verður samt að gæta þess að einoka ekki samræðurnar heldur hlusta á það sem eiginmaðurinn hefur að segja. (Orðskviðirnir 25:24) Ef annað hvort hjónanna heimtar alltaf að fá sínum vilja framgengt er það merki um kærleiks- og virðingarleysi.

23, 24. Hvernig getur kærleikur og virðing hjálpað hjónum þegar ágreiningur kemur upp? Nefndu dæmi.

²⁵ Góð tjáskipti eru líka mikilvæg í kynlífi hjónanna. Eigingirni og skortur á sjálfstjórn geta skaðað alvarlega þetta nána samband. Polinmæði og opin-ská og heiðarleg skoðanaskipti eru nauðsynleg. Þegar báðir aðilar sýna óeigingirni og hafa velferð hins í huga er kynlíf sjaldan alvarlegt vandamál. Í þessu máli og öðrum ættu hjónin ekki að hyggja að eigin hag heldur hag makans. — 1. Korintubréf 7:3-5; 10:24.

²⁶ Orð Guðs gefur okkur einstaklega góðar leiðbeiningar. Auðvitað skiptast á skin og skúrir í hverju hjónabandi. En ef hjónin tileinka sér viðhorf Jehóva eins og þeim er lýst í Biblíunni og byggja samband sitt á ást og virðingu eru allar líkur á að hjónabandið verði varanlegt og hamingjuríkt. Þannig virða þau ekki aðeins hvort annað heldur líka höfund hjónabandsins, Jehóva Guð.

25. Hvernig stuðla góð tjáskipti að hamingju í samlífi hjóna?

26. Hvernig njóta hjón góðs af því að hlýða á orð Guðs?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ HJÓNUM AÐ BYGGJA UPP
TRAUST OG HAMINGJURÍKT HJÓNABAND?**

Sannkristnir menn elska hver annan.

— Jóhannes 13:35.

Kristnir menn eru fúsir til að fyrirgefa hver öðrum.

— Kólossubréfið 3:13.

Biblían gefur ákveðin fyrirmæli um forystu.

— 1. Korintubréf 11:3.

Rétt orð á réttum tíma eru mikilvæg.

— Orðskviðirnir 25:11.

Að halda heimili

MARGT er að breytast nú á dögum, sérstaklega í tengslum við fjölskyldulífið. Það sem var álit-
ið eðlilegt eða hefðbundið fyrir 40 til 50 árum telst óviðunandi núna. Af þessum sökum getur verið erfitt að halda heimili. En það er hægt ef farið er eftir leiðbeiningum Biblíunnar.

LIFIÐ EKKI UM EFNI FRAM

² Margir sætta sig ekki lengur við að lifa einföldu lífi sem snýst aðallega um fjölskylduna. Viðskiptaheimurinn framleiðir sífellt fleiri vörur og notar lúmska auglýsingatækni til að freista fólks. Milljónir foreldra vinna langan vinnudag til að geta keypt þessar vörur. Aðrar milljónir vinna baki brotnu svo að fjölskyldan hafi til hnífs og skeiðar. Til að eiga fyrir nauðpurftum þarf þetta fólk að vinna mun lengri vinnudag en gert var áður fyrr og jafnvel á tveimur vinnustöðum. Aðrir myndu telja sig sæla að fá vinnu því að atvinnuleysi er víða orðið algengt. Já, líf nútímafjölskyldu er ekki alltaf auðvelt en meginreglur Biblíunnar geta hjálpað fjölskyldum að gera sitt besta miðað við aðstæður.

³ Páll postuli dró mikilvægan lærdóm af fjárhags-erfiðleikum sem hann átti við að glíma. Hann sagði

1. Af hverju getur verið erfitt að halda heimili nú á dögum?
2. Hvaða fjárhagsaðstæður geta valdið álagi innan fjölskyldunnar?
3. Hvaða meginreglu setti Páll postuli fram og hvernig getur hún hjálpað okkur að halda heimili?

í bréfi til Tímóteusar, vinar síns: „Ekkert höfum vér inn í heiminn flutt og ekki getum vér heldur flutt neitt út þaðan. Ef vér höfum fæði og klæði, þá látum oss það nægja.“ (1. Tímóteusarbréf 6:7, 8) Auðvitað er ekki nóg fyrir fjölskyldur að hafa aðeins fæði og klæði. Þær þurfa líka þak yfir höfuðið, börnin þurfa menntun og greiða þarf ýmsan sjúkrakostnað og önnur útgjöld. En samt á meginreglan í orðum Páls fyllilega við. Lífið verður mun auðveldara ef við látum okkur nægja að uppfylla *þarfir* okkar en ekki *langanir*.

⁴ Við finnum aðra góða meginreglu í einni af líkingum Jesú. Hann sagði: „Hver yðar sest ekki fyrst við, ef hann ætlar að reisa turn, og reiknar kostnaðinn, hvort hann eigi nóg til að ljúka verkinu?“ (Lúkas 14:28) Jesús er að hvetja fólk til að sýna fyrirhyggju og hugsa málin til enda. Við sáum fyrr í bókinni hvernig þessi meginregla hjálpar ungu fólki í giftingarhugleiðingum. Eftir brúðkaupið getur hún líka hjálpað hjónum að halda heimili. Fyrirhyggja á þessu sviði felur í sér að gera fjárhagsáætlun og skipuleggja fram í tímann svo að hægt sé að nýta alla möguleika á sem bestan hátt. Þannig getur fjölskyldan stjórnað útgjöldum, lagt peninga til hliðar daglega eða vikulega fyrir nauðsynjum og gætt þess að lifa ekki um efni fram.

⁵ Í sumum löndum útheimtir þetta að fólk noti kreditkort sparlega og freistist ekki til að taka lán með háum vöxtum til að kaupa óþarfa hluti. (Orðskviðirnir 22:7) Það getur líka verið nauðsynlegt að kaupa ekki hluti í fljótfærni án þess að hugsa um

4, 5. Hvernig hjálpar fyrirhyggja og skipulagning fólk við heimilishaldið?

afleiðingarnar eða vega og meta hvort maður þurfi á þeim að halda. Þegar fjárhagsáætlun er gerð kemur einnig skýrt í ljós að fjárhættuspil, tóbaksreykingar og ofdrykkja skaðar fjárhag fjölskyldunnar auk þess sem það brýtur í bága við meginreglur Biblíunnar. — Orðskviðirnir 23:20, 21, 29-35; Rómverjabréfið 6:19; Efesusbréfið 5:3-5.

⁶ En hvað um þá sem eiga ekki annarra kosta völen að búa við fátækt? Í fyrsta lagi geta þeir leitað huggunar í því að þetta alþjóðlega vandamál er aðeins tímabundið. Í nýja heiminum, sem er skammt undan, mun Jehóva útrýma fátækt og öllum öðrum vandamálum sem hrjá mannkynið. (Sálmur 72: 1, 12-16) En þangað til þurfa sannkristnir menn ekki að örvænta þótt þeir séu fátækir því að þeir treysta á loforð Jehóva: „Ég mun ekki sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig.“ Þess vegna geta þeir öruggir sagt: „Drottinn er minn hjálpari, eigi mun ég óttast.“ (Hebreabréfið 13:5, 6) Jehóva styður þjóna sína á þessum erfiðu tímum ef þeir lifa eftir meginreglum hans og setja ríki hans framar öðru í lífinu. (Matteus 6:33) Margir geta vitnað um það og tekið undir orð Páls postula: „Ég er fullreyndur orðinn í öllum hlutum, að vera mettur og hungraður, að hafa allsnægtir og líða skort. Allt megna ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir.“ — Filippíbréfið 4:12, 13.

HJÁLPIST AÐ

⁷ Undir lok þjónustu sinnar hér á jörð sagði Jesús: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan

6. Hvaða biblíusannindi geta hjálpað þeim sem búa við fátækt?

7. Hvaða orðum Jesú ættum við að fylgja til að auðvelda okkur að annast heimilið?



*Það er
sameiginlegt
verkefni
fjölskyldunnar
að halda
heimilinu hreinu.*

þig.“ (Matteus 22:39) Ef við fylgjum þessari meginreglu í fjölskyldunni verður auðveldara að annast heimilið. Nákomnasti náungi okkar er á heimilinu – eiginmaðurinn og eiginkonan, foreldrarnir og börnin. Hvernig getum við sýnt kærleika innan fjölskyldunnar?

⁸ Hver og einn getur sýnt kærleika með því að vinna sinn skerf af heimilisverkum. Börn ættu að læra að ganga frá fötum og leikföngum eftir sig. Það kostar smá tíma og fyrirhöfn að búa um rúmið á hverjum morgni en það gerir heimilisstörfin auð-

8. Hvernig er hægt að sýna kærleika innan fjölskyldunnar?

veldari. Auðvitað er óhjákvæmilegt að stundum verði svolítil óreiða á heimilinu en allir geta tekið þátt í því að halda heimilinu tiltölulega snyrtilegu og ganga frá eftir matinn. Leti, sjálfsdekur og neikvæðni hafa slæm áhrif á alla. (Orðskviðirnir 26: 14-16) Á hinn bóginn stuðlar jákvætt viðhorf og fúsleiki að farsælu fjölskyldulífi. „Guð elskar glaðan gjafara.“ – 2. Korintubréf 9:7.

⁹ Kærleikur og tillitsemi getur komið í veg fyrir ákveðið vandamál sem er nokkuð útbreitt. Það er gömul hefð fyrir því að húsmæður annist flestöll heimilisstörfin. Þær hafa sinnt börnunum, þrifið heimilið, þvegið þvottinn, keypt í matinn og eldað. Í sumum löndum er einnig venja að þær vinni á ökrunum, selji afurðir á mörkuðum eða drýgi tekjur heimilisins með öðrum hætti. Milljónir kvenna hafa þurft að fara út á vinnumarkaðinn, jafnvel á svæðum þar sem áður var ekki hefð fyrir því að giftar konur ynnu úti. Eiginkona og móðir, sem leggur sig kappsamlega fram á öllum þessum sviðum, á hrós skilið. Hún hefur í nógu að snúast eins og væna konan sem lýst er í Biblíunni og „etur ekki letinnar brauð“. (Orðskviðirnir 31:10, 27) Þetta þýðir samt ekki að enginn nema konan getið unnið heimilisstörfin. Ef bæði hjónin hafa unnið fullan vinnudag utan heimilisins, er þá sanngjarnt að konan ein beri hitann og þungann af heimilisverkunum á meðan eiginmaðurinn og aðrir í fjölskyldunni hvíla sig? Auðvitað ekki. (Samanber 2. Korintubréf 8:13, 14.) Tökum dæmi: Ef húsmóðirin ætlar að

9, 10. (a) Hvað hvílir oft á húsmæðrum og hvernig er hægt að létta undir með þeim? (b) Hvaða viðhorf ætti að hafa til heimilisverka?

elda matinn yrði hún örugglega þakklát ef hinir í fjölskyldunni hjálpuðu henni við undirbúninginn með því að leggja á borð, kaupa inn eða taka til á heimilinu. Já, allir geta lagt sitt af mörkum. — Samanber Galatabréfið 6:2.

¹⁰ Sumir segja kannski: Þar sem ég bý er það ekki í verkahring karlmannna að sinna þessum störfum. Það getur verið en er ekki gott að hugleiða málið aðeins? Þegar Jehóva Guð stofnaði fjölskylduna tók hann aldrei fram að ákveðin störf væru aðeins ætluð konum. Hinn trúfasti Abraham fékk einu sinni heimsókn frá sérstökum sendiboðum Jehóva og þá tók hann sjálfur þátt í að hafa til matinn fyrir gestina og bera hann á borð. (1. Mósebók 18:1-8) Biblían segir: „Eiginmennirnir [skulu] elska konur sínar eins og eigin líkami.“ (Efesusbréfið 5:28) Ef eiginmaðurinn er þreyttur í lok dagsins og langar til að hvíla sig, er þá ekki líklegt að eiginkonunni líði eins og hún sé jafnvel enn þreyttari? (1. Pétursbréf 3:7) Væri þá ekki viðeigandi og kærleiksríkt af eiginmanninum að taka þátt í heimilisstörfunum? — Filippíbréfið 2: 3, 4.

¹¹ Jesús er besta dæmið um mann sem hafði velpóknun Guðs og gladdi fólkið í kringum sig. Þótt hann hafi aldrei kvænst er hann góð fyrirmynd fyrir eiginmenn og einnig fyrir eiginkonur og börn. Hann sagði um sjálfan sig: „Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna.“ (Matteus 20:28) Það er yndislegt að tilheyra fjölskyldu þar sem allir hugsa þannig.

11. Á hvaða hátt var Jesús góð fyrirmynd fyrir alla í fjölskyldunni?

HREINT VATN, GÓÐ HEILSA

Hreinlætisaðstaða er bágborin víða um lönd og erfitt að verða sér úti um hreint vatn. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin veitir eftirfarandi ráðlegg-
ingar:

„Notið hrein ílát til að sækja vatn í og geyma það. Hafið lok á ílátinu og leyfið ekki börnum eða dýr-
um að drekka úr því. . . . Notið aðeins ausu með
löngu skafti til að taka vatn úr ílátinu og notið aus-
una ekki í neitt annað. Tæmið ílátið á hverjum degi
og þvoið það.

Sjóðið vatn sem á að nota til matar eða drykkjar
fyrir ung börn. . . . Vatnið þarf aðeins að sjóða í
nokkrar sekúndur.“

HREINLÆTI ER MIKILVÆGT

¹² Í 2. Korintubréfi 7:1 finnum við aðra megin-
reglu sem hjálpar okkur að halda heimili. Þar seg-
ir: „Hreinsum oss af allri saurgun á líkama og sál.“
Þeir sem hlýða þessum innblásnu orðum eru Je-
hóva þóknanlegir því að hann krefst tilbeiðslu sem
er „hrein og flekklaus“. (Jakobsbréfið 1:27) Auk
þess er þetta allri fjölskyldunni til góðs.

¹³ Biblían fullvissar okkur um að sá dagur komi
þegar veikindi og sjúkdómar heyra sögunni til. Þá
mun „enginn borgarbúi . . . segja: ‘Ég er sjúkur.’“
(Jesaja 33:24; Opinberunarbókin 21:4, 5) En þang-
að til þurfa allar fjölskyldur að glíma við veikindi af
og til. Páll og Tímóteus urðu jafnvel veikir. (Galata-
bréfið 4:13; 1. Tímóteusarbréf 5:23) Sérfræðingar
á sviði heilbrigðismála segja samt að hægt sé að

12. Hvers krefst Jehóva af þeim sem þjóna honum?

13. Af hverju er hreinlæti á heimilinu mikilvægt?

koma í veg fyrir margs konar veikindi. Skynsamur fjölskyldur komast hjá slíkum veikindum með því að halda sér hreinum á líkama og sál. Lítum nánar á málið. — Samanber Orðskviðina 22:3.

¹⁴ Hreinleiki á sál felur í sér siðferðilegan hreinleika. Eins og við vitum eru siðferðisstaðlar Biblíunnar háir og hún fordæmir hvers konar kynferðissambönd utan hjónabandsins. „Hvorki munu saurlífsmenn ... hórkarlar né kynvillingar ... Guðs ríki erfa.“ (1. Korintubréf 6:9, 10) Það skiptir miklu máli í siðspilltum heimi nútímans að kristnir menn fylgi þessum ströngu siðferðisreglum. Ef þeir gera það gleðja þeir Guð og geta verndað fjölskylduna fyrir kynsjúkdómum eins og alnæmi, sárasótt, lekanda og klamydíu. — Orðskviðirnir 7:10-23.

¹⁵ Það er líka hægt að vernda fjölskylduna fyrir öðrum veikindum með því að „hreinsa sig af allri saurgun á líkama“. Rekja má marga sjúkdóma til þess að fólk heldur líkamanum ekki hreinum. Tóbaksreykingar eru gott dæmi um það. Þær menga ekki aðeins lungun, fötin og loftið heldur eru þær líka heilsuspillandi. Milljónir deyja á ári hverju vegna tóbaksreykinga. Hugsaðu þér, þetta fólk hefði ekki þurft að veikjast og deyja fyrir aldur fram ef það hefði forðast þessa saurgun á líkamanum.

¹⁶ Tökum annað dæmi. Fyrir um 3500 árum gaf Guð Ísraelsmönnum lögmálið svo að þeir gætu

14. Hvernig getur hreinleiki á sál verndað fjölskyldur fyrir veikindum?

15. Nefndu dæmi um saurgun á líkamanum sem veldur óþörfum veikindum.

16, 17. (a) Hvaða lagaákvæði Jehóva verndaði Ísraelsmenn fyrir við sjúkdómum? (b) Hvernig má fylgja meginreglunni í 5. Mósebók 23:12, 13 á öllum heimilum?



*Hreinlæti
er ódýrara
en lyf.*

skipulagt tilbeiðsluna og daglegt líf að vissu marki. Lögmálið verndaði þjóðina gegn ýmsum sjúkdómum með nokkrum grundvallarreglum um hreinlæti. Í einu slíku lagaákvæði var tekið fram hvernig ætti að ganga frá saur. Hann átti að grafa fyrir utan herbúðirnar svo að svæðið, þar sem menn byggju, héldist ómengað. (5. Mósebók 23:12, 13) Þessi fornu lög eru enn þá góð og gild. Fólk veikist og deyr enn þann dag í dag vegna þess að það fylgir þeim ekki.*

* Í handbók frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er bent á hvernig forðast megi niðurgang, algengan sjúkdóm sem leiðir oft til barnadauda: „Ef enginn kamar er á svæðinu ætti fólk að hafa hægðir í hæfilegri fjarlægð frá húsinu. Gætið þess að það sé gert í að minnsta kosti 10 metra fjarlægð frá vatnsbólum og ekki nálægt leiksvæðum barna. Mokið yfir saurinn með mold.“

¹⁷ Í samræmi við þetta ákvæði Móselaganna ætti að halda baðherbergjum og salernum á heimilinu hreinum og sótthreinsuðum, hvort sem þau eru innandyra eða utan. Ef svæðið í kringum salernið er hvorki hreint né lokað af munu flugur sækja í það og dreifa sýklum um heimilið og í matinn. Börn og fullorðnir ættu alltaf að þvo sér um hendurnar eftir að hafa verið á salerninu. Annars bera þau bakteríur með sér á húðinni. Franskur læknir sagði að handaþvottur „væri enn þá ein besta leiðin til að koma í veg fyrir sýkingar í húð og meltingar- og öndunarvegi“.

¹⁸ Vissulega getur verið vandasamt að gæta fyllsta hreinlætis þar sem fátækt ríkir. Maður, sem þekkir til aðstæðna á slíkum stöðum, sagði: „Það er mun erfiðara að halda öllu hreinu í svona miklum hita. Sandstormar þekja hvern krók og kima hússins með fingerðu brúnu ryki. . . . Heilsuspillandi aðstæður skapast einnig þegar fólksfjölgun er ör í borgum og á vissum strjálbýlum svæðum. Algengt er að sjá opin holræsi, skítug almenningssalerni, hauga af uppsöfnuðu sorpi og rottur, kakkalakka og flugur sem bera með sér sjúkdóma.“

¹⁹ Við slíkar aðstæður er erfitt að halda heimilinu hreinu. En það er vel þess virði. Sápa, vatn og svolítill viðbótarvinna er ódýrara en lyf og læknskostnaður. Þeir sem búa á slíkum svæðum ættu að reyna eftir fremsta megni að halda heimilinu og garðinum hreinum og fjarlægja allan saur frá dýrum. Ef stígurinn að heimilinu verður oft forugur á rigningartímum gætirðu kannski borið mól eða

18, 19. Hvernig er hægt að halda heimilinu hreinu jafnvel þar sem fátækt ríkir?

steina í stíginn svo að óhreinindi berist ekki inn í húsið. Það gæti líka verið ráðlegt að fara úr skóm áður en farið er inn á heimilið. Gættu þess einnig að vatnsból heimilisins spillist ekki. Talið er að á hverju ári deyi að minnsta kosti tvær milljónir manna vegna sjúkdóma af völdum óhreins vatns eða skorts á hreinlæti.

²⁰ Allir eiga að taka þátt í því að halda heimilinu hreinu – móðirin, faðirinn, börnin og gestir. „Allir hafa lært að leggja sitt af mörkum,“ segir átta barna móðir í Keníu. Hreint heimili gefur góða mynd af allri fjölskyldunni. Spænskt máltæki segir: „Fátækt og hreinlæti stangast ekki á.“ Hreinlæti stuðlar að heilbrigðri fjölskyldu, hvort sem hún býr í hreysi eða höll.

HRÓS ER HVETJANDI

²¹ Þegar rætt er um væna eiginkonu í Orðskviðunum segir: „Synir hennar ganga fram og segja hana sæla, maður hennar gengur fram og hrósar henni.“ (Orðskviðirnir 31:28) Hvenær hrósaðir þú síðast einhverjum í fjölskyldunni? Við erum eins og plöntur á vorin sem blómstra um leið og þær fá vökvun og yl. Við þurfum að fá þann yl sem fylgir hlýlegu hrósi. Það er hvetjandi fyrir konu að vita að eiginmaðurinn kann að meta alúð hennar og erfiði og lítur ekki á hana sem sjálfsagðan hlut. (Orðskviðirnir 15:23; 25:11) Og það er ánægjulegt fyrir manninn þegar eiginkonan hrósar honum fyrir vinnuna sem hann sinnir utan sem innan

20. Hverjir eiga að taka þátt í því að halda heimilinu hreinu?

21. Hvað stuðlar að ánægjulegra fjölskyldulífi í samræmi við Orðskviðina 31:28?

heimilisins. Börnin blómstra líka þegar foreldrarnir hrósa þeim fyrir það sem þau gera á heimilinu, í skólanum eða söfnuðinum. Hrósi getur áorkað mjög miklu. Það kostar lítið að segja „takk“ en það skilar sér í ánægjulegra fjölskyldulífi.

²² Það eru margar ástæður fyrir því að ekki er auðvelt að halda heimili en það er engu að síður hægt að gera það vel. „Fyrir speki verður hús reist, og fyrir hyggni verður það staðfast,“ segir í Orðskviðunum 24:3. Fjölskyldan sýnir speki og hyggni ef allir leggja sig fram um að læra hver vilji Guðs er og fara eftir honum í lífinu. Það er sannarlega þessi virði því það stuðlar að hamingju í fjölskyldulífinu.

22. Hvað þarf til að byggja upp hamingjusama fjölskyldu og hvernig er hægt að vinna að því?

HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FJÖLSKYLDUM AÐ HALDA HEIMILI?

Það er skynsamlegt að vera nægjusamur.

— 1. Tímóteusarbréf 6:7, 8.

Jehóva yfirgefur ekki þjóna sína.

— Hebreabréfið 13:5, 6.

Kristnir menn eiga að sýna hver öðrum kærleika. — Matteus 22:39.

Kristnir menn halda sér hreinum á líkama og sál. — 2. Korintubréf 7:1.

Kenndu barninu frá unga aldri

„**S**YNIR eru gjöf frá Drottni,“ sagði þakklátur faðir fyrir um 3000 árum. (Sálmur 127:3) Já, gleðin sem fylgir því að eignast barn er gjöf frá Guði og flest hjón geta orðið þeirrar gleði aðnjótandi. En þeir sem eiga börn gera sér fljótt grein fyrir því að gleðinni fylgir ábyrgð.

² Það er ekkert áhlaupaverk að ala upp börn nú á dögum. Mörgum hefur samt tekist vel til og innblásin orð sálmaritarans segja okkur hvers vegna: „Ef Drottinn byggir ekki húsið, erfiða smiðirnir til ónýtis.“ (Sálmur 127:1) Því betur sem þú fylgir leiðbeiningum Jehóva, þeim mun betra foreldri verður þú. Biblían segir: „Treystu Drottni af öllu hjarta, en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit.“ (Orðskviðirnir 3:5) Ertu fús til að hlusta á leiðbeiningar Jehóva þegar þú leggur út í þetta 20 ára uppeldisstarf?

VIÐURKENNDU SJÓNARMÍÐ BIBLÍUNNAR

³ Það er algengt viðhorf karlmanna víða um heim að barnauppleldi sé aðallega í verkahring kvenna. Vissulega bendir orð Guðs á að faðirinn eigi að vera aðalfyrirvinnan en hún segir líka að hann hafi skyldum að gegna á heimilinu. Biblían segir: „Annastu verk þitt utan húss og ljúk því á akrinum, síðan getur þú byggt hús þitt“, það er að segja sinnt

1. 2. Hvar ættu foreldrar að leita leiðsagnar um barnauppleldi?
3. Hvaða ábyrgð bera feður á uppleldi barnanna?

heimilinu. (Orðskviðirnir 24:27) Í augum Guðs er barnauppeldið sameiginlegt verkefni foreldranna. – Orðskviðirnir 1:8, 9.

⁴ Hvernig líturðu á börnin þín? Bent hefur verið á að „stúlkubörnum sé oft tekið með litlum fögnuði“ í Asíu. Og í Rómönsku Ameríku er það enn þekkt að stúlkur séu minna metnar en drengir, meira að segja meðal „frekar upplýstra fjölskyldna“. En stúlkur eru ekki annars flokks börn. Þegar Jakob, nafnkunnur faðir til forna, talaði um börnin sín, þar á meðal dæturnar, kallaði hann þau „börnin sem Guð hafði af náð sinni gefið honum“. (1. Mósebók 33:1-5; 37:35) Jesús blessaði líka öll börn (drengi og stúlkur) sem færð voru til hans. (Matteus 19:13-15) Við getum verið viss um að hann endurspeglaði viðhorf Jehóva. – 5. Mósebók 16:14.

⁵ Í sumum samfélögum er ætlast til þess að konur eignist eins mörg börn og þær mögulega geta. Auðvitað ráða hjón því sjálf hvað þau eignast mörg börn. En hvað er til ráða ef foreldrar hafa ekki efni á að fæða, klæða og mennta mörg börn? Hjón ættu að taka það með í reikninginn þegar þau ákveða barnafjöldann. Sum hjón fela ættingjum þá ábyrgð að ala upp nokkur barnanna ef þau geta ekki séð fyrir þeim öllum sjálf. Er það æskilegt? Nei, reyndar ekki. Það leysir ekki foreldra undan ábyrgð sinni gagnvart börnunum. Biblían segir: „Ef einhver sér eigi fyrir sínum, sérstaklega heimilismönnum, þá hefur hann afneitað trúnni.“ (1. Tímóteusarbréf 5:8) Ábyrg hjón reyna að skipuleggja fyrir fram

4. Af hverju ætti ekki að meta sveinbörn meir en stúlkubörn?
5. Hvað ættu hjón að hafa í huga þegar þau ákveða hvað þau ætla að eignast mörg börn?

hvað þau ætla að eignast mörg börn svo að þau geti „séð fyrir sínum“. Ef þau kjósa að nota getnaðarvarnir er það persónuleg ákvörðun þeirra og ef þau velja þann kost ráða þau einnig hvers konar getnaðarvarnir þau nota. „Sérhver mun verða að bera sína byrði.“ (Galatabréfið 6:5) En getnaðarvörn, sem er fólgin í föstureyðingu af einhverju tagi, stangast á við meginreglur Biblíunnar. Jehóva Guð er „uppspretta lífsins“. (Sálmur 36:10) Að eyða lífi eftir að það hefur verið getið lýsir gríðarlegri vanvirðingu við Jehóva og jafnast á við morð. – 2. Mósebók 21:22, 23; Sálmur 139:16; Jeremía 1:5.

AD SINNA ÞÖRFUM BARNANNA

⁶ Orðskviðirnir 22:6 segja: „Fræð þú sveininn um veginn, sem hann á að halda.“ Foreldrum ber skylda til að fræða börnin og þeir ættu að byrja fræðsluna mjög snemma. Páll postuli segir að Tímóteus hafi fengið fræðslu „frá blautu barnsbeini“. (2. Tímóteusarbréf 3:15) Gríska orðið, sem hér er notað, getur lýst mjög ungu barni eða jafnvel ófæddu. (Lúkas 1:41, 44; Postulasagan 7:18-20) Tímóteus fékk því kennslu frá unga aldri enda er það besti tíminn til að byrja að kenna börnunum. Smábörn hungrar meira að segja í þekkingu.

⁷ „Ég fékk mikla ást á barninu mínu þegar ég sá það í fyrsta skipti,“ sagði móðir nokkur. Það gera flestar mæður. Þessi fallegu tengsl styrkjast síðan þegar barnið þroskast og móðir og barn eru

6. Hvenær ætti að byrja að kenna börnunum?

7. (a) Hvers vegna er mikilvægt að báðir foreldrar myndi náin tengsl við barnið? (b) Hvernig var sambandið milli Jehóva og eingetins sonar hans?

meira saman. Brjóstagið styrkir einnig tengslin. (Samanber Sálms 22:10) Til að uppfylla tilfinningaþarfir barnsins er nauðsynlegt að móðirin gæli við það og tali við það. (Samanber Jesaja 66:12.) En hvað með föðurinn? Hann ætti einnig að tengjast barninu náð. Jehóva er gott dæmi um þetta. Í Orðskviðunum getum við lesið um samskipti hans við eingetinn son sinn. Þar eru Jesú lögð þessi orð í munn: „Drottinn skóp mig í upphafi vega sinna. . . . Ég var yndi hans dag hvern.“ (Orðskviðirnir 8: 22, 30; Jóhannes 1:14) Þannig ætti góður faðir að mynda hlýlegt og kærleiksríkt samband við barn sitt frá upphafi. „Sýnið mikla væntumþykju,“ segir faðir nokkur. „Börn fá aldrei of mikið af faðmlögum og kossum.“

⁸ En börn þurfa meira. Frá því að þau fæðast er heilinn tilbúinn til að taka við upplýsingum og geyma þær, og þessar upplýsingar koma fyrst og fremst frá foreldrunum. Tökum tungumálið sem dæmi. Fræðimenn segja að „líklega hafi samskipti foreldra við börnin fyrstu árin“ mikil áhrif á það hversu vel börn læra að tala og lesa. Talaðu við barnið frá unga aldri og lestu fyrir það. Fljótlega fer það að herma eftir þér og áður en langt um liður verður þú farinn að kenna því að lesa. Líklega verður það orðið læst áður en það byrjar í skóla. Þetta kemur sér sérstaklega vel í löndum þar sem kennarar eru fáir og bekkir fjölmennir.

⁹ Kristnum foreldrum er fyrst og fremst umhugað um að sinna trúarþörf barnanna. (Sjá 5. Mósebók 8:3.) Markmið þeirra ætti að vera að hjálpa barn-

8. Hvernig geta foreldrar örvað huga barnanna eins fljótt og mögulegt er?

9. Hvaða markmið ættu foreldrar að hafa ofarlega í huga?

inu að tileinka sér kristinn persónuleika, að íklæðast „hinum nýja manni“ ef svo má að orði komast. (Efesusbréfið 4:24) Til þess þurfa þeir að velja rétt „byggingarefni“ og nota réttar „byggingaraðferðir“.

BRÝNDU SANNLEIKANN FYRIR BARNINU

¹⁰ Gæði byggingar eru að miklu leyti komin undir byggingarefninu. Páll postuli sagði að best væri að byggja kristinn persónuleika úr „gulli, silfri og dýrum steinum“. (1. Korintubréf 3:10-12) Þessir málmar tákna eiginleika eins og trú, visku, hyggindi, trúfesti og virðingu og mætur á Jehóva og lögum hans. (Sálmur 19:8-12; Orðskviðirnir 2:1-6; 3:13, 14) Hvernig geta foreldrar hjálpað börnunum að temja sér þessa eiginleika frá unga aldri? Með því að fylgja aðferð sem lýst var endur fyrir löngu.

¹¹ Stuttu áður en Ísraelsþjóðin hélt inn í fyrirheitna landið sagði Jehóva ísraelskum foreldrum: „Þessi orð, sem ég legg fyrir þig í dag, skulu vera þér hugföst. Þú skalt brýna þau fyrir börnum þínum og tala um þau, þegar þú ert heima og þegar þú ert á ferðalagi, þegar þú leggst til hvíldar og þegar þú fer á fætur.“ (5. Mósebók 6:6, 7) Já, foreldrar þurfa að vera góð fyrirmynd barnsins og félagar þess, tala við það og kenna því.

¹² Vertu góð fyrirmynd. Jehóva sagði fyrst: „Þessi orð . . . skulu vera þér hugföst“, og síðan: „Þú skalt brýna þau fyrir börnum þínum.“ Foreldrar verða því fyrst að temja sér guðrækni sjálfir. Þeir verða að elska sannleikann og lifa í samræmi við hann.

10. Hvaða eiginleika þurfa börn að temja sér?

11. Hvernig hjálpuðu ísraelskir foreldrar börnunum að temja sér góða eiginleika?

12. Hvers vegna þurfa foreldrar að vera góð fyrirmynd?

Það er eina leiðin til að ná til hjarta barnsins. (Orðskviðirnir 20:7) Hvers vegna? Vegna þess að börn verða fyrir meiri áhrifum af því sem þau sjá en því sem þau heyra. — Lúkas 6:40; 1. Korintubréf 11:1.

¹³ *Vertu félagi barnsins.* Jehóva sagði foreldrum í Ísrael að tala við börnin bæði heima og á ferðalögum. Þetta krefst þess að foreldrar verji tíma með börnunum sama hversu uppteknir þeir eru. Jesús áleit greinilega að börn væru verð tíma hans og athygli. Undir lok þjónustu hans á jörðinni „færðu [menn] börn til hans, að hann snerti þau“. Hver voru viðbrögð hans? „Hann tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.“ (Markús 10: 13, 16) Jesús vissi að hann átti skammt eftir ólifað. Samt sem áður gaf hann sér tíma til að vera með börnum og sinna þeim. Hann er svo sannarlega góð fyrirmynd fyrir okkur.

¹⁴ *Talaðu við barnið.* Ef þú verð tíma með barninu áttu auðveldara með að tala við það og ná til þess. Því meira sem þið talið saman, þeim mun betur geturðu séð hvernig persónuleiki þess mótast. Mundu að til að ná til barnsins er ekki nóg að tala við það. „Ég þurfti að læra að hlusta,“ segir móðir í Brasilíu, „hlusta með hjartanu.“ Þolinmæði hennar bar árangur þegar sonur hennar fór að trúa henni fyrir tilfinningum sínum.

¹⁵ Börn þurfa tíma til „að hlæja“ og „leika sér“. (Prédikarinn 3:1, 4; Sakaríá 8:5) Afþreying hefur

13. Hvernig geta kristnir foreldrar líkt eftir Jesú þegar þeir sinna börnunum?

14. Af hverju er gagnlegt fyrir foreldra að verja tíma með barninu sínu?

15. Hvað þarf að hafa í huga í sambandi við afþreyingu?



*Foreldrar, verið góð
fyrirmynd barnanna og
félagar þeirra, talið við
þau og kennið þeim.*

mjög góð áhrif ef foreldrar og börn njóta hennar saman. Það er sorglegt að á mörgum heimilum skuli afþreying aðallega felast í því að horfa á sjónvarpið. Þótt sumir sjónvarpsþættir geti verið skemmtilegir grafa margir undan góðum siðferðisgildum og sjónvarpið getur auk þess dregið úr samskiptum innan fjölskyldunnar. Þess vegna væri tilvalið að gera eitthvað skapandi með börnunum eins og til dæmis að syngja, fara í leiki, hitta vini eða fara á skemmtilega staði. Slík afþreying lifgar upp á samskiptin.

¹⁶ *Vertu kennari.* Jehóva sagði: „Þú skalt brýna [þessi orð] fyrir börnum þínum.“ Samhengið segir okkur *hvað* átti að kenna og *hvernig*. Í fyrsta lagi segir: „Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.“ (5. Mósebók 6:5) Í öðru lagi segir: „Þú skalt brýna [þessi orð] fyrir börnum þínum.“ Veittu kennslu sem miðar að því að börnin læri að elska Jehóva og boðorð hans af heilum hug. (Samanber Hebreabréfið 8:10.) Til að „brýna“ eitthvað fyrir einhverjum getur þurft að ítreka það aftur og aftur. Jehóva er því í rauninni að segja þér að tala um sig á reglulegum grundvelli því að það sé helsta leiðin til að hjálpa börnunum að tileinka sér kristinn persónuleika. Þetta felur í sér að hafa *reglubundnar* námsstundir til að fræða börnin um Biblíuna.

¹⁷ Flestir foreldrar vita að það er ekki auðvelt að láta fræðsluna ná til hjartans. Pétur postuli hvatti trúsystkini sín: „Sækist eins og nýfædd börn eftir hinni andlegu, ósviknu mjólk.“ (1. Pétursbréf 2:2) Hvatningin að „*sækjast eftir*“ gefur til kynna að mörgum er ekki meðfætt að hungra eftir andlegri fæðu. Foreldrar þurfa að finna leiðir til að vekja þessa löngun með börnunum.

¹⁸ Jesús náði til hjartna fólks með því að nota dæmisögur. (Markús 13:34; Lúkas 10:29-37) Þessi kennsluaðferð er sérstaklega árangursrík þegar verið er að kenna börnum. Kenndu biblíusannindi með

16. Hvað ættu foreldrar að kenna börnunum um Jehóva og hvernig ættu þeir að gera það?

17. Hvaða löngun gætu foreldrar þurft að vekja með börnunum? Hvers vegna?

18. Hvaða kennsluaðferðir notaði Jesús sem foreldrar eru hvattir til að beita?

því að nota hrífandi og áhugaverðar sögur, til dæmis í bókunum *Bíblíusögubókin mín* og *Lærum af kennaranum mikla*.^{*} Fáðu börnin til að vera þátttakendur. Leyfðu þeim að beita sköpunargáfunni með því að teikna eða leika bíblíuatburði. Jesús notaði líka spurningar. (Matteus 17:24-27) Beittu þeirri aðferð í fjölskyldunáminu. Í stað þess að segja einfaldlega hver lög Guðs eru gætirðu spurt spurninga eins og: Hvers vegna gaf Jehóva okkur þetta boðorð? Hvað gerist ef við fylgjum því? Hvað gerist ef við fylgjum því ekki? Spurningar sem þessar hjálpa barninu að rökhugsa og sjá að lög Guðs eru skynsamleg og góð. — 5. Mósebók 10:13.

¹⁹ Þú getur hjálpað barninu að eignast náíð samband við Jehóva Guð frá unga aldri með því að vera góð fyrirmynd, vera félagi barnsins, tala við það og kenna því. Þetta samband verður til þess að barnið verður stolt af því að vera kristinn einstaklingur. Það mun reyna að breyta samkvæmt trú sinni jafnvel þótt það mæti hópþrýstingi og freistingum. Minntu barnið sífellt á að meta þetta dýrmæta samband að verðleikum. — Orðskviðirnir 27:11.

AGI ER NAUDSYNLEGUR

²⁰ Agi er kennsla sem leiðréttir hugann og hjartað. Börn þurfa stöðugan aga. Páll ráðleggur feðrum að ala börnin upp „með aga og umvöndun Drottins“. (Efesusbréfið 6:4) Foreldrar ættu að aga

^{*} Gefnar úr af Vottum Jehóva.

19. Hvaða hag hafa börnin af því að foreldrarnir fylgi meginreglum Bíblíunnar í barnaupeldinu?

20. Hvað er agi og hvernig á að aga?

í kærleika eins og Jehóva gerir. (Hebreabréfið 12:4-11) Hægt er að veita kærleiksríkan aga með rök-ræðum. Þess vegna er okkur sagt að „hlýða á aga“. (Orðskviðirnir 8:33) Hvernig á að veita aga?

²¹ Sumir foreldrar halda að agi felist aðeins í því að tala við börnin í hótunartón, skamma þau eða jafnvel niðurlægja. En þegar Páll ræddi um þessi mál sagði hann í viðvörunartón: „Þér feður, reitið ekki börn yðar til reiði.“ (Efesusbréfið 6:4) Kristnir menn eru hvattir til að vera „ljúfir við alla og hógværir er þeir aga þá sem skipast í móti“. (2. Tímóteusarbréf 2:24, 25) Þótt foreldrar þurfi að sýna festu ættu þeir samt að hafa þessi orð í huga þegar þeir aga börnin. En stundum duga rök-ræður ekki og nauðsynlegt getur verið að beita einhvers konar refsingu. — Orðskviðirnir 22:15.

²² Börn eru ólík og geta þurft ólíkan aga. Sumum börnum nægir ekki að vera „öguð með orðum“. (Orðskviðirnir 29:19) Stundum getur verið nauðsynlegt að refsa þeim með öðrum hætti ef þau hafa verið óhlýðin. En barnið þarf að skilja hvers vegna því er refsað. „Fræðið mig, og ég skal þegja, og sýnið mér, í hverju mér hefir á orðið.“ (Jobsbók 6:24) Refsingum þurfa líka að vera takmörk sett. „Ég [vil] hirta þig í hófi,“ sagði Jehóva við þjóð sína. (Jeremía 46:28b) Biblían aðhyllist engan veginn að börn séu flengd eða slegin í reiði. — Orðskviðirnir 16:32.

²³ Áður en Jehóva agaði fólk sitt varaði hann það við og sagði: „Óttast þú ekki . . . því að ég er með

21. Hvaða meginreglur ættu foreldrar að hafa í huga þegar þeir aga börnin?

22. Hvað þarf barnið að skilja ef því er refsað?

23. Hvað ætti barn að skilja þegar foreldrarnir refsa því?

ÁHRIFARÍKUR AGI

Árangursrík leið til að aga börn er að láta þau finna fyrir slæmum afleiðingum rangrar hegðunar. (Galatabréfið 6:7; samanber 2. Mósebók 34:6, 7.) Tökum dæmi. Ef barnið sóðar eitthvað út lærir það kannski mest af því að þrifa upp eftir sig. Ef það hefur komið illa fram við einhvern gæti það lært sína lexíu ef það er látið biðjast afsökunar. Önnur leið til að aga er að neita barninu um eitthvað sem því finnst skemmtilegt til koma því í skilning um ákveðið atriði. Þannig sér barnið viskuna í því að halda sér við réttar meginreglur.

þér.“ (Jeremía 46:28a) Á sama hátt ætti agi foreldra, í hvað mynd sem hann birtist, aldrei að verða til þess að barninu finnist sér vera hafnað. (Kólossubréfið 3:21) Barnið ætti að skilja að aginn er veittur vegna þess að foreldrarnir vilja því vel.

VERNDAÐU BARNIÐ

²⁴ Margir fullorðnir hugsa til æskuáranna með gleði. Þeir minnst hlýrrar öryggiskenndar og fullvissu um að foreldrarnir myndu gæta þeirra hvað sem á dyndi. Foreldrar vilja að börnin sín njóti sama öryggis, en í siðspilltum heimi nútímans er erfiðara að vernda börnin en áður.

²⁵ Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er hræðileg ógn sem hefur orðið æ algengari á undanförnum árum. Í Malasíu fjórfaldaðist tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum á tíu ára tímabili. Í Þýskalandi eru

24, 25. Fyrir hvaða hræðilegu ógn þarf að vernda börn nú á dögum?

um 300.000 börn beitt slíku ofbeldi á hverju ári en samkvæmt könnun er talan heilar 9.000.000 í einu landi í Suður-Ameríku. Því miður eru flest þessara barna misnotuð á sínu eigin heimili af fólki sem þau þekkja og treysta. En börn ættu að geta leitað verndar hjá foreldrunum. Hvernig geta foreldrar verndað börnin sín?

²⁶ Reynslan sýnir að þau börn, sem vita lítið um kynferðismál, eru sérstaklega berskjölduð fyrir barnaníðingum. Þess vegna er mikilvægt að fræða þau á meðan þau eru ung. Þekking getur verndað börn „frá vegi hins illa, frá þeim mönnum, sem fara með fals“. (Orðskviðirnir 2:10-12) Hvaða þekking? Þekking á meginreglum Biblíunnar, á því hvað sé siðferðilega rétt og rangt. Þau ættu líka að vita að sumir fullorðnir gera margt slæmt og að þau þurfa ekki að hlýða fólki sem biður þau að gera eitthvað óviðeigandi. (Samanber Daníel 1:4, 8; 3:16-18.) Það er ekki nóg að tala einu sinni við börnin um þessi mál. Flest ung börn þurfa að heyra áminningar oft-
ar en einu sinni til að muna þær vel. Þegar börnin verða aðeins eldri ætti faðirinn auðvitað að virða rétt dóttur sinnar til að hafa sitt næði og móðirin rétt sonar síns. Það eykur skilning barnsins á því hvað sé viðeigandi. Og ein besta vörnin gegn barnaníðingum er auðvitað strangt eftirlit foreldra.

LEITAÐU LEIÐSAGNAR GUÐS

²⁷ Það getur vissulega verið áskorun að kenna börnum frá unga aldri en trúaðir foreldrar geta

26. Hvernig er hægt að vernda börn og hvernig getur þekking hjálpað þeim?

27, 28. Hvar ættu foreldrar að leita aðstoðar við barnauppleidið?

fengið aðstoð. Þegar Manóa, sem var uppi á dóm-
aratímanum, komst að raun um að þau hjónin
ættu von á barni bað hann Jehóva að gefa sér leið-
beiningar um barnauppeldið. Jehóva bænheyrði
hann. — Dómarabókin 13:8, 12, 24.

²⁸ Trúræknir foreldrar geta á svipaðan hátt leit-
að til Jehóva í bæn og beðið um leiðsögn við
uppeldi barnanna. Foreldrahlutverkið krefst mik-
illar vinnu en launin eru líka mikil. Kristin hjón
á Hawaii segja: „Foreldrar hafa 12 ár til að gera
þessu starfi góð skil áður en hin tvísýnu unglings-
ár skella á. Ef þeir hafa lagt sig fram um að fara
eftir meginreglum Biblíunnar uppskera þeir gleði
og frið þegar börnin ákveða að þjóna Jehóva af
öllu hjarta.“ (Orðskviðirnir 23:15, 16) Þegar barn-
ið þitt tekur þessa ákvörðun getur þú svo sannar-
lega tekið undir orðin: „Synir [og dætur] eru gjöf frá
Drottni.“

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FORELDRUM
AÐ KENNA BÖRNUNUM?**

Treystið á Jehóva. — Orðskviðirnir 3:5.

Sýnið ábyrgð. — 1. Tímóteusarbréf 5:8.

Jehóva er kærleiksríkur faðir.

— Orðskviðirnir 8:22, 30.

Foreldrar bera ábyrgð á því að
kenna börnunum. — 5. Mósebók 6:6, 7.

Agi er nauðsynlegur. — Efesusbréfið 6:4.

Hjálpaðu unglingnum að þroskast

ÞAD er mikill munur á því að hafa ungling á heimilinu eða fimm til tíu ára barn. Unglingsárunum fylgja ýmsir erfiðleikar og vandamál en þau geta líka verið ánægjuleg og gefandi. Frásögurnar af Jósef, Davíð, Jósía og Tímóteusi sanna að ungt fólk getur verið ábyrgt og átt gott samband við Jehóva. (1. Mósebók 37:2-11; 1. Samúelsbók 16:11-13; 2. Konungabók 22:3-7; Postulasagan 16:1, 2) Hið sama er að segja um marga unglinga nú á dögum. Líklega þekkir þú einhverja þeirra.

² En fyrir suma eru unglingsárin ólgutími og tilfinningasveiflurnar eru oft miklar. Unglingar vilja kannski aukið sjálfstæði og eru stundum ósáttir við þær hömlur sem foreldrarnir setja. En þeir eru óreyndir og þurfa á þolinmæði og kærleiksríkri leiðsögn foreldranna að halda. Já, unglingsárin geta verið spennandi en foreldrar og unglingar geta samt verið svolítið ráðvillt. Hvaða aðstoð er hægt að veita unglingum á þessum árum?

³ Það besta, sem foreldrar geta gert til að hjálpa unglingum að komast klakklaust í gegnum þessa erfiðleika og verða ábyrgir einstaklingar, er að fylgja leiðbeiningum Biblíunnar. Í aldanna rás hefur það alltaf verið til góðs fyrir foreldra og ung-

1, 2. Hvaða erfiðleikar og gleði geta fylgt unglingsárunum?

3. Hvernig geta foreldrar búið unglinga sem best undir lífið?

linga, hvar sem er í heiminum að fylgja meginreglum Biblíunnar í sameiningu. — Sálmur 119:1.

HREINSKILIN OG OPINSKÁ TJÁSKIPTI

⁴ „Áformin verða að engu, þar sem engin er ráðagerðin,“ segir Biblían. (Orðskviðirnir 15:22) Sé mikilvægt að ræða við börnin þegar þau eru ung er það enn mikilvægara á táningsárunum þegar þau eru sennilega minna heima en áður og meira með skólafélögum eða öðrum vinum. Unglingar geta orðið eins og ókunnugir á heimilinu ef samræður og skoðanaskipti milli þeirra og foreldranna eru lítil. En hvernig er hægt að viðhalda góðum tjáskiptum?

⁵ Bæði unglingar og foreldrar verða að leggja sitt af mörkum. Unglingum getur auðvitað fundist erfiðara að tala við foreldrana núna en þegar þeir voru yngri. Mundu samt að „þar sem engin stjórn er, þar fellur þjóðin, en þar sem margir ráðgjafar eru, fer allt vel“. (Orðskviðirnir 11:14) Þessi orð eiga við alla, unga sem aldna. Unglingar, sem gera sér grein fyrir þessu, vita að þeir þurfa enn á góðri stjórn eða leiðsögn að halda þar sem þeir standa núna frammi fyrir flóknari málum en áður. Þeir ættu að viðurkenna að foreldrar þeirra eru hæfir ráðgjafar vegna þess að þeir hafa meiri lífsreynslu og hafa sannað umhyggju sína og ástúð árum saman. Skynsamir unglingar hætta því ekki að leita til foreldra sinna á unglingsárunum.

⁶ Til að viðhalda góðum tjáskiptum ættu foreldrar að leggja sig fram um að vera alltaf tiltækir

4. Hvers vegna er sérstaklega mikilvægt að eiga góð tjáskipti við börnin á unglingsárunum?

5. Hvernig ættu unglingar að líta á tjáskipti við foreldra sína?

6. Hvernig líta skynsamir og kærleiksríkir foreldrar á tjáskiptin við unglingana?

þegar unglingarnir vilja ræða málin. Foreldrar, þið þurfið að gæta þess að ekkert komi í veg fyrir að unglingarnir geti leitað til ykkar. Það er ekki alltaf auðvelt. Biblían segir: „Að þegja hefir sinn tíma og að tala hefir sinn tíma.“ (Prédikarinn 3:7) Þegar unglingnum finnst tími til að tala gæti þér fundist vera tími til að þegja. Kannski hefur þú tekið frá tíma til að lesa og hugleiða, slaka á eða vinna ákveðin heimilisverk. En ef unglingurinn vill tala við þig skaltu reyna að vera sveigjanlegur og hlusta á hann. Annars er ekki víst að hann reyni aftur. Mundu eftir fordæmi Jesú. Einu sinni hafði hann tekið frá tíma til að slaka á. En þegar fólk hópaðist í kringum hann ákvað hann að hvíla sig seinna og tók að kenna því. (Markús 6:30-34) Flestir unglingar gera sér grein fyrir því að foreldrarnir eru oft uppteknir. Þeir þurfa samt að fá fullvissu fyrir því að þeir geti alltaf leitað til foreldra sinna þegar þeir þurfa á því að halda. Vertu því til taks og sýndu skilning.

⁷ Reyndu að muna hvernig það var að vera unglingur og glataðu ekki skopskyninu. Foreldrar ættu að hafa gaman af því að vera með börnunum. Hvernig notið þið foreldrar frítíma ykkar? Ef þið notið hann oftast til að gera eitthvað án fjölskyldunnar taka unglingarnir fljótt eftir því. Það er ávísun á vandræði ef unglingunum finnst skólafélagarnir hafa meira álit á sér en foreldrarnir.

HVAÐ ÆTTI AÐ RÆÐA?

⁸ Ef foreldrar hafa ekki þegar kennt börnunum

7. Hvað ættu foreldrar að forðast?

8. Hvernig má brýna fyrir börnunum mikilvægi þess að vera heiðarleg og iðin og breyta rétt?

gildi þess að vera heiðarleg og iðjusöm ættu þeir svo sannarlega að gera það þegar börnin eru komin á unglingsaldur. (1. Þessaloníkubréf 4:11; 2. Þessaloníkubréf 3:10) Foreldrar þurfa líka að ganga úr skugga um að börnin trúi af öllu hjarta að það sé mikilvægt að lifa siðsömu og hreinu lífi. (Orðskviðirnir 20:11) Fordæmi foreldranna hefur mikil að segja á þessu sviði. Unglingar geta lært réttar lífsreglur af



Verið tiltæk þegar unglungurinn vill tala.

fordæmi þeirra rétt eins og vantrúaðir eiginmenn geta „unnist orðalaust við hegðun kvenna sinna“. (1. Pétursbréf 3:1) En fordæmið eitt sér dugir samt ekki því að börnin sjá ótal slæm fordæmi utan heimilisins og lokkandi áróður flæðir yfir þau. Umhyggjusamir foreldrar þurfa því að vita hvaða skoðanir unglingarnir hafa á því sem þeir sjá og heyra og það kallar á innihaldsríkar samræður. — Orðskviðirnir 20:5.

⁹ Þetta á sérstaklega við um kynferðismál. Finnst ykkur foreldrum vandræðalegt að ræða við börnin um þessi mál? Þið ættuð samt að leggja

9, 10. Hvers vegna ættu foreldrar að ræða við börnin sín um kynferðismál og hvernig gætu þeir gert það?

það á ykkur því að annars gætu börnin fengið alls konar rangar upplýsingar frá öðrum. Jehóva veigrar sér ekki við að fjalla um kynferðismál í Biblíunni og foreldrar ættu ekki heldur að færast undan slíkum umræðum. — Orðskviðirnir 4:1-4; 5:1-21.

¹⁰ Sem betur fer gefur Biblían skýrar leiðbeiningar um kynferðismál og Vottar Jehóva hafa gefið út mikið af gagnlegu efni sem sýnir fram á að þessar meginreglur eiga fyllilega við í nútímasamfélagi. Af hverju ekki að nýta sér þessi hjálpargögn? Í báðum bindum bókarinnar *Spurningar unga fólksins* — *svör sem duga* má til dæmis finna viðeigandi kafla sem þú getur farið yfir með syni þínum eða dóttur. Árangurinn gæti komið þér á óvart.

¹¹ Hvað er það mikilvægasta sem foreldrar og börn geta talað um? Páll postuli benti á það þegar hann skrifaði: „Alið [börnin] upp með aga og umvöndun Drottins.“ (Efesusbréfið 6:4) Börn þurfa að halda áfram að fræðast um Jehóva. Sérstaklega þurfa þau að læra að elska hann og þau ættu að vilja þjóna honum. Þetta er að miklu leyti hægt að kenna með góðu fordæmi. Ef unglingarnir sjá að foreldrar þeirra elska Guð „af öllu hjarta, allri sálu og öllum huga“ og að það ber góðan ávöxt í lífi foreldranna gæti það verið unglingunum hvatning til að gera slíkt hið sama. (Matteus 22:37) Og ef unglingar sjá að foreldrarnir hafa heilbrigt viðhorf til efnislegra hluta og setja Guðsríki framar öðru í lífinu tileinka þeir sér frekar sama viðhorf. — Prédikarinn 7:12; Matteus 6:31-33.

11. Hver er besta leiðin til að kenna börnum að þjóna Jehóva?



***Reglulegt biblíunám er mjög mikilvægt
fyrir fjölskylduna.***

¹² Vikulegt biblíunám allrar fjölskyldunnar er mjög góð leið til að kenna unglingum trúarleg gildi. (Sálmur 119:33, 34; Orðskviðirnir 4:20-23) Slíkt biblíunám er nauðsynlegt. (Sálmur 1:1-3) Foreldrar og börn verða að skilja að þau ættu að skipuleggja annað með tilliti til fjölskyldunámsins en ekki öfugt. Auk þess verður að hafa rétt viðhorf til námsins til að það beri árangur. Faðir nokkur sagði: „Stjórnandinn þarf að sjá til þess að andrúmsloftið í fjölskyldunáminu sé afslappað en samt virðulegt – óformlegt án þess að vera frjálslegt úr hófi fram. Það er ekki alltaf auðvelt að finna rétta jafnvægið og oft þarf að leiðrétta viðhorf barnanna til námsins. Láttu ekki deigan síga þótt illa gangi í eitt eða tvö skipti. Horfðu frekar fram til næstu námsstundar.“ Þessi sami faðir sagði að fyrir fjölskyldunámið bæði hann Jehóva sérstaklega að hjálpa þeim öllum að

12, 13. Hvað þarf að hafa í huga til að biblíunám fjölskyldunnar gangi vel?

**Sýndu börnunum
ást og umhyggju.**

hafa rétt hugarfar.
— Sálmur 119:66.

¹³ Það er ábyrgð kristinna foreldra að fræða börnin um Biblíuna. Auðvitað eru ekki allir foreldrar sérlega færir kennarar og sumir geta átt erfitt með að gera námsstundina áhugaverða. En ef þú elskar börnin þín „í verki og sannleika“ langar þig í einlægni til að hjálpa þeim að þroskast í trúnni. (1. Jóhannesarbréf 3:18) Þau gætu kvartað við og við en sennilega sjá þau að þér er innilega annt um velferð þeirra.

¹⁴ Biblíunám fjölskyldunnar er ekki eina tækifærið til að ræða um andleg mál. Manstu hvaða leiðbeiningar Jehóva gaf foreldrum? Hann sagði: „Fyrir því skuluð þér leggja þessi orð mín á hjarta yðar og huga, og þér skuluð binda þau til merkis á hönd yðar og hafa þau sem minningarbönd á milli augna yðar. Og þér skuluð kenna þau börnunum yðar með því að tala um þau, þegar þú ert heima og þegar þú ert á ferðalagi, þegar þú leggst til hvíldar og þegar þú fer á fætur.“ (5. Mósebók 11:18, 19; sjá einnig 5. Mósebók 6:6, 7.) Þetta þýðir ekki að foreldrar eigi að prédika yfir börnunum í tíma og

14. Hvað getum við lært af 5. Mósebók 11:18, 19?



ótíma. En þeir sem veita fjölskyldu forstöðu ættu alltaf að hafa augun opin fyrir tækifærum til að byggja upp trú fjölskyldunnar.

AGI OG VIRÐING

¹⁵ Agi er leiðrétting og til að aga börnin þurfa foreldrar að eiga tjáskipti við þau. Agi er meira fólgin í leiðréttingu en refsingu, þótt refsing sé stundum nauðsynleg. Þegar börnin voru ung þurftu þau aga. Núna, þegar þau eru unglingar, þurfa þau enn aga í einhverju formi, jafnvel meira en áður. Skynsamir unglingar gera sér grein fyrir þessu.

¹⁶ „Afglapinn smáir aga föður síns, en sá sem tekur umvöndun, verður hygginn,“ segir Biblían. (Orðskviðirnir 15:5) Við lærum mikið af þessum ritningarstað. Hann gefur til kynna að beitt sé aga. Unglingur getur ekki „smáð aga“ sem hann fær ekki. Jehóva leggur foreldrum á herðar að aga börnin og þá sérstaklega fedrum. Unglingurinn ber hins vegar ábyrgð á því að hlýða á agann. Hann lærir meira og gerir færri mistök ef hann tekur til sín viturlega ögun foreldra sinna. (Orðskviðirnir 1:8) Biblían segir: „Fátækt og smán hlýtur sá, er lætur áminning sem vind um eyrun þjóta, en sá sem tekur umvöndun, verður heiðraður.“ — Orðskviðirnir 13:18.

¹⁷ Foreldrar þurfa að sýna jafnvægi þegar þeir aga unglingana. Þeir ættu ekki að vera svo strangir að þeir reiti börnin til reiði eða skaði jafnvel sjálfsmat þeirra. (Kólossubréfið 3:21) En þeir vilja ekki

15, 16. (a) Hvað er agi? (b) Hver ber ábyrgð á því að veita aga og hver ber ábyrgð á að fara eftir honum?

17. Hvaða jafnvægis þurfa foreldrar að gæta þegar þeir aga börnin?

heldur vera svo undanlátsamir að börnin fari á mis við mikilvægan aga og aðhald. Slík undanlátsemi getur verið stórskaðleg. Orðskviðirnir 29:17 segja: „Agaðu son þinn, þá mun hann láta þig hafa ró og veita sál þinni unað.“ En vers 21 segir: „Dekri maður við þræl sinn frá barnæsku verður hann vanþakklátur að lokum.“ (*Biblían* 2007) Þó að hér sé verið að ræða um þræl á sama meginregla einnig við um unga fólkið á heimilinu.

¹⁸ Sé aga rétt beitt er hann í rauninni staðfesting á því að foreldrar elski börnin sín. (Hebreabréfið 12:6, 11) Foreldrar vita að það er erfitt að halda uppi stefnuföstum og sanngjörnum aga. Það getur virst auðveldara að halda friðinn með því að leyfa þrjóskum táníngi að gera það sem honum sýnist. En foreldrar, sem gera það, munu að lokum gjalda þess með ófriðsömu heimilislífi. — Orðskviðirnir 29:15; Galatabréfið 6:9.

VINNA OG AÐPREYING

¹⁹ Hér áður fyrr var yfirleitt ætlast til þess að börnin hjálpuðu til á heimilinu eða við búskapinn. Nú á dögum hafa margir unglingar hins vegar mikinn frítíma án þess að eftirlit sé haft með þeim. Viðskiptaheimurinn býður fram óhemjumikið af alls konar afþreyingu til að eyða frítímanum í. Og þegar á það er litið að siðferðisreglur Biblíunnar eru ekki hátt skrifaðar í heiminum er mikil hætta á ferðum.

18. Hvað sanna foreldrar með því að aga börnin og hvað fyrirbyggir stefnufastur agi?

19, 20. Hvað er gott fyrir foreldra að hafa í huga í sambandi við afþreyingu unglinga?

²⁰ Hygginnir foreldrar áskilja sér því þann rétt að eiga síðasta orðið um val á afþreyingu. Mundu samt að unglingurinn er að vaxa úr grasi. Með hverju árinu sem líður vonast hann eflaust til þess að komið sé meira fram við hann eins og fullorðinn einstakling. Það er því skynsamlegt af foreldrum að gefa unglingum meira frjálsræði með aldrinum til að velja sér afþreyingu – svo framarlega sem val þeirra sýnir að þeir eru að þroskast í trúnni. Stundum gæti unglingur samt tekið óviturlega ákvörðun varðandi tónlist, vini og svo framvegis. Ef það gerist ætti að ræða það við hann svo að hann geti tekið viturlegri ákvarðanir í framtíðinni.

²¹ Hversu mikinn tíma ætti að leyfa fyrir afþreyingu? Í sumum löndum er unglingum talin trú um að þeir eigi rétt á stöðugri skemmtun. Þeir gætu því skipulagt tíma sinn með það fyrir augum að skemmta sér daginn út og inn. Foreldrar bera ábyrgð á því að kenna börnunum að taka einnig frá tíma fyrir fjölskylduna, sjálfsnám, samveru við þroskuð trúsystkini, samkomur, heimilisstörf og fleira. Það kemur í veg fyrir að „nautnir lífsins“ kæfi orð Guðs. – Lúkas 8:11-15.

²² Salómon konungur sagði: „Ég komst að raunum, að ekkert er betra með þeim en að vera glaður og gæða sér meðan ævin endist. En það, að maður etur og drekkur og nýtur fagnaðar af öllu striti sínu, einnig það er Guðs gjöf.“ (Prédikarinn 3:12, 13) Já, það er hluti af heilbrigðu lífi að lyfta sér upp. En iðjusemi er það líka. Margir unglingar

21. Hvernig getur það verndað unglinginn að nota ekki of mikinn tíma fyrir afþreyingu?

22. Hvaða viðhorf ættu unglingar að temja sér til vinnu?

kynnast ekki gleðinni sem fylgir því að vera ið-inn og vinnusamur eða sjálfsvirðingunni sem fylgir því að takast á við vandamál og leysa það. Sumir fá ekki tækifæri til að læra iðn eða afla sér fagkunnáttu sem þeir gætu notað til að framfleyta sér síðar á ævinni. Þetta getur verið áskorun fyrir foreldra. Ætlaðu að sjá til þess að barnið þitt fái slík tækifæri? Ef þú kennir unglingnum gildi þess að vinna og jafnvel hafa gaman af því tileinkar hann sér heilbrigð viðhorf sem hann nýtur góðs af alla ævi.

UNGLINGURINN VERÐUR FULLORÐINN

²³ Jafnvel þótt þú eigir í einhverjum vandræðum með unglinginn á sú meginregla alltaf við að „kærleikurinn fellur aldrei úr gildi“. (1. Korintubréf 13:8) Hættu aldrei að sýna þá ást sem þú berð án efa til unglingsins. Spyrðu sjálfan þig: Hrósa ég börnunum hverju og einu þegar þau takast á við vandamál eða yfirstíga hindranir? Gríp ég þau tækifæri sem gefast til að sýna þeim ást og umhyggju áður en það er um seinan? Ef unglingurinn er sannfærður um að þér þyki vænt um hann er hann líklegri til að bera sömu tilfinningar til þín jafnvel þótt einhver ágreiningur komi stundum upp.

²⁴ Þegar börnin eldast fara þau að taka mikilvægar ákvarðanir upp á eigin spýtur. Stundum eru foreldrarnir ekki sammála þessum ákvörðunum, til dæmis ef barnið ákveður að hætta að þjóna Jehóva Guði. Það getur gerst. Sumir andasynir Jehóva höfnuðu meira að segja leiðbeiningum hans

23. Hvernig geta foreldrar stutt við bakið á unglingunum?

24. Hvaða meginregla gildir yfirleitt í sambandi við barnauppleidi en hvað ætti samt að hafa í huga?

og gerðu uppreisn. (1. Mósebók 6:2; Júdasarbréfið 6) Börn eru ekki tölvur sem hægt er að forrita svo að þau hegði sér eins og við viljum. Þau eru einstaklingar með frjálsan vilja og þurfa að bera ábyrgð frammi fyrir Jehóva á ákvörðunum sínum. Meginreglan í Orðskviðunum 22:6 gildir samt yfirleitt: „Fræð þú sveininn um veginn, sem hann á að halda, og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja.“

²⁵ Sýndu börnunum því ómælda ást. Reyndu eftir fremsta megni að fylgja leiðbeiningum Biblíunnar þegar þú elur þau upp. Vertu til fyrirmyndar í kristnu lífini. Þannig skaparðu þeim eins góð skilyrði og mögulegt er til að verða ábyrgir og guðhræddir einstaklingar. Þetta er besta leiðin fyrir foreldra til að sýna Jehóva að þeir séu honum þakklátir fyrir börnin sem þeir eiga.

25. Hver er besta leiðin til að sýna Jehóva þakklæti fyrir þá blessun að hafa eignast börn?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FORELDNUM AÐ
ALA UPP UNGLINGA?**

Tjáskipti eru nauðsynleg. — Orðskviðirnir 15:22.

Reglulegt biblíunám er mikilvægt.

— Sálmur 1:1, 2.

Hyggjast menn hlýða á aga.

— Orðskviðirnir 15:5.

Vinna og afþreying er hvort tveggja nauðsynlegt.

— Prédikarinn 3:12, 13.

Þegar unglingar gera uppreisn



NOKKRUM dögum fyrir dauða sinn spurði Jesús trúarleiðtoga Gyðinga athyglisverðrar spurningar. Hann sagði: „Hvað virðist yður? Maður nokkur átti tvo sonu. Hann gekk til hins fyrra og sagði: ‚Sonur minn, far þú og vinn í dag í víngarði mínum.‘ Hann svaraði: ‚Það vil ég ekki.‘ En eftir á sá hann sig um hönd og fór. Þá gekk hann

1, 2. (a) Hvaða dæmisögu sagði Jesús til að vekja athygli á því að leiðtogar Gyðinga voru ótrúir Guði? (b) Hvað lærum við um unglinga af dæmisögu Jesú?

til hins síðara og mælti á sömu leið. Hann svaraði: „Já, herra,“ en fór hvergi. Hvor þeirra tveggja gjörði vilja föðurins?“ Trúarleiðtogarnir svöruðu: „Sá fyrri.“ – Matteus 21:28-31.

² Jesús sagði þessa dæmisögu til að vekja athygli á því að leiðtogar Gyðinga voru ótrúir Guði. Þeir voru eins og seinni sonurinn, lofuðu að gera vilja Guðs en stóðu ekki við það. En dæmisagan vitnar líka um næman skilning Jesú á fjölskyldulífinu eins og margir foreldrar taka eflaust eftir. Eins og hann benti svo vel á er oft erfitt að vita hvað unglingar eru að hugsa og hvað þeir ætla sér. Sumir valda miklum erfiðleikum á unglingsárunum en verða síðan ábyrgir og virtir einstaklingar þegar þeir fullorðnast. Gott er að hafa það í huga núna þegar við fjöllum um uppreisn unglinga.

HVAD ER UPPREISN?

³ Stundum heyrir maður af unglingum sem snúast algerlega gegn foreldrum sínum. Þú þekkir kannski fjölskyldu sem virðist eiga mjög erfitt með að ráða við ungling á heimilinu. En það er ekki alltaf auðvelt að vita hvort unglingurinn er í rauninni að gera uppreisn eða ekki. Einnig getur verið erfitt að skilja hvers vegna sum börn snúast gegn foreldrum sínum en önnur ekki, jafnvel þótt þau komi frá sama heimili. Hvað ættu foreldrar að gera ef þá grunar að barnið þeirra ætli að gera algera uppreisn? Til að svara því þurfum við fyrst að skoða hvað uppreisn er.

3. Af hverju ættu foreldrar ekki að vera fljótir að stimpla barnið sitt uppreisnarsegg?

⁴ Í stuttu máli má segja að unglingur, sem gerir uppreisn, standi vísvitandi gegn yfirvaldi og ögri því æ ofan í æ. Vissulega er 'fíflska í hjörtum barna'. (Orðskviðirnir 22:15) Öll streitast þau einhvern tíma gegn yfirvaldi foreldra sinna eða annarra. Þetta gerist ekki síst á gelgjuskeiðinu þegar unglingarnir eru að þroskast líkamlega og tilfinningalega. Allar breytingar í lífi fólks valda streitu og unglingar ganga svo sannarlega í gegnum miklar breytingar. Sonur þinn eða dóttir er að breytast úr barni í fullorðinn einstakling. Þetta er ástæðan fyrir því að foreldrum og börnum kemur stundum illa saman á þessum árum. Foreldrar reyna oft ósjálfrátt að hægja á breytingunum en unglingarnir vilja hraða þeim.

⁵ Unglingur, sem gerir uppreisn, hafnar gildismati foreldranna. Mundu samt að þótt unglingur sé óhlýðinn í nokkur skipti þýðir það ekki að hann sé uppreisnarseggur. Og þótt hann sýni í fyrstu lítinn sem engan áhuga á sannindum Biblíunnar er ekki sjálfgefið að hann sé að gera uppreisn. Foreldrar ættu ekki að vera fljótir til að dæma barnið sitt.

⁶ Snúast allir unglingar gegn yfirvaldi foreldra sinna? Nei, alls ekki. Allt virðist benda til þess að aðeins lítill hluti unglinga geri alvarlega uppreisn. En hvað um þá unglinga sem eru þrjóskir og sífellt í uppreisnarhug? Hvað gæti ýtt undir slíka hegðun?

ORSAKIR UPPREISNAR

⁷ Ein helsta orsök uppreisnar er andi Satans

4-6. (a) Hvað er uppreisn? (b) Hvað ættu foreldrar að hafa í huga ef unglingurinn er stundum óhlýðinn?

7. Hvernig getur andi Satans ýtt undir uppreisn unglinga?

sem gegnsýrir heiminn. „Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“ (1. Jóhannesarbréf 5:19) Undir stjórn Satans hefur heimurinn skapað mjög skaðlegt menningarumhverfi sem kristnir menn verða að berjast gegn. (Jóhannes 17:15) Þetta umhverfi er klúrara og hættulegra en áður og hefur mun verri áhrif. (2. Tímóteusarbréf 3:1-5, 13) Ef foreldrar fræða börnin ekki, vernda þau ekki og vara þau ekki við þessum slæmu áhrifum gæti andinn, „sem nú starfar í þeim, sem ekki trúa“, auðveldlega náð tökum á börnunum. (Efesusbréfið 2:2) Hóþþrýstingur er líka nátengdur anda heimsins. Biblían segir: „Illa fer þeim, sem leggur lag sitt við heimskingja.“ (Orðskviðirnir 13:20) Ef fólk umgengst þá sem eru gegnsýrðir af anda heimsins verður það líklega fyrir áhrifum af þessum anda. Ungt fólk þarf stöðugt á hjálp að halda til að gera sér grein fyrir því að besta lífsstefnan, sem völ er á, er sú að hlýða meginreglum Guðs. — Jesaja 48:17, 18.

⁸ Andrúmsloftið á heimilinu getur líka leitt til uppreisnar. Ef annað foreldrið er til dæmis alkóhólisti, fíkniefnaneytandi eða beitir maka sinn ofbeldi getur það brenglað viðhorf unglingsins til lífsins. Unglingar á frekar rólegum heimilum geta líka gert uppreisn ef þeim finnst foreldrarnir ekki sýna sér áhuga. Uppreisn unglunga orsakast samt ekki alltaf af ytri áhrifum. Sum börn hafna gildismati foreldra sinna þótt foreldrarnir hafi fylgt meginreglum Biblíunnar og verndað þau að miklu leyti fyrir umheiminum. Hvers vegna? Kannski vegna mannlegs ófullkomleika sem er önnur orsök vandamála okkar. Páll sagði: „Syndin kom inn

8. Hvað getur orsakað uppreisn unglunga?

í heiminn fyrir einn mann [Adam] og dauðinn fyrir syndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað.“ (Rómverjabréfið 5:12) Adam var eigingjarn uppreisnarmaður og gaf öllum afkomendum sínum vandan arf. Sumir unglingar velja einfaldlega að gera uppreisn eins og forfaðir þeirra.

UNDANLÁTSEMI ELÍ OG HARÐSTJÓRN REHABEAMS

⁹ Annað sem hefur leitt til uppreisnar unglinga er rangt viðhorf foreldra til barnaupveldis. (Kólossubréfið 3:21) Sumir samviskusamir foreldrar eru strangir úr hófi fram og setja börnunum of þröngar skorður. Aðrir eru of eftirlátir og brýna ekki fyrir óreyndum unglingunum lífsreglur sem væru þeim til verndar. Hinn gullni meðalvegur er stundum vandfundinn og þarfir barna eru ólíkar. Sum þurfa meira eftirlit en önnur. Tvær frásögur í Biblíunni sýna hætturnar sem fylgja því að fara út í öfgar og vera annaðhvort of eftirlátsamur eða of strangur.

¹⁰ Elí var æðsti prestur í Ísrael til forna. Hann þjónaði í 40 ár og þekkti lögmál Guðs eflaust mjög vel. Sennilega hefur hann sinnt prestsstörfum sínum af trúfesti og jafnvel frætt syni sína, þá Hofní og Pínehas, vandlega um lögmál Guðs. En hann var of undanlátsamur við þá. Hofní og Pínehas þjónuðu sem prestar en þeir voru „hrakmenn“ og höfðu aðeins áhuga á að uppfylla eigin óskir og siðlausar langanir. Þegar þeir hegðuðu sér svi-

9. Hvaða öfgar gætu ýtt undir uppreisn unglinga?

10. Af hverju var Elí slæmur faðir þótt hann hafi sennilega verið trúfastur æðsti prestur?

virðilega á helgri jörð hafði Elí ekki hugrekki til að víkja þeim úr embætti. Hann aðvaraði þá aðeins mildilega. Með undanlátsemi sinni sýndi hann að hann mat syni sína meir en Guð. Afleiðingin var sú að þeir gerðu uppreisn gegn hreinni tilbeiðslu á Jehóva og allt heimilisfólk Elí varð fyrir mikilli ógæfu. — 1. Samúelsbók 2:12-17, 22-25, 29; 3:13, 14; 4:11-22.

¹¹ Synir Elí voru orðnir fullorðnir þegar þetta gerðist en frásagan undirstrikar hve hættulegt er að beita ekki aga. (Samanber Orðskviðina 29:21.) Sumir foreldrar rugla saman ást og undanlátsemi og setja ekki skýrar, stefnufastar og sanngjarnar reglur. Þeir veita ekki kærleiksríkan aga jafnvel þótt börnin brjóti meginreglur Guðs. Slík undanlátsemi getur orðið til þess að börnin virði hvorki yfirvald foreldranna né nokkuð annað yfirvald. — Samanber Prédikarann 8:11.

¹² Rehabeam er dæmi um hinar öfgarnar í meðferð valds. Hann var síðasti konungurinn í hinu sameinaða Ísraelsríki en ekki góður konungur. Fólkið í ríkinu, sem Rehabeam erfði, var óánægt vegna oksins sem Salómon, faðir hans, hafði lagt á það. Sýndi Rehabeam fólkinu skilning? Nei, þegar fulltrúar þjóðarinnar báðu hann að létta okið að einhverju marki hlýddi hann ekki á ráð þroskaðra öldunga heldur skipaði svo fyrir að okið skyldi þyngt. Hroki hans leiddi til uppreisnar ættkvíslanna tíu í norðri sem varð til þess að ríkið klofnaði í tvennt. — 1. Konungabók 12:1-21; 2. Kroníkbók 10:19.

11. Hvaða lærdóm geta foreldrar dregið af slæmu fordæmi Elí?

12. Hvaða mistök gerði Rehabeam?

RÆÐIÐ MÁLIN

Þegar unglingar fá aukið sjálfstæði fylgja því efasemdir og áhyggjur. Þeir vita kannski ekki alveg hvernig þeir eiga að spjara sig í heiminum. Það er eins og þeir séu að reyna að fóta sig á svelli. Unglingar, trúið foreldrunum fyrir kvíða ykkar og áhyggjum. (Orðskviðirnir 23:22) Og ef ykkur finnst foreldrarnir ofvernda ykkur skuluð þið segja þeim að þið þurfið meira frelsi. Reynið að finna tíma til að tala við foreldrana þegar þið eruð afslöppuð og þegar þau eru ekki upptekin. (Orðskviðirnir 15:23) Gefið ykkur tíma til að hlusta vel hvert á annað.

¹³ Foreldrar geta dregið mikilvægan lærdóm af frásögu Biblíunnar af Rehabeam. Þeir þurfa að leita Jehóva í bæn og skoða uppeldisaðferðir sínar með hliðsjón af meginreglum Biblíunnar. (Sálmur 105:4) „Kúgun gjörir vitran mann að heimskingja,“ segir Prédikarinn 7:7. Skynsamleg mörk gefa unglingum svigrúm til að vaxa en eru þeim jafnframt til verndar. Börn ættu hins vegar ekki að búa við svo strangt uppeldi og svo stífar hömlur að þau geti ekki byggt upp hóflegt sjálfstraust. Ef foreldrar veita sanngjarnt frjálsræði en setja jafnframt skýr mörk reyna unglingar síður að gera uppreisn.

SINNIÐ GRUNDVALLARÞÖRFUM UNGLINGANNA

¹⁴ Þótt það gleðji foreldra að sjá börnin vaxa úr grasi og verða fullorðin gætu þeir orðið smeykir þegar unglingurinn fer að verða sjálfstæðari og

13. Hvernig geta foreldrar forðast að gera sömu mistök og Rehabeam?

14, 15. Hvernig ættu foreldrar að koma fram við unglinginn þegar hann fer að þroskast?



Börnin verða sennilega heilsteyptari einstaklingar ef foreldrarnir hjálpa þeim að takast á við vandamál unglingsáranna.

óháðari þeim. Láttu það ekki koma þér á óvart þótt unglingurinn verði stundum frekar þrjóskur eða ósamvinnuþýður á þessu tímabili. Hafðu hugfast að markmið kristinna foreldra ætti að vera að ala börnin þannig upp að þau verði þroskaðir, traustir og ábyrgir kristnir einstaklingar. — Samanber 1. Korintubréf 13:11; Efesusbréfið 4:13, 14.

¹⁵ Foreldrar verða að venja sig af því að bregðast alltaf neikvætt við þegar unglingurinn biður um aukið sjálfstæði. Þetta getur verið erfitt en unglingurinn verður að fá að þroskast á heilbrigðan hátt sem einstaklingur. Sumir unglingar hafa meira að segja mjög þroskuð viðhorf þótt þeir séu frekar ungir. Biblían segir til dæmis um Jósía konung:

„Er hann sjálfur var enn ungur að aldri [um 15 ára], tók hann að leita Guðs Davíðs.“ Þessi duglegi unglingur var greinilega mjög ábyrgur. — 2. Kroníkubók 34:1-3.

¹⁶ En frelsinu fylgir ábyrgð. Láttu hálffullorðinn unglinginn finna fyrir afleiðingum gerða sinna og ákvarðana þegar það á við. Meginreglan að „það sem maður sáir, það mun hann og uppskera“ á við unglinga jafnt sem fullorðna. (Galatabréfið 6:7) Það er ekki hægt að vernda börnin endalaust. En hvað ef barnið vill gera eitthvað sem er algerlega óviðunandi? Sem ábyrgt foreldri verður þú að segja nei. Þótt þú útskýrir ástæðuna ætti ekkert að breyta ákvörðun þinni. (Samanber Matteus 5:37.) Hafðu samt hugfast að „mjúklegt andsvar stöðvar bræði“ og reyndu að segja nei á rólegan og yfirvegaðan hátt. — Orðskviðirnir 15:1.

¹⁷ Ungt fólk þarf það öryggi sem fylgir stefnuföstum aga jafnvel þótt það sé ekki alltaf sammála reglum og hömlum foreldranna fyrst í stað. Það er gremjulegt fyrir börnin ef foreldrarnir breyta reglunum sí og æ eftir eigin geðþótta. Ef unglingar fá hvatningu og hjálp til að byggja upp sjálfstraust og vinna bug á óframfærni eða feimni verða þeir sennilega heilsteyptari einstaklingar þegar þeir þroskast. Unglingar kunna líka að meta það þegar þeim er sýnt það traust sem þeir hafa áunnið sér. — Samanber Jesaja 35:3, 4; Lúkas 16:10; 19:17.

¹⁸ Það er hughreystandi fyrir foreldra að vita að börn dafna yfirleitt ef friður, stöðugleiki og ástúð

16. Hverju ættu unglingar að gera sér grein fyrir þegar þeir fá aukna ábyrgð?

17. Hvaða þörfum unglinga þurfa foreldrar að sinna?

18. Nefndu nokkrar uppörvandi staðreyndir um unglinga.

ríkir á heimilinu. (Efesusbréfið 4:31, 32; Jakobsbréfið 3:17, 18) Auk þess hafa margir unglingar spjarað sig prýðilega og komist vel til manns þótt þeir hafi búið við erfiðleika í fjölskyldunni eins og alkóhólisma, ofbeldi eða önnur slæm áhrif. Ef foreldrarnir sjá til þess að unglingurinn finni til öryggis á heimilinu og njóti ástar, hlýju og athygli, samhliða sanngjörnum hömlum og biblíulegum aga, eru mestar líkur á því að hann þroskist vel og foreldrarnir geti verið stoltir af honum. – Samanber Orðskviðina 27:11.

ÞEGAR BÖRN FARA ÚT AF SPORINU

¹⁹ Gott uppeldi hefur mikið að segja. Í Orðskviðunum 22:6 segir: „Fræð þú sveininn um veginn, sem hann á að halda, og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja.“ En geta börn farið út af sporinu þótt þau eigi góða foreldra? Já, það þarf að sjá þessi orð í samhengi við önnur vers í Orðskviðunum sem leggja áherslu á að það er ábyrgð barnsins að hlusta á foreldra sína og hlýða þeim. (Orðskviðirnir 1:8) Foreldrar og börn stuðla að sátt og samlyndi innan fjölskyldunnar ef þau vinna saman að því að fylgja meginreglum Biblíunnar. Ef þau gera það ekki er voðinn vís.

²⁰ Hvernig ættu foreldrar að bregðast við ef unglingur á heimilinu gerir eitthvað af sér og lendir í vandræðum? Þá þarf unglingurinn sérstaklega á hjálp að halda. Ef foreldrarnir hafa hugfast að unglingurinn er óreyndur hættir þeim síður til

19. Hvaða ábyrgð hvílir á barninu þó að foreldrarnir eigi að fræða það um veginn sem það á að halda?

20. Hvernig ættu foreldrar að taka á málum ef barnið gerir eitthvað af sér í hugsunarleysi?

þess að bregðast of harkalega við. Páll ráðlagði þroskuðum kristnum mönnum í söfnuðinum: „Ef einhver misgjörð kann að henda mann, þá leiðréttið þér, sem andlegir eruð, þann mann með hógværð.“ (Galatabréfið 6:1) Foreldrar ættu að fylgja þessu ráði þegar þeir ræða við ungling sem hefur gert eitthvað af sér í hugsunarleysi. Þeir ættu að útskýra skýrt og greinilega hvers vegna hegðun unglingins var röng og hvernig hann getur forðast að gera sömu mistök aftur. Þeir ættu líka að láta það koma skýrt fram að það var hegðun unglingins sem var slæm en ekki unglingurinn sjálfur. — Samanber Júdasarbréfið 22, 23.

²¹ En hvað ættu foreldrar að gera ef brotið er mjög alvarlegt? Þá þarf unglingurinn að fá sérstaka hjálp og góða leiðsögn. Ef safnaðarmaður syndgar alvarlega er hann hvattur til að iðrast og biðja öldungana um aðstoð. (Jakobsbréfið 5:14-16) Þegar hann hefur iðrast hjálpa öldungarnir honum að byggja sig upp í trúnni. Í fjölskyldunni er það ábyrgð foreldranna að hjálpa unglingi sem gerir eitthvað af sér þótt þeir gætu þurft að ræða málið við öldungana. Þeir ættu hins vegar aldrei að leyna því fyrir öldungunum ef barnið hefur framíð alvarlega synd.

²² Þegar börn gera eitthvað alvarlegt af sér reynir það mjög á foreldrana. Örvilnuðum foreldrum er kannski skapi næst að reiðast og hóta einþykku barni en það gæti hins vegar gert barnið biturt. Hafðu hugfast að framtíð þess gæti oltið á

21. Hvernig ættu foreldrar að bregðast við ef barnið þeirra fremur alvarlega synd?

22. Hvaða viðhorf ættu foreldrar að reyna að hafa ef barn þeirra brýtur alvarlega af sér?

því hvernig komið er fram við það meðan á þessu stendur. Mundu líka að Jehóva var fús til að fyrirgefa fólki sínu þegar það vék af réttri braut, svo framarlega sem það iðraðist. Taktu eftir hlýlegum orðum hans: „Komið, eigumst lög við! – segir Drottinn. Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull.“ (Jesaja 1:18) Þetta er góð fyrirmynd fyrir foreldra.

²³ Reyndu að hvetja barnið til að breyta um stefnu. Leitaðu ráða hjá reyndum foreldrum og safnaðaröldungum. (Orðskviðirnir 11:14) Gættu þess að segja ekki eða gera eitthvað í fljótfærni sem gæti orðið til þess að barninu finnist erfitt að snúa aftur til þín. Fordastu stjórnlausa reiði og biturð. (Kólossubrésið 3:8) Gefstu ekki fljótt upp. (1. Korintubréf 13:4, 7) Þótt þú hatir hið illa skaltu ekki verða harðbrjósti eða beiskur gagnvart barninu. Umfram allt ættu foreldrar að vera góð fyrirmynd og hafa sterka trú á Guð.

EF UNGLINGUR ER ÁKVEÐINN Í AÐ GERA UPPREISN

²⁴ Stundum er ljóst að unglingur er harðákveðinn í því að gera uppreisn og hafna kristnum lífsgildum með öllu. Þá ættu foreldrarnir að einbeita sér að því að styrkja og uppbyggja hina í fjölskyldunni. Beindu ekki svo mikilli athygli að unglingnum, sem er í uppreisn, að þú vanrækir hin börnin. Í stað þess að fela vandamálið fyrir þeim skaltu

23. Hvernig ættu foreldrar að bregðast við ef barnið þeirra drýgir alvarlega synd og hvað ættu þeir að forðast?

24. Hvað gerist því miður stundum í kristnum fjölskyldum og hvernig ættu foreldrar að bregðast við?

ræða við þau um málið eftir því sem við á og hug-
hreysta þau. — Samanber Orðskviðina 20:18.

²⁵ Jóhannes postuli sagði um þann sem forherð-
ir sig og gerir uppreisn gegn söfnuðinum: „Tak-
ið hann ekki á heimili yðar og biðjið hann ekki
vera velkominn.“ (2. Jóhannesarbréf 10) Foreldr-
ar gætu talið nauðsynlegt að grípa til svipaðra að-
gerða ef barnið er lögráða og gerir algera uppreisn.
Það getur verið mjög erfitt og sársaukafullt, en
stundum er það nauðsynlegt til að vernda aðra í
fjölskyldunni. Hin börnin þurfa á vernd þinni og
umsjón að halda. Haltu því áfram að setja skýrar
en jafnframt sanngjarnar hegðunarreglur. Eigðu
góð samskipti við börnin sem eru enn á heimilinu.
Sýndu áhuga á því hvernig þeim gengur í skólan-
um og söfnuðinum. Segðu þeim líka að þótt þú haf-
ir ekki velþóknun á hegðun barnsins, sem er í upp-
reisn, hatir þú það samt ekki. Fordæmdu slæma
hegðun barnsins en ekki barnið sjálft. Þegar tveir
synir Jakobs stofnuðu fjölskyldunni í ógæfu með
því að fremja grimmdarverk formælti Jakob reiði
þeirra en ekki þeim sjálfum. — 1. Mósebók 34:1-31;
49:5-7.

²⁶ Þér finnst ef til vill að þú berir ábyrgð á því sem
hefur átt sér stað í fjölskyldunni. En ef þú hefur
gert allt sem í þínu valdi stóð, beðið Jehóva um
leiðsögn og fylgt ráðum hans eftir fremsta megni
er engin ástæða til að gagnrýna sjálfan þig of harð-
lega. Leitaðu huggunar í því að enginn er fullkomið

25. (a) Hvað gætu foreldrar þurft að gera ef barn er harðákveð-
ið í því að gera uppreisn? (b) Hvað ættu foreldrar að hafa hug-
fast ef eitt af börnunum gerir uppreisn?

26. Í hverju geta samviskusamir foreldrar leitað huggunar ef
eitt af börnunum gerir uppreisn?

foreldri og þú reyndir að gera þitt besta. (Samanber Postulasöguna 20:26.) Það tekur mjög á að hafa iðrunarlausan uppreisnarsegg í fjölskyldunni en ef þannig er ástatt skaltu vera þess fullviss að Guð skilur þig og hann yfirgefur aldrei trúna þjóna sína. (Sálmur 27:10) Gættu þess að heimilið sé öruggt skjól og athvarf fyrir börnin sem eftir eru.

²⁷ Gefðu aldrei upp vonina. Uppeldið, sem barnið hefur fengið, gæti að lokum snert hjarta þess og leitt það aftur inn á rétta braut. (Prédikarinn 11:6) Margar kristnar fjölskyldur hafa lent í því sama og þú og stundum hafa villuráfandi börn snúið aftur eins og týndi sonurinn í dæmisögu Jesú. (Lúkas 15:11-32) Hið sama gæti gerst hjá þér.

27. Hvaða von ættu foreldrar barna, sem gera uppreisn, alltaf að halda í?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FORELDNUM AÐ KOMA Í
VEG FYRIR ALVARLEGA UPPREISN Á HEIMILINU?**

Foreldrarnir þurfa að hjálpa börnunum svo að andi heimsins hafi ekki spillandi áhrif á þau.

— Orðskviðirnir 13:20; Efesusbréfið 2:2.

Foreldrar verða að gæta þess að vera hvorki of strangir né of eftirlátir. — Prédikarinn 7:7; 8:11.

Foreldrar þurfa að leiðrétta slæma hegðun en ekki of harkalega. — Galatabréfið 6:1.

Þeir sem drýgja alvarlegar syndir geta orðið „heilbrigðir“ ef þeir iðrast og þiggja aðstoð.

— Jakobsbréfið 5:14-16.

Verndið börnin gegn skaðlegum áhrifum

LITLI drengurinn þinn er að fara í skólann og það er úrhellisrigning. Hvað gerirðu? Leyfirðu honum að hlaupa út um dyrnar án þess að fara í regngalla? Eða klæðirðu hann í svo mikinn hlífðarfatnað að hann getur varla hreyft sig? Auðvitað gerirðu hvorugt. Þú klæðir hann alveg mátulega til að hann blotni ekki.

² Foreldrar verða líka að finna öfgalaus leið til að vernda börnin gegn skaðlegum áhrifum sem hellast yfir þau úr öllum áttum – til dæmis frá skemmtanaíðnaðinum, fjölmiðlum, jafnöldrum og stundum jafnvel skólum. Sumir foreldrar gera lítið sem ekkert til að vernda börnin. Aðrir líta svo á að öll utan-aðkomandi áhrif séu skaðleg og ofvernda börnin svo að þeim finnst þau vera að kafna. Er hægt að finna einhvern meðalveg?

³ Já, það er hægt. Öfgar skila ekki árangri og geta boðið hættunni heim. (Prédikarinn 7:16, 17) En hvernig geta kristnir foreldrar fundið rétta meðalveginn til að vernda börnin? Lítum á þrjú svið: menntun, félagsskap og afþreyingu.

HVER KENNIR BÖRNUNUM ÞÍNUM?

⁴ Kristnir foreldrar meta menntun mikils. Þeir

1-3. (a) Hvaðan koma skaðleg áhrif sem ógna fjölskyldunni?
(b) Hvaða meðalveg þurfa foreldrar að finna til að vernda börnin?

4. Hvernig ættu kristnir foreldrar að líta á menntun?

vita að í skólanum læra börnin að lesa, skrifa og reikna og einnig að tjá sig. Þar ættu þau líka að læra góðar námsvenjur. Það sem börnin læra í skólanum getur hjálpað þeim að spjara sig þrátt fyrir

erfiðleikana í heimi nútímans. Góð menntun getur líka gert barnið að góðum starfskrafti þegar fram í sækir. – Orðskviðirnir 22:29.

⁵ En í skólanum hitta börnin líka önnur börn og mörg þeirra hafa brenglaðar hugmyndir. Tökum sem dæmi viðhorf þeirra til kynferðismála og siðferðis. Lauslát stúlka í unglingaskóla í Nígeríu gaf skólafélögum sínum oft leiðbeiningar um kynlíf. Þeir hlustuðu ákafir á hana þótt hugmyndir hennar væru tóm della sem hún sótti í klámrit. Sumar stúlku-urnar fylgdu ráðum hennar. Afleiðingin varð sú að ein stúlkan varð barnshafandi og dó eftir að hafa reynt sjálf að eyða fóstρινu.



5, 6. Hvernig gætu börn fengið brenglaðar upplýsingar um kynferðismál í skólanum?

⁶ Rangar upplýsingar um kynferðismál koma því miður ekki eingöngu frá börnum í skólanum heldur líka frá kennurum. Mörgum foreldrum bregður illilega í brún þegar þeir uppgötva að skólarnir fræða börnin um kynferðismál án þess að kenna þeim neitt um rétt siðferði eða ábyrgð. Móðir 12 ára stúlku sagði: „Við búum á mjög trúuðu og íhaldsömu svæði en samt sem áður er smokkum dreift til krakkanna í unglingaskólanum hér í hverfinu.“ Þau hjónin urðu áhyggjufull þegar þau komust að því að dóttir þeirra fékk ósiðleg tilboð frá drengjum á hennar aldri. Hvernig geta foreldrar verndað börnin gegn skaðlegum áhrifum sem þessum?

⁷ Er best að vernda börnin með því að tala aldrei um kynferðismál? Nei, það er betra að foreldrarnir fræði börnin sjálfir um kynlíf. (Orðskviðirnir 5:1) Foreldrar sums staðar í Evrópu og Norður-Ameríku veigra sér að vísu við að ræða þessi mál. Eins er það í sumum Afríkulöndum að foreldrar ræða sjaldan um kynferðismál við börnin. „Það er ekki hefð fyrir því í Afríku,“ segir faðir í Síerra Leóne. Sumir foreldrar telja að ef þeir fræði börnin um kynlíf gefi það þeim hugmyndir sem ýti þeim út í siðleysi. En hvernig lítur Guð á málin?

AFSTAÐA GUÐS TIL KYNFERÐISMÁLA

⁸ Biblían sýnir að það er ekki skammarlegt að ræða um kynferðismál við rétt tækifæri. Þegar fólk Guðs í Ísrael var sagt að koma saman til að hlusta á upplestur Móselaganna áttu börnin að koma með. (5. Mósebók 31:10-12; Jósuabók 8:35) Lögin fjölluðu

7. Hver er besta leiðin til að vinna gegn röngum upplýsingum um kynferðismál?

8, 9. Hvaða góðu upplýsingar um kynferðismál eru í Biblíunni?

opinskátt um ýmis kynferðismál eins og tíðarblæðingar, sáðlát, saurlifnað, hórdóm, samkynhneigð, sífjaspell og samræði við dýr. (3. Mósebók 15:16, 19; 18:6, 22, 23; 5. Mósebók 22:22) Eftir slíkan upplestur þurftu foreldrar vafalaust að skýra margt fyrir spurulum börnunum.

⁹ Í fimmta, sjötta og sjöunda kafla Orðskviðanna er að finna hlýlegar, föðurlegar ábendingar um hættur siðleysis. Þar er bent á að siðleysi geti stundum verið freistandi. (Orðskviðirnir 5:3; 6:24, 25; 7:14-21) En þar kemur líka fram að siðleysi sé rangt og geti haft hræðilegar afleiðingar, og ungu fólki er bent á hvernig hægt sé að forðast það. (Orðskviðirnir 5:1-14, 21-23; 6:27-35; 7:22-27) Auk þess er bent á andstæður milli siðleysis og þeirrar ánægju sem fylgir kynlífi þar sem það á heima, það er að segja innan hjónabands. (Orðskviðirnir 5:15-20) Þessi kennsla er góð fyrirmynd sem foreldrar geta fylgt.

¹⁰ Leiðir slík kennsla börn út í siðleysi? Alls ekki. „Hinir réttlátu frelsast fyrir þekkingu,“ segir í Biblíunni. (Orðskviðirnir 11:9) Viltu ekki vernda börnin gegn áhrifum þessa heims? Faðir nokkur sagði: „Við höfum reynt að tala opinskátt um kynferðismál frá því að börnin voru mjög ung. Þá verða þau ekki forvitin þegar þau heyra önnur börn tala um kynlíf. Það er ekkert leyndardómsfullt við það.“

¹¹ Eins og fram hefur komið fyrr í bókinni ætti kynfræðslan að byrja snemma. Þegar þú kennir ungum börnum hvað líkamshlutarnir heita skaltu ekki sleppa kynfærunum eins og þau séu eitthvað sem á

10. Af hverju ætti viðeigandi kynfræðsla ekki að leiða börn út í siðleysi?

11. Hvernig er smám saman hægt að fræða börnin um kynferðismál?

að skammast sín fyrir. Kenndu þeim réttu heitin. Með tímanum er líka nauðsynlegt að kenna þeim hvað sé viðeigandi og hvaða takmörk þurfi að virða. Helst ættu báðir foreldrar að kenna börnunum að þessir líkamshlutar séu sérstakir og að yfirleitt eigi ekki að sýna þá eða leyfa öðrum að snerta þá, og að aldrei eigi að tala um þá á ósæmilegan hátt. Þegar börnin eldast ætti að útskýra fyrir þeim hvernig barn verður til. Og þegar börnin nálgast kynþroska-skeiðið ættu þau þegar að vita hvaða breytingum þau eigi að búast við. Eins og rætt var um í 5. kafla getur kynfræðsla líka verndað börnin gegn kynferðisofbeldi. – Orðskviðirnir 2:10-14.

HEIMAVERKEFNI FORELDRA

¹² Foreldrar verða að vera tilbúnir til að vinna gegn öðrum veraldlegum hugmyndum sem kenndar eru í skólum eins og til dæmis þróunarkenningunni, þjóðernishyggju eða hugmyndinni um að sannleikurinn sé afstæður. (1. Korintubréf 3:19; samanber 1. Mósebók 1:27; 3. Mósebók 26:1; Jóhannes 4:24; 17:17.) Margir einlægir kennarar og námsráðgjafar leggja ofuráherslu á framhaldsmenntun. Þótt það sé persónuleg ákvörðun hvers og eins hvort hann afli sér viðbótarmenntunar halda sumir kennarar því fram að það sé eina leiðin til að komast áfram í lífinu.* – Sálmur 146:3-6.

¹³ Til að foreldrar geti unnið gegn röngum eða af-

* Finna má ítarlegri umfjöllun um framhaldsmenntun í bæklingnum *Vottar Jehóva og menntun*, bls. 4-7, gefinn út af Vottum Jehóva.

12. Hvaða rangar hugmyndir eru oft kenndar í skólum?

13. Hvernig er hægt að vernda skólabörn gegn röngum hugmyndum?

bökuðum hugmyndum verða þeir að vita nákvæmlega hvað er verið að kenna börnunum. Foreldrar, munið að þið þurfið líka að gera heimavinnuna ykkar. Sýnið einlægán áhuga á skólanámi barnanna. Talið við þau þegar þau koma heim úr skólanum. Spyrjið hvað þau voru að læra, hvað þeim fannst skemmtilegast og hvað erfiðast. Skoðið heimaverkefni þeirra, glósur og einkunnir. Reynið að kynnast kennurum þeirra. Látið kennarana vita að þið kunnið að meta starf þeirra og viljið gera allt sem þið getið til að vera til aðstoðar.

VINIR BARNANNA

¹⁴ „Hvar í ósköpunum lærðirðu þetta?“ Hversu margir foreldrar hafa ekki spurt þessarar spurningar skelfingu lostnir þegar barnið þeirra sagði eða gerði eitthvað sem virtist svo gersamlega ólíkt því? Og hversu oft tengist ekki svarið nýjum vini í skólanum eða hverfinu? Já, félagar hafa mikil áhrif á okkur hvort sem við erum börn eða fullorðin. „Villist ekki. Vondur félagsskapur spillir góðum siðum,“ sagði Páll postuli. (1. Korintubréf 15:33; Orðskviðirnir 13:20) Unglingar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hópþrýstingi. Þeir eru oft óöruggir með sjálfa sig og hafa stundum mjög sterka löngun til að þóknast félögunum eða vekja hrifningu þeirra. Það er því nauðsynlegt að þeir velji sér góða vini.

¹⁵ Eins og allir foreldrar vita velja börnin ekki alltaf skynsamlega. Þau þurfa leiðsögn. Það þýðir ekki að þú eigir að velja vini fyrir þau. Þegar þau stækka ættirðu að kenna þeim að sýna dómgreind og koma auga á eiginleika sem þau ættu að meta í fari vana.

14. Af hverju er mikilvægt að kristin börn velji sér góða vini?

15. Hvernig geta foreldrar hjálpað börnunum að velja sér vini?

Helsti eiginleikinn er kærleikur til Jehóva og löngun til að gera það sem er rétt í augum hans. (Markús 12:28-30) Kenndu þeim að elska og virða þá sem eru heiðarlegir, vingjarnlegir, örlátir og duglegir. Í biblíunámi fjölskyldunnar geturðu hjálpað börnunum að koma auga á þessa eiginleika í fari biblíupersóna og finna sömu eiginleika í fari annarra í söfnuðinum. Gefðu gott fordæmi með því að nota sömu viðmið þegar þú velur þér vini.

¹⁶ Veistu hverjir eru vinir barna þinna? Væri ekki tilvalið að segja börnunum að bjóða vinum sínum heim svo að þú getir kynnst þeim? Þú gætir líka spurt þau hvað öðrum krökkum finnist um þessa vini. Eru þeir þekktir fyrir heilindi eða fyrir að lifa tvöföldu lífi? Ef hið síðara er rétt skaltu hjálpa börnunum að skilja hvers vegna slíkur félagsskapur getur verið skaðlegur. (Sálmur 26:4, 5, 9-12) Ef þú tekur eftir óæskilegum breytingum í hegðun, klæðaburði, framkomu eða tali barnsins gætirðu þurft að ræða við það um vini þess. Barnið er kannski mikið með vinum sem hafa slæm áhrif. — Samanber 1. Mósebók 34:1, 2.

¹⁷ En það er ekki nóg að kenna börnunum að forðast slæman félagsskap. Hjálpaðu þeim líka að eignast góða vini. Faðir nokkur sagði: „Við reyndum alltaf að gera eitthvað annað í staðinn. Þegar sonur okkar var hvattur til að vera í fótboltaliði skólans settumst við hjónin niður með honum og bentum honum á að það væri ekki góð hugmynd út af félagsskapnum. En síðan stungum við upp á að safna

16. Hvernig geta foreldrar fylgst með því hvers konar vini börnin velja sér?

17, 18. Hvað geta foreldrar gert auk þess að vara börnin við slæmum félögum?

HONUM FANNST HANN EKKI FARA Á MIS VIÐ NEITT

Paul og Lu-Ann eru kristnir foreldrar sem halda stundum boð á heimili sínu. Þau gæta þess að boðin séu ekki of fjölmenn og hafa góða umsjón með öllu. Þau hafa ástæðu til að ætla að börnunum finnist þetta skemmtilegt.

Lu-Ann segir: „Móðir eins bekkjarbróður Erics sonar míns, sem er sex ára, kom að máli við mig og sagðist vorkenna Eric því að hann tæki ekki þátt í afmælisveislunum í bekknum. Ég sagði við hana: „Ég kann að meta að þér er umhugað um son minn. Það segir heilmikið um þig sem persónu. Og sennilega get ég ekki sagt neitt til að sannfæra þig um að Eric finnst hann ekki fara á mis við neitt.“ Hún samsinnti því. Þess vegna sagði ég: „Talaðu endilega við Eric og spyrðu hann sjálfan svo að þú þurfir ekki að hafa áhyggjur.“ Þegar ég var ekki nærri spurði hún Eric: „Finnst þér ekki leiðinlegt að missa af þessum skemmtilegu afmælisveislum?“ Hann horfði á hana hissa og sagði: „Heldurðu að tíu mínútur, nokkrar smákökur og söngur séu veisla? Þú ættir að koma heim til mín og sjá alvöruheislu!“ „Einlægur ákafi drengsins gaf skýr skilaboð – honum fannst hann ekki fara á mis við neitt.“

saman krökkum úr söfnuðinum og fara með þau í boltaleiki í almenningsgarðinum. Það var mjög skemmtilegt.“

¹⁸ Vitrir foreldrar hjálpa börnunum að eignast góða vini og njóta heilnæmrar afþreyingar. En það er engan veginn auðvelt mál að sjá fjölskyldunni fyrir viðeigandi afþreyingu.

HVERS KONAR AÞPREYING?

¹⁹ Hefur Biblían eitthvað á móti því að við skemmtum okkur? Alls ekki. Hún segir: „Að hlæja hefir sinn tíma . . . og að dansa hefir sinn tíma.“* (Prédikarinn 3:4) Fólk Guðs í Ísrael til forna hafði gaman af tónlist, dansi, leikjum og gátum. Jesús Kristur sótti fjölmenna brúðkaupsveislu og „veislu mikla“ sem Matteus Leví hélt fyrir hann. (Lúkas 5:29; Jóhannes 2:1, 2) Hann var greinilega enginn gleðispillir. Þið fjölskyldan skulið aldrei líta svo á að hlátur og skemmtun séu synd.

²⁰ Jehóva er „hinn sæli Guð“. (1. Tímóteusarbréf 1: 11, *Biblían* 1912) Tilbeiðslan á honum ætti því ekki að ræna fólk lífsgleði heldur vera gleðigjafi. (Samanber 5. Mósebók 16:15) Börn eru í eðli sínu gáskafull og fá útrás fyrir orku sína í leik og afþreyingu. Vel valin afþreying er ekki bara skemmtileg. Hún er líka fræðandi og þroskandi. Höfuð fjölskyldunnar ber ábyrgð á að sinna öllum þörfum fjölskyldunnar, þar á meðal þörfinni fyrir afþreyingu. En nauðsynlegt er að gæta jafnvægis.

²¹ Á þessum erfiðu „síðustu dögum“ elska margir „munaðarlífið meira en Guð“ eins og spáð var í Biblíunni. (2. Tímóteusarbréf 3:1-5) Afþreying er aðalatriðið í lífi margra. Svo mikið framboð er á skemmtiefni að það getur auðveldlega skyggt á það sem meira máli skiptir í lífinu. Auk þess snýst afþreying nútím-

* Hebreska orðið, sem hér er þýtt „hlæja“, getur í öðrum myndum þýtt að „leika sér“, „bjóða upp á skemmtun“, „fagna“ eða jafnvel „skemmta sér“.

19. Hvaða dæmi í Biblíunni sýna að það er ekki rangt að gera eitthvað sér til skemmtunar?

20. Hvað ættu foreldrar að hafa hugfast varðandi afþreyingu?

21. Hvað þarf að varast í sambandi við afþreyingu?



***Vel valin fjölskylduafþreying eins og útilæga
getur þroskað börnin og styrkt þau í trúnni.***

ans oft um siðleysi, ofbeldi, fíkniefnaneyslu og annað sem er skaðlegt. (Orðskviðirnir 3:31) Hvernig er hægt að vernda börn gegn skaðlegu skemmtiefni?

²² Foreldrar verða að setja vissar hömlur. Auk þess þurfa þeir að kenna börnunum að meta hvaða afþreying sé skaðleg og hve mikið sé of mikið. Þetta getur tekið tíma og fyrirhöfn. Tökum dæmi. Faðir tveggja drengja tók eftir því að eldri sonurinn hlustaði frekar oft á nýja útvarpsstöð. Dag einn ákvað hann því að stilla á þessa sömu útvarpsstöð í bílnum sínum á leiðinni í vinnuna. Hann stoppaði nokkrum sinnum og hripaði niður texta við viss

22. Hvernig geta foreldrar kennt börnunum að taka viturlegar ákvarðanir í sambandi við afþreyingu?

lög. Seinna settist hann niður með drengjunum og ræddi við þá um það sem hann hafði heyrt. Hann spurði þá viðhorfsspurninga sem byrjuðu á orðum eins og „Hvað finnst ykkur?“ og hlustaði þolinmóður á svör þeirra. Eftir að hafa rökrætt við þá og vitnað í Biblíuna samþykktu drengirnir að hlusta ekki á þessa útvarpsstöð framar.

²³ Skynsamir kristnir foreldrar kynna sér hvaða kvikmyndum, tónlist, sjónvarpsefni, mynddiskum, teiknimyndasögum og tölvuleikjum börnin hafa áhuga á. Þeir skoða kápumyndina, textana og umbúðirnar, lesa gagnrýni í dagblöðum og horfa á sýnishorn úr myndum. Margir eru hneykslaðir á sumri „afþreyingu“ sem er ætluð börnum nú á dögum. Þeir sem vilja vernda börnin gegn skaðlegum áhrifum setjast niður með fjölskyldunni og ræða um hætturnar og nota til þess Biblíuna og biblíutengd rit eins og bókina *Spurningar unga fólksins – svör sem duga* og greinar í tímaritunum *Varðturninn* og *Vaknið!*. * Ef foreldrar setja skýr mörk, eru sanngjarnir og sjálfum sér samkvæmir er árangurinn yfirleitt góður. — Matteus 5:37; Títusarbréfið 3:2.

²⁴ En það er ekki nóg að banna skaðlega afþreyingu. Eitthvað gott þarf að koma í staðinn. Annars geta börnin leiðst út á ranga braut. Margar kristnar fjölskyldur fara saman í lautarferðir, gönguferðir, útilegur, leiki, íþróttir, vina- eða ættingjaheimsóknir eða ferðalög og eiga fjölda góðra minninga um slíkar stundir. Sumum fjölskyldum finnst ánægjulegt

* Gefin út af Vottum Jehóva.

23. Hvernig geta foreldrar verndað börnin gegn óheilnæmri afþreyingu?

24, 25. Hvaða heilnæmu afþreyingar getur fjölskyldan notið saman?

að lesa upphátt saman. Aðrar hafa gaman af því að segja myndar eða áhugaverðar sögur. Og sumar fjölskyldur hafa sameiginleg áhugamál eins og tréskurð eða aðra handavinnu, hljóðfæraleik, listmálun eða að kynna sér sköpunarverk Guðs. Börn, sem læra að hafa gaman af slíkri dægrastyttingu, fá vernd gegn óhreinni afþreyingu og læra að afþreying snýst ekki bara um það að sitja kyrr og láta skemmta sér. Oft er mun skemmtilegra að taka þátt í einhverju heldur en að vera bara áhorfandi.

²⁵ Veislur og heimboð geta líka verið ánægjuleg og gefandi fyrir börnin. Ef gott eftirlit er með slíkum skemmtunum og þær ekki hafðar of fjölmennar eða tímafrekar eru þær ekki aðeins til afþreyingar fyrir börnin heldur styrkja þær einnig kærleiksböndin innan safnaðarins. — Samanber Lúkas 14:13, 14; Júdasarbréfið 12.

FJÖLSKYLDA ÞÍN GETUR SIGRAÐ HEIMINN

²⁶ Það krefst vissulega mikillar vinnu að vernda fjölskylduna gegn skaðlegum áhrifum heimsins. En eitt getur öðru fremur hjálpað foreldrum að ná árangri. Það er kærleikur. Náin og ástrík fjölskyldubönd gera heimilið að öruggu athvarfi og stuðla að góðum tjáskiptum sem eru mikilvæg vernd gegn slæmum áhrifum. Auk þess er enn mikilvægara að rækta með sér annars konar kærleika — kærleika til Jehóva. Þegar allir í fjölskyldunni elska Jehóva eru meiri líkur á því að börnunum finnist óhugsandi að vanþóknast honum með því að láta undan áhrifum heimsins. Foreldrar, sem elska Jehóva, leitast líka við að líkja eftir fordæmi hans og vera kærleiksríkir,

26. Hvað getur hjálpað foreldrum öðru fremur að vernda börnin gegn skaðlegum áhrifum?

sanngjarnir og öfgalausir. (Efesusbréfið 5:1; Jakobsbréfið 3:17) Ef foreldrarnir gera það hafa börnin enga ástæðu til að líta á tilbeiðsluna á Jehóva sem tóm boð og bönn eða gleðisnauda lífsstefnu sem þau vilja helst flýja um leið og færi gefst. Þau sjá þá að tilbeiðslan á Guði er farsælasta og innihaldsríkasta lífsstefna sem völ er á.

²⁷ Fjölskyldur gleðja hjarta Jehóva ef þær eru sameinaðar í að þjóna honum og leggja sig af öllu hjarta fram um að vera „flekklausear og lýtalausar“ og spillast ekki af skaðlegum áhrifum þessa heims. (2. Pétursbréf 3:14; Orðskviðirnir 27:11) Slíkar fjölskyldur feta í fótspor Jesú Krists sem stóðst allar tilraunir sem heimur Satans gerði til að spilla honum. Undir lok þjónustu sinnar hér á jörð gat Jesús sagt: „Ég hef sigrað heiminn.“ (Jóhannes 16:33) Fjölskylda þín getur líka sigrað heiminn og hlotið eilíft líf.

27. Hvernig geta fjölskyldur sigrað heiminn?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLIUNNAR HJÁLPAÐ ÞÉR AÐ VERNDA
FJÖLSKYLDUNA?**

Þekking veitir visku sem getur haldið lífinu
í okkur. — Prédikarinn 7:12.

„Speki þessa heims er heimska hjá Guði.“
— 1. Korintubréf 3:19.

Nauðsynlegt er að forðast slæman félagsskap.
— 1. Korintubréf 15:33.

Þótt afþreying eigi rétt á sér á hún ekki að
vera hóflaus. — Prédikarinn 3:4.

Fjölskyldur einstæðra foreldra

FJÖLSKYLDUR einstæðra foreldra eru sagðar vera sú fjölskyldugerð sem er í örustum vexti í Bandaríkjunum. Sömu sögu er að segja víða annars staðar. Skilnaðir hafa aldrei verið fleiri, sífellt fleiri feður eða mæður yfirgefa fjölskylduna og aldrei hafa fæðst jafn mörg börn utan hjónabands. Milljónir foreldra og barna finna fyrir afleiðingunum.

² „Ég er 28 ára ekkja með tvö börn,“ skrifaði einstæð móðir. „Ég er mjög niðurdregin því að ég vil ekki að börnin mín alist upp föðurlaus. Mér finnst eins og öllum sé sama um mig. Börnin sjá mig oft gráta og það hefur áhrif á þau.“ Auk þess að glíma við tilfinningar á borð við reiði, samviskubit og einmana-leika þurfa flestir einstæðir foreldrar bæði að vinna úti og annast heimilið. Einstætt foreldri sagði: „Þetta er eins og að reyna að halda boltum á lofti. Eftir sex mánaða æfingu ræður maður loksins við fjóra bolta í einu. En um leið og maður er búinn að ná tókum á því kastar einhver að manni nýjum bolta.“

³ Börn einstæðra foreldra eiga líka oft við ýmsa erfiðleika að glíma. Þau geta þurft að takast á við mjög sárar tilfinningar eftir skyndilegt brotthvarf eða dauða annars foreldrisins. Það virðist hafa mjög slæm áhrif á marga unglinga ef annað foreldrið er ekki á heimilinu.

1-3. Hvað veldur því að einstæðum foreldrum fer fjölgandi og hvaða áhrif hefur þetta?

⁴ Fjölskyldur einstæðra foreldra voru til á biblíu-tímanum. Í Biblíunni er ítrekað minnst á „föðurlausa“ og „ekkjur“. (Sálmur 146:9; 2. Mósebók 22:22; 5. Mósebók 24:19-21; Jobsbók 31:16-22) Jehóva Guði stóð ekki á sama um bágingi þeirra. Sálmaritarinn sagði að Guð væri „faðir föðurlausra, vörður ekknanna“. (Sálmur 68:6) Jehóva ber auðvitað sömu umhyggju fyrir einstæðum foreldrum og börnum þeirra núna. Í orði hans er að finna meginreglur sem geta hjálpað þeim að eiga farsælt fjölskyldulíf.

AD ANNAST HEIMILIÐ

⁵ Tökum heimilisreksturinn sem dæmi. „Oft koma upp aðstæður þar sem ég vildi óska þess að ég hefði karlmann á heimilinu,“ viðurkennir fráskilin kona, „eins og þegar óvenjuleg hljóð heyrast í bílnum og ég veit ekki hvaðan þau koma.“ Karlmönnunum, sem hafa nýlega misst eiginkonuna eða gengið í gegnum hjónaskilnað, fallast oft hendur þegar þeir átta sig á því hve heimilissstörfín eru margslungin. Og sé heimilið í reiðileysi eru meiri líkur á að börnin verði ráðvillt og finni til öryggisleysis.

⁶ Hvað getur hjálpað einstæðum foreldrum? Taktu eftir fordæmi vænu konunnar sem talað er um í Orðskviðunum 31:10-31. Hún hafði mörg járn í eldinum – hún keypti, seldi, saumaði, eldaði, fjárfesti í landareign, sinnti búskap og stundaði heimilisiðnað. Hvernig fór hún að þessu? Hún var iðin,

4. Hvernig vitum við að Jehóva er annt um fjölskyldur einstæðra foreldra?

5. Hvaða vandamál blasa við einstæðum foreldrum fyrst í stað?

6, 7. (a) Hvaða fordæmi gaf væna konan sem talað er um í Orðskviðunum? (b) Af hverju er mikilvægt að einstæðir foreldrar sinni heimilisverkunum samviskusamlega?

byrjaði daginn snemma og var að langt fram eftir. Hún var líka vel skipulögð, fól öðrum ýmis verkefni en annaðist önnur sjálf. Það er ekki að furða að hún skyldi fá hrós.

⁷ Einstæðir foreldrar ættu að sinna heimilisstörfunum samviskusamlega af því að það stuðlar að velliðan barnanna. Lærðu að hafa ánægju af þessum störfum. En góð skipulagning er líka nauðsynleg. Biblían segir: „Fyrirætlanir iðjumannsins reynast fésamar vel.“ (Orðskviðirnir 21:5) Einstæður faðir viðurkennir: „Mér hættir til þess að hugsa ekki um matargerð fyrr en ég er orðinn svangur.“ En skipulagðar máltíðir eru oft mun næringarríkari og meira aðlaðandi en matur sem hafður er til í skyndi. Þú gætir líka þurft að læra að sinna nýjum verkefnum. Það má læra ýmislegt með því að lesa handbækur og leita ráða hjá hjálpsömum fagmönnum eða vinum. Sumar einstæðar mæður hafa til dæmis lært að mála, sinna einföldum bílaviðgerðum eða skipta um pakkningar í krana.

⁸ Er sanngjarnt að biðja börnin að hjálpa til? Einstæð móðir sagði: „Maður vill bæta börnunum það upp að hafa bara annað foreldrið með því að ætlast ekki til of mikils af þeim.“ Það er kannski eðlilegt að hugsa þannig en það er ekki víst að það sé börnunum fyrir bestu. Guðhrædd börn á biblíutímanum voru látin vinna viðeigandi heimilisstörf. (1. Mósebók 37:2; Ljódaljóðin 1:6.) Þótt þú þurfir að gæta þess að hlaða ekki of miklu á börnin er viturlegt að gefa þeim verkefni eins og að vaska upp og taka til í herberginu sínu. Af hverju ekki að sinna sumum heimilisstörfum í sameiningu? Það getur verið mjög skemmtilegt.

8. Hvernig geta börn einstæðra foreldra hjálpað til á heimilinu?

AD SJÁ FJÖLSKYLDUNNI FARBORÐA

⁹ Flestum einstæðum foreldrum finnst erfitt að láta enda ná saman og ungar ógiftar mæður eiga oft sérstaklega erfitt með það.* Í löndum þar sem boðið er upp á félagslega aðstoð gæti verið skynsamlegt að þiggja hana, að minnsta kosti þar til maður hefur fundið vinnu. Biblían heimilar kristnu fólki að nýta sér slíka aðstoð þegar þess þarf. (Rómverjabréfið 13: 1, 6) Ekkjur og fráskildar mæður glíma líka við svipuð vandamál. Margar þeirra þurfa að fara aftur út á vinnumarkaðinn eftir að hafa verið heimavinnandi í mörg ár og fá því aðeins láglounastörf. Sumar geta bætt kjör sín með því að endurmennta sig eða fara á stutt námskeið.

¹⁰ Þú mátt búast við því að börnin verði ekki ánægð þegar þú ferð út á vinnumarkaðinn en þú þarft ekki að hafa samviskubit. Reyndu frekar að útskýra fyrir þeim af hverju þú verðir að vinna úti og bentu þeim á að Jehóva ætlist til þess að þú sjáir fyrir þeim. (1. Tímóteusarbréf 5:8) Flest börn laga sig að breyttum aðstæðum með tímanum. Reyndu samt að verja eins miklum tíma með þeim og þú mögulega getur þótt þú sért mjög upptekin. Slík athygli og umhyggja getur líka dregið úr áhrifunum af kröppum fjárhag fjölskyldunnar. — Orðskviðirnir 15:16, 17.

* Kristni söfnuðurinn leggur ekki blessun sína yfir hegðun kristinnar stúlku sem verður ólétt vegna siðleysis. En ef hún iðrast geta safnaðaröldungar og aðrir í söfnuðinum boðið fram hjálp sína.

9. Af hverju eiga einstæðar mæður oft við fjárhagserfiðleika að glíma?

10. Hvernig getur einstæð móðir útskýrt fyrir börnunum af hverju hún verði að vinna úti?



Vertu eins mikið með börnunum og þú getur.

HVER ANNAST HVERN?

¹¹ Það er eðlilegt að einstæðir foreldrar séu sérstaklega nánir börnunum sínum. Þeir þurfa hins vegar að gæta þess að fara ekki yfir hin eðlilegu mörk sem Guð setti milli foreldra og barna. Til dæmis getur það valdið alvarlegum vandræðum ef einstæð móðir ætlast til þess að sonur hennar axli þá ábyrgð að vera húsbóndinn á heimilinu eða ef hún lítur á dóttur sína sem trúnaðarvin og íþyngir henni með persónulegum vandamálum. Slíkt er óviðeigandi og það getur ruglað barnið í ríminu og valdið því streitu.

¹² Fullvissaðu börnin um að þar sem þú sért foreldrið munir þú annast þau en ekki öfugt.

11, 12. Hvaða mörk verða einstæðir foreldrar að virða og hvernig geta þeir gert það?

(Samanber 2. Korintubréf 12:14.) Stundum geturðu þurft á ráðum eða stuðningi að halda. Leitaðu þá til safnaðaröldunga eða ef til vill þroskaðra kristinna kvenna en ekki til barna þinna. – Títusarbréfið 2:3.

AÐ HALDA UPPI AGA

¹³ Það getur verið auðveldara fyrir karlmann en konu að láta taka sig alvarlega þegar beita þarf aga. Einstæð móðir segir: „Synir mínir eru orðnir fullvaxta og komnir með karlmannsraddir. Stundum er erfitt að virka ekki hikandi eða veikburða í samanburði við þá.“ Auk þess gætirðu enn verið að syrgja ástkæran maka eða verið með samviskubit eða fundið til reiði vegna hjónaskilnaðar. Ef þið hafið sameiginlegt forræði óttast þú kannski að barnið kjósi frekar að búa hjá fyrrverandi maka þínum. Það getur verið erfitt að beita víðeigandi aga við slíkar aðstæður.

¹⁴ „Agalaus sveinn gjörir móður sinni skömm,“ segir Biblían. (Orðskviðirnir 29:15) Það er Jehóva þóknanlegt að þú setjir heimilisreglur og sjáir til þess að þeim sé fylgt. Þú þarft því ekki að vera hikandi, hafa samviskubit eða fyllast sektarkennd. (Orðskviðirnir 1:8) Hvikaðu aldrei frá meginreglum Biblíunnar. (Orðskviðirnir 13:24) Reyndu að sýna sanngirni, stefnufestu og ákveðni. Með tímanum hefur það oftast jákvæð áhrif á börnin. En taktu samt tillit til tilfinninga þeirra. Einstæður faðir segir: „Ég varð að milda agann sem ég veitti börnunum af því að það var mikið áfall fyrir þau að missa móður sína. Ég tala við þau hvenær sem færi gefst. Við eigum notalegar stundir saman þegar við eldum

13. Hvers vegna getur verið erfitt fyrir einstæða móður að beita aga?

14. Hvernig geta einstæðir foreldrar haldið uppi víðeigandi aga?

**Börn einstæðra
foreldra þurfa að
vera samstarfsfús.**

matinn. Þá segja þau mér allt sem þeim liggur á hjarta.“

¹⁵ Þeir sem eru fráskildir ávinna ekkert með því að gera lítið úr fyrrverandi maka sínum. Það er sársaukafullt fyrir börnin að hlusta á foreldrana rífast og það grefur að lokum undan virðingu þeirra fyrir ykkur báðum. Forðastu því særandi athugasemdir eins og: „Þú er alveg eins og pabbi þinn.“ Þótt fyrrverandi maki þinn hafi sært þig er hann enn foreldri barnanna og þau þurfa að fá ást, athygli og aga frá ykkur báðum.*

¹⁶ Eins og fram hefur komið í fyrri köflum er agi fölginn í uppeldi og kennslu en ekki aðeins refsingu. Hægt er að forðast mörg vandamál með því að veita börnunum gott trúaruppeldi. (Filippíbréfið 3:16) Regluleg samkomusókn er nauðsynleg.

* Hér er ekki verið að tala um aðstæður þar sem börn gætu þurft vernd gegn ofbeldishneigðu foreldri. Og ef fyrrverandi maki þinn reynir að grafa undan virðingu fyrir þér, kannski til að telja börnin á að flytja til sín, gæti verið gott að tala við reynda vini eins og öldunga í söfnuðinum og leita ráða um heppileg viðbrögð.

15. Hvað ættu fráskildir foreldrar að forðast þegar þeir tala um fyrrverandi maka sinn?

16. Hvernig ættu einstæðir foreldrar að haga trúaruppeldi barnanna?





*Söfnuðurinn
lætur sér annt
um „ekkjur og
föðurlausa“.*

(Hebreabréfið 10:
24, 25) Það er líka
nauðsynlegt að
fjölskyldan taki
sér tíma vikulega
til biblíunáms.
Það er vissulega

ekki auðvelt að halda slíku námi gangandi að stað-
aldri. „Þegar ég kem heim úr vinnunni langar mig
helst til að hvíla mig,“ segir samviskusöm móðir. „En
ég undirbý mig í huganum til að kenna dóttur minni
því ég veit að ég þarf að gera það. Hún hefur mjög
gaman af fjölskyldunáminu okkar.“

¹⁷ Tímóteus, félagi Páls postula, fékk biblíukennslu
hjá móður sinni og ömmu en ekki föður sínum. Samt
sem áður varð hann framúrskarandi þjónn Guðs.
(Postulasagan 16:1, 2; 2. Tímóteusarbréf 1:5; 3:14, 15)
Þú mátt líka búast við góðum árangri ef þú elur börn-
in þín upp „með aga og umvöndun Drottins“. — Efes-
usbréfið 6:4.

BARÁTTAN VIÐ EINMANALEIKA

¹⁸ Einstæð móðir segir í mæðutón: „Einmanaleik-
inn hellist yfir mig þegar ég kem heim, sérstaklega

17. Hvað getum við lært af góðu uppeldi Tímóteusar?

18, 19. (a) Hvaða áhrif getur einmanaleiki haft á einstæða for-
eldra? (b) Hvaða ráð fáum við til að hafa stjórn á holdlegum löng-
unum?

eftir að börnin eru komin í háttinn.“ Já, einmana-leiki er oft eitt stærsta vandamál einstæðra foreldra. Það er eðlilegt að þrá þann innilega félagsskap sem hjónabandið veitir. En ætti einstætt foreldri að reyna að leysa þetta vandamál, hvað sem það kostar? Páll postuli minntist á ungar ekkjur sem urðu „gjálífar og afræktu Krist“. (1. Tímóteusarbréf 5:11, 12) Það væri mjög skaðlegt að láta andlegu gildin víkja fyrir hold-
legum löngunum. — 1. Tímóteusarbréf 5:6.

¹⁹ Kristinn karlmaður sagði: „Kynhvötin getur ver-ið mjög sterk en maður getur stjórnað henni. Ef ein-
hver hugsun skýtur upp kollinum má maður ekki leyfa henni að festa rætur. Maður verður að ýta henni úr huganum. Það getur líka hjálpað að hugsa um hag barnanna.“ Orð Guðs ráðleggur: „Deyðið því hið jarðneska í fari yðar: . . . losta.“ (Kólossubréfið 3:5) Segjum að þú værir að reyna að minnka matar-
lystina. Myndirðu þá lesa blöð sem sýndu myndir af girnilegum mat eða umgangast fólk sem talaði ekki um annað en mat? Sennilega ekki. Hið sama á við um holdlegar langanir.

²⁰ Sumir kristnir menn hafa gripið til þess ráðs að leita sér að maka utan safnaðarins. (1. Korintu-bréf 7:39) Leysti það vandann? Nei. Fráskilin kristin kona sagði: „Það er eitt sem er verra en að vera ein-
hleyp — að vera gift röngum manni.“ Ekkjur á fyrstu öldinni voru örugglega einmana af og til en þær sem voru skynsamar héldu sér uppteknum við að „sýna gestrisni, þvo fætur heilagra, hjálpa bágstödd-
um og leggja stund á hvert gott verk“. (1. Tímóteus-arbréf 5:10) Trúfastir þjónar Guðs nú á dögum, sem

20. (a) Hvaða hættu er samfara því að leita sér að maka utan safnaðarins? (b) Hvernig hefur einhleyp fólk nú á dögum og á fyrstu öldinni tekist á við einmanaleika?

RÁÐ TIL BARNA

Er mamma þín eða pabbi einstætt foreldri? Hvernig geturðu þá hjálpað til? Í fyrsta lagi skaltu vera hlýðinn. Börn hafa ekki leyfi til að „hafna viðvörun móður sinnar“ og gildir þá einu hversu stór þau eru eða hvort þau eru strákar eða stelpur. (Orðskviðirnir 1:8) Jehóva segir þér að hlýða og til langs tíma litid er það þér fyrir bestu. — Orðskviðirnir 23:22; Efesusbréfið 6:1-3.

Sýndu frumkvæði og þakklæti. „Mamma vinnur á spítala og það þarf að strauja vinnufötin hennar þannig að ég geri það fyrir hana,“ segir Tony. „Ég geri það til að létta undir með henni.“ Einstæð móðir segir: „Oft hittist þannig á að þegar ég kem heim úr vinnunni eftir sérstaklega erfiðan dag og er frekar niðurdregin eða pirruð hefur dóttir mín ákveðið að leggja á borð og byrja að hafa til matinn.“

Mundu að samvinna þín er mikilvæg. Það er ekki auðvelt fyrir mömmu þína eða pabba að stjórna biblíunámi fjölskyldunnar eftir erfiðan vinnudag. Ef þú ert ekki samstarfsfús gerirðu illt verra. Reyndu að vera tilbúinn þegar líður að tímanum sem þið hafið ákveðið fyrir námið. Undirbúðu þig fyrir fram. Með því að vera hlýðinn, samstarfsfús og þakklátur geturðu glatt mömmu þína eða pabba og umfram allt gleðurðu Guð.

hafa beðið árum saman eftir að eignast guðhræddan maka, hafa líka haldið sér uppteknum. Sextíu og átta ára kristin ekkja fór að heimsækja aðrar ekkjur þegar hún varð einmana. Hún sagði: „Ég hef komist að raun um að ég hef ekki tíma til að vera einmana ef ég fer í þessar heimsóknir og sinni heimilisverkunum og trúnni.“ Það er sérstaklega gagnlegt að vera upptekinn af því að fræða aðra um Guðsríki. — Matteus 28:19, 20.

²¹ Að vísu er ekki að finna neina töfralausn í glím-
unni við einmanaleika. En það er hægt að fá styrk
frá Jehóva til að umbera einmanakenndina. Kristnir
menn fá slíkan styrk þegar þeir eru stöðugir „í ákalli
og bænum nótt og dag“. (1. Tímóteusarbréf 5:5) Með
ákalli er átt við það að sárþæna Guð um hjálp, jafn-
vel með sárum kveinstöfum og táraföllum. (Saman-
ber Hebreabréfið 5:7.) Það er mikil hjálp í því að út-
hella hjarta sínu fyrir Jehóva „nótt og dag“. Og góðir
vinir geta átt drjúgan þátt í því að fylla tómarmíð.
Þeir geta hughreyst mann með „vingjarnlegum orð-
um“ eins og nefnt er í Orðskviðunum 12:25.

²² Líklegt er þó að einmanakenndin geri vart við
sig af og til. Þá er gott að minna sig á það að allir eiga
við einhverja erfiðleika að glíma. Sannleikurinn er
sá að „bræður okkar um allan heim“ þjást á einn
eða annan hátt. (1. Pétursbréf 5:9) Reyndu að hugsa
ekki of mikið um það sem liðið er. (Prédikarinn 7:10)
Minntu sjálfan þig á hið góða sem þú hefur. Umfram
allt skaltu vera staðráðinn í að vera ráðvönd mann-
eskja og gleðja hjarta Jehóva. — Orðskviðirnir 27:11.

HVERNIG GETA AÐRIR HJÁLPAÐ?

²³ Hjálp og stuðningur trúsystkina er ómetanleg-
ur. Í Jakobsbréfinu 1:27 segir: „Hrein og flekklaus
guðrækni fyrir Guði og föður er þetta, að vitja mun-
aðarlausra og ekkna í þrengingu þeirra.“ Já, kristn-
um mönnum er skylt að aðstoða fjölskyldur ein-
stæðra foreldra. Hvernig er hægt að gera það?

21. Hvernig geta bænir og góðir vinir hjálpað í baráttunni við einmanaleika?

22. Hvað getur hjálpað okkur þegar einmanakenndin gerir vart við sig af og til?

23. Hvaða skyldur hafa kristnir menn gagnvart einstæðum foreldrum í söfnuðinum?

²⁴ Hægt er að veita fjárhagslega aðstoð. Biblían segir: „Ef sá, sem hefur heimsins gæði, horfir á bróður sinn vera þurfandi og lýkur aftur hjarta sínu fyrir honum, hvernig getur kærleikur til Guðs verið stöðugur í honum?“ (1. Jóhannesarbréf 3:17) Gríska frummálsorðið, sem er þýtt „horfir á“, merkir ekki aðeins að líta snöggvast á eitthvað heldur stara á það af ásettu ráði. Af þessu má ráða að hugulsamur safnaðarmaður gæti byrjað á því að kynna sér aðstæður og þarfir fjölskyldunnar. Ef til vill er hún peningapurfi eða það þarf að dytta að einhverju á heimilinu. Og sumir myndu þiggja með þökkum að vera boðið í mat eða fá að eiga ánægjulega stund í góðra vina hópi.

²⁵ Í 1. Pétursbréfi 3:8 segir: „Verið allir samhuga, hluttekningarsamir, bróðurelskir, miskunnssamir.“ Einstæð, sex barna móðir sagði: „Þetta hefur verið erfitt og ég verð niðurdregin af og til. En stundum segir bróðir eða systir við mig: „Joan, þú stendur þig vel. Þú mátt vera viss um að þetta er erfiðisins virði.“ Það er mér mikil hjálp að vita að aðrir hugsa til mín og þeim er annt um mig.“ Eldri konur í söfnuðinum geta veitt verðmæta hjálp þegar ungar, einstæðar mæður eiga í hlut. Þær geta ljáð þeim eyra þegar þær þurfa að segja frá vandamálum sem þeim finnst ef til vill óþægilegt að ræða við karlmann.

²⁶ Karlmenn í söfnuðinum geta aðstoðað á annan hátt. Hinn réttláti Job sagði: „Ég bjargaði . . . munaðarleysingjum, sem enga aðstoð áttu.“ (Jobsbók 29:12) Kristnir karlmenn geta sömuleiðis sýnt föðurlausum börnum heilbrigðan áhuga og kærleik

24. Hvernig væri hægt að aðstoða einstæða foreldra?

25. Hvernig geta aðrir í söfnuðinum sýnt einstæðum foreldrum hluttekningu og samhug?

26. Hvernig geta þroskaðir kristnir karlmenn hjálpað föðurlausum börnum?

af hreinu hjarta' án þess að nokkuð annað búi að baki. (1. Tímóteusarbréf 1:5) Þeir gætu boðið slíkum börnum með sér í boðunarstarfið af og til og boðið þeim að vera með í biblíunámi eða afþreyingu fjölskyldunnar án þess þó að vanrækja eigin fjölskyldu. Slík umhyggja gæti komið í veg fyrir að föðurlaust barn fari út af réttri braut.

²⁷ Einstæðir foreldrar þurfa auðvitað að axla þá ábyrgð sem þeim er lögð á herðar. (Galatabréfið 6:5) Engu að síður njóta þeir ástar trússystkina sinna og kærleika Jehóva Guðs. „Hann annast ekkjur og föðurlausa,“ segir Biblían. (Sálmur 146:9) Með hjálp hans og stuðningi geta fjölskyldur einstæðra foreldra notið hamingju og farsældar.

27. Hverju mega einstæðir foreldrar treysta?

HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FJÖLSKYLDUM EINSTÆÐRA FORELDRA?

Jehóva Guð er „faðir föðurlausra,
vörður ekknanna“. — Sálmur 68:6.

Góð skipulagning er nauðsynleg til að
ná árangri. — Orðskviðirnir 21:5.

Jehóva veitir foreldrum þann rétt að beita
viðeigandi aga. — Orðskviðirnir 1:8.

Kristnar ekkjur ættu að vera bænærknar
og uppteknar af góðum verkum.
— 1. Tímóteusarbréf 5:5, 10.

Einn þáttur sannrar tilbeiðslu er að sýna
„munaðarlausum og ekkjum“ viðeigandi umhyggju.
— Jakobsbréfið 1:27.

Veikindi í fjölskyldunni

FJÖLSKYLDULÍF JOBS hlýtur að hafa verið hamingjuríkt. Biblían segir að hann hafi verið „meiri öllum austurbyggjum“. Hann átti tíu börn, sjö syni og þrjár dætur. Hann gat líka séð vel fyrir heimilinu. Síðast en ekki síst tók hann forystuna í trúarlífi fjölskyldunnar og var umhugað um samband barnanna við Jehóva. Allt þetta stuðlaði að því að fjölskyldan var samrýmd og hamingjusöm. – Jobsbók 1:1-5.

² Það fór ekki fram hjá Satan, erkióvini Jehóva Guðs, að Job gekk allt í hagninn. Satan leitar stöðugt færís að brjóta ráðvendni þjóna Guðs á bak aftur og réðst því á Job og rændi hann eignum og börnum. Síðan sló hann Job „illkynjuðum kaunum frá hvirfli til ilja“. Satan vonaðist til að hörmungar hans og veikindi myndu gera hann afhuga Guði. – Jobsbók 2:6, 7.

³ Biblían segir ekki hvað sjúkdómurinn, sem lagðist á Job, heitir en hún lýsir einkennunum. Líkami hans var þakinn ormum og húðin skorpnaði og flagnaði af. Andardráttur hans og líkami varð illa lyktandi og hann var kvalinn af sársauka. (Jobsbók 7:5; 19:17, *Biblían 2007*; 30:17, 30) Job sat harmþrunginn í öskunni og skóf hold sitt með

1, 2. Hvernig notaði Satan hörmungar og veikindi til að reyna að gera Job afhuga Guði?

3. Lýstu veikindum Jobs.

leirbrotum. (Jobsbók 2:8) Hann var svo sannarlega aumkunarverður.

⁴ Hvernig myndirðu bregðast við ef svona alvarleg veikindi hrjáðu þig? Nú á dögum leggur Satan ekki sjúkdóma á þjóna Guðs eins og hann lagði á Job. En vegna ófullkomleikans, álagsins sem fylgir daglegu lífi og skaðlegra umhverfisáhrifa er við því að búast að sumir í fjölskyldunni veikist af og til. Fáir þurfa að þjást jafnmikið og Job en við getum öll orðið veik þótt við reynum að fyrirbyggja það. Veikindi reyna oft mikið á fjölskylduna. Við skulum því athuga hvernig Biblían hjálpar okkur í baráttunni við þennan gamla óvin mannkyns. – Prédikarinn 9:11; 2. Tímóteusarbréf 3:16.

VIÐBRÖGÐ ÞÍN

⁵ Það er alltaf erfitt þegar eðlilegt líf fer úr skorðum, hver sem ástæðan er, og þá sérstaklega ef það er vegna langvinnra veikinda. Skammvinn veikindi kalla meira að segja á það að maður lagi sig að breyttum aðstæðum, sýni skilning og færi fórnir. Heilbrigðir fjölskyldumeðlimir þurfa ef til vill að hafa hljótt svo að hinn veiki geti hvílst. Þeir gætu líka þurft að neita sér um eitthvað sem þeir eru vanir að gera. En í flestum fjölskyldum finna jafnvel ung börn til með veikum systkini eða foreldri þótt það geti stundum þurft að minna þau á að sýna tillitssemi. (Kólossubréfið 3:12) Þegar um skammvinn veikindi er að ræða er fjölskyldan yfirleitt fús til að gera það sem til þarf. Auk þess vonast líklega flestir í fjölskyldunni til þess að njóta sömu

4. Í hverju lenda allar fjölskyldur af og til?

5. Hvernig bregst fjölskyldan yfirleitt við skammvinnnum veikindum?

*Þegar maðinn veikist
getum við sént hve
sterkur kærleikur
okkar er.*



umhyggju ef þeir veikjast. — Matteus 7:12.

⁶ En segjum sem svo að veikindin séu mjög alvarleg og kosti röt-tækar og langvarandi breytingar. Einhver í fjölskyldunni gæti hafa lamast af völdum heilablóðfalls, verið með heilabilun vegna Alzheimers eða verið veiklaður af öðrum orsökum. Kannski á einhver í fjölskyldunni við geðrænan sjúkdóm að stríða, svo sem geðklofa. Í fyrstu er eðlilegt að finna til vorkunnar í garð hins sjúka og vera sorgmæddur vegna þess að ástvinur á bágt. En síðan fylgja kannski aðrar tilfinningar í kjölfarið. Þegar veikindi einnar manneskju hafa mjög mikil áhrif á líf annarra í fjölskyldunni og skerða jafnvel frelsi þeirra gætu þeir fundið til gremju. Þeir hugsa kannski með sér: Af hverju þurfti ég að lenda í þessu?

⁷ Kona Jobs virðist hafa hugsað eitthvað þessu líkt. Mundu að hún hafði þegar misst börnin sín. Sá harmleikur hlýtur að hafa fyllt hana örvæntingu. Að lokum fékk eiginmaður hennar sársauka-

6. Hver geta viðbrögðin verið ef einhver í fjölskyldunni á við alvarleg og langvarandi veikindi að stríða?

7. Hvernig brást eiginkona Jobs við veikindum hans og hverju virðist hún hafa gleymt?

fullan og andstyggilegan sjúkdóm, hann sem hafði verið svo hraustur og atorkumikill. Þá virðist hún hafa misst sjónar á því sem skipti miklu meira máli en allar þessar hörmungar – sambandi þeirra hjóna við Guð. Biblían segir: „Þá sagði kona [Jobs] við hann: „Heldur þú enn fast við ráðvendni þína? Formæltu Guði og farðu að deyja!“ – Jobs-bók 2:9.

⁸ Margir verða gramir, jafnvel reiðir, þegar líf þeirra gerbreytist vegna veikinda annarra. En þegar kristinn maður hugleiðir málið gerir hann sér eflaust grein fyrir því að veikindin gefa honum tækifæri til að sýna hve einlægur kærleikur hans er. Sannur kærleikur „er langlyndur, hann er góðviljaður . . . [og] leitar ekki síns eigin. . . . Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt.“ (1. Korintubréf 13:4-7) Við ættum ekki að leyfa neikvæðum tilfinningum að ná yfirhöndinni heldur þurfum við að reyna eftir fremsta megni að hafa stjórn á þeim. – Orðskviðirnir 3:21.

⁹ Hvernig er hægt að hlúa að andlegri og tilfinningalegri velferð fjölskyldunnar þegar alvarleg veikindi steðja að? Mismunandi sjúkdómar kalla auðvitað á mismunandi umönnun og meðferð og það væri ekki viðeigandi í þessari bók að mæla með einhverri sérstakri læknismedferð eða heimahlynningu. En Jehóva „reisir upp alla niðurbeygða“ í andlegum skilningi. (Sálmur 145:14) Davíð konungur skrifaði: „Sæll er sá er gefur gaum

8. Hvaða ritningarstaður getur hjálpað fólki að hafa rétt viðhorf ef einhver í fjölskyldunni er alvarlega veikur?

9. Hvaða loforð geta hjálpað fólki andlega og tilfinningalega þegar einhver í fjölskyldunni er alvarlega veikur?

að bágstöddum, á mæðudeginum bjargar Drottinn honum. Drottinn varðveitir hann og lætur hann njóta lífs . . . Drottinn styður hann á sóttarsænginni.“ (Sálmur 41:2-4) Jehóva sér um að varðveita þjóna sína í trúnni jafnvel þegar þeim finnst þeir vera að bugast undan tilfinningaálaginu. (2. Korintubréf 4:7) Margir hafa tekið undir orð sálmaritarans þegar alvarleg veikindi eru í fjölskyldunni: „Ég er mjög beygður, Drottinn, lát mig lífi halda eftir orði þínu.“ – Sálmur 119:107.

HUGARFARIÐ HEFUR MIKIÐ AÐ SEGJA

¹⁰ „Hugrekki mannsins heldur honum uppi í sjúkdómi hans,“ segir í Orðskviðunum, „en dapurt geð, hver fær borið það?“ (Orðskviðirnir 18:14) Alvarleg veikindi geta haft áhrif á hugarástand fjölskyldna og einstaklinga. Hins vegar er „rósamt hjarta . . . líf líkamans“. (Orðskviðirnir 14:30) Hugarfar fólks ræður miklu um það hvernig fjölskyldum gengur að takast á við alvarleg veikindi. – Samanber Orðskviðina 17:22.

¹¹ Kristin kona varð fyrir því áfalli að eiginmaður hennar fékk heilablæðingu aðeins sex árum eftir að þau giftust. „Þetta hafði mikil áhrif á talgetu hans og næstum ómögulegt var að halda uppi samræðum við hann,“ segir hún. „Það kostaði mikla áreynslu að reyna að skilja hvað hann var að segja.“ Ímyndaðu þér einnig gremjuna og angistina sem eiginmaðurinn hlýtur að hafa upplifað. Hvað gerðu hjónin? Þótt þau byggju langt frá söfnuðinum reyndi systirin eftir fremsta megni að vera

10, 11. (a) Hvað er nauðsynlegt fyrir fjölskyldu ef hún þarf að takast á við alvarleg veikindi? (b) Hvað gerði kona nokkur þegar eiginmaður hennar veiktist alvarlega?

sterk í trúnni. Hún fylgdist með öllum upplýsingum sem komu frá söfnuðinum og gætti þess að fá alltaf næga andlega fæðu með því að lesa tímarit-in *Varðturninn* og *Vaknið!* Þetta veitti henni andlegan þrótt til að annast eiginmann sinn þar til hann dó fjórum árum síðar.

¹² Í frásögunni af Job kemur fram að það var hann, hinn sjúki, sem var sterkur. „Fyrst vér höfum þegið hið góða af Guði, ættum vér þá ekki einnig að taka hinu vonða?“ spurði hann eigin konu sína. (Jobsbók 2:10) Það er engin furða að lærisveinninn Jakob skuli nefna Job sem framúrskarandi dæmi um þolinmæði og umburðarlyndi. Í Jakobsbréfinu 5:11 lesum við: „Þér hafið heyrt um þolgæði Jobs og vitið, hvaða lyktir Drottinn gjörði á högum hans. Drottinn er mjög miskunnsamur og líknsamur.“ Hugrekki hins sjúka getur oft hjálpað hinum í fjölskyldunni að vera jákvæðir.

¹³ Flestum kemur saman um að það geti verið erfitt að horfast í augu við veruleikann fyrst í stað þegar upp koma alvarleg veikindi í fjölskyldunni. Þeir benda líka á að það skipti mjög miklu máli að sjá hlutina í réttu ljósi. Það getur verið erfitt í byrjun að breyta venjum fjölskyldunnar. En sá sem leggur sig einlæglega fram getur lagað sig að nýjum aðstæðum. Þá er líka mikilvægt að vera ekki að bera sig saman við aðra og hugsa sem svo að þetta sé ekki sanngjarnt. Það er ekki sjálfgefið að lífið sé auðveldara hjá fólki þar sem allir

12. Hvernig getur hinn sjúki stundum lagt sitt af mörkum, líkt og Job gerði?

13. Hvaða samanburð ættum við að forðast ef alvarleg veikindi eru í fjölskyldunni?

í fjölskyldunni eru frískir. Enginn veit í rauninni hvaða byrðar aðrir þurfa að bera. Allir kristnir menn finna huggun í orðum Jesú: „Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld.“ – Matteus 11:28.

AÐ FORGANGSRAÐA

¹⁴ Þegar alvarleg veikindi eru í fjölskyldunni er gott fyrir alla að muna eftir innblásnu orðunum: „Ef margir leggja á ráðin, fá þau framgang.“ (Orðskviðirnir 15:22) Gæti fjölskyldan hist og rætt um aðstæðurnar sem komnar eru upp? Það væri við-eigandi að gera það, biðja til Guðs og leita leiðsagnar í Biblíunni. (Sálmur 25:4) Hvað ætti að ræða við slíkt tækifæri? Það þarf til dæmis að taka ákvarðanir sem varða læknismedferð, fjármál og fjölskylduna. Hver mun annast sjúklinginn að mestu? Hvernig getur fjölskyldan unnið saman svo hægt sé að veita þá umönnun? Hvaða áhrif hafa þær ákvarðanir, sem teknar eru, á hvern og einn í fjölskyldunni? Hvernig er hægt að sinna trúarlegum þörfum þess sem ber hitann og þungann af umönnun sjúklingsins, svo og öðrum þörfum hans?

¹⁵ Þeir sem biðja einlæglega um handleiðslu Jehóva, hugleiða orð Biblíunnar og fylgja leiðsögn hennar óhikað fá oft meiri blessun en þeir bjuggust við. Það þýðir ekki endilega að hinn sjúki nái bata en þeir sem reiða sig á Jehóva geta treyst að allt fari á besta veg miðað við aðstæður. (Sálmur 55:23) Sálmaritarinn skrifaði: „Miskunn þín

14. Hvernig er hægt að forgangsraða rétt?

15. Hvernig styður Jehóva fjölskyldur þegar við alvarleg veikindi er að stríða?

[studdi mig], Drottinn. Þegar miklar áhyggjur lögðust á hjarta mitt, hressti huggun þín sálu mína.“ – Sálmur 94:18, 19; Sjá einnig Sálmi 63:7-9.

HJÁLPIÐ BÖRNUNUM

¹⁶ Börn geta átt erfitt þegar alvarleg veikindi eru í fjölskyldunni. Það er mikilvægt að foreldrarnir hjálpi þeim að skilja aðstæðurnar sem upp eru komnar og bendi þeim á hvernig þau geti orðið að liði. Ef það er barn sem er veikt þarf að minna systkini þess á að foreldrunum þykir jafn vænt um öll börnin þótt veika barnið fái meiri athygli en hin. Til að hin börnin verði ekki öfundsjúk eða gröm út í veika barnið ættu foreldrarnir að hjálpa þeim að styrkja systkinaböndin, sýna samhug og leggja sitt af mörkum til að takast á við erfiðleikana sem veikindin hafa í för með sér.

¹⁷ Þegar ung börn eiga í hlut er yfirleitt betra að foreldrarnir höfði til tilfinninga þeirra heldur en að gefa langar og flóknar læknisfræðilegar skýringar. Þannig mætti gefa þeim einhverja hugmynd um hvað sjúka barnið er að ganga í gegnum. Ef heilbrigðu börnin sjá að veika barnið getur ekki gert margt af því sem þeim finnst eðlilegt að gera er líkleggra að þau sýni meiri hluttekningu og bróður-elsku. – 1. Pétursbréf 3:8.

¹⁸ Ef börnin eru orðin eldri þarf að sýna þeim fram á að aðstæður eru erfiðar og að allir í fjölskyldunni þurfi að færa fórnir. Ef læknis- og

16, 17. Á hvaða notum mætti ræða við ung börn um veikindi systkinis þeirra?

18. Hvernig er hægt að hjálpa eldri börnum að skilja erfiðleikana sem fylgja veikindum og hvernig gæti það verið þeim til góðs?

sjúkrakostnaður er umtalsverður er ekki víst að foreldrarnir geti veitt hinum börnunum eins mikið og þeir vildu. Ætli börnin taki því illa og finnist þau fara á mis við eitthvað? Eða munu þau sýna skilning á aðstæðum og vera fús til að færa nauðsynlegar fórnir? Það fer að miklu leyti eftir því hvernig málin eru rædd og hvaða andrúmsloft tekst að skapa í fjölskyldunni. Oft hafa veikindi í fjölskyldunni auðveldað foreldrum að kenna börnum sínum að fylgja ráðum Páls: „Gjörið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður. Lítið ekki aðeins á eigin hag, heldur einnig annarra.“ – Filippíbréfið 2: 3, 4.

AFSTAÐA TIL LÆKNISMEÐFERÐAR

¹⁹ Skynsamir kristnir menn eru ekki á móti læknismeðferð svo framarlega sem hún stangast ekki á við lög Guðs. Þegar einhver í fjölskyldunni verður veikur leita þeir aðstoðar sem fyrst til að lina þjáningar hins sjúka. En læknar geta haft ólíkar skoðanir sem þarf að vega og meta. Þar að auki hafa ýmsir nýir sjúkdómar og kvillar skotið upp kollinum á undanförunum árum og stundum er ekki til einhver ein meðferð sem nýtur almennrar viðurkenningar. Stundum getur meira að segja verið erfitt að fá nákvæma sjúkdómsgreiningu. Hvað er þá til ráða?

²⁰ Þótt einn biblíuritarinn hafi verið læknir og Páll postuli hafi gefið vini sínum Tímóteusi gagnleg

19, 20. (a) Hvaða ábyrgð leggst á herðar þeirra sem veita fjölskyldu forstöðu þegar einhver í fjölskyldunni veikist? (b) Hvaða leiðsögn veitir Biblían um læknismeðferð þótt hún sé ekki kennslubók í læknisfræði?



Hægt er að sigrast á erfiðleikum þegar fjölskyldan vinnur saman.

læknisráð er Biblían ekki kennslubók um læknisfræði heldur leiðarvísir um trú og siðferði. (Kólossubréfið 4:14; 1. Tímóteusarbréf 5:23) Þeir sem veita fjölskyldu forstöðu verða því að taka skynsamlegar ákvarðanir um læknismeðferð. Kannski telja þeir nauðsynlegt að fá álit fleiri en eins læknis. (Samanber Orðskviðina 18:17.) Þeir vilja sannarlega fá bestu meðferð sem völ er á fyrir sjúkan ástvin og flestir leita til venjulegra lækna. Sumir kjósa hins vegar óhefðbundnar lækningar. Þetta er persónuleg ákvörðun hvers og eins. En þegar kristnir menn taka ákvarðanir um læknismeðferð láta þeir „orð Guðs vera lampa fóta sinna og ljós á vegum sínum“. (Sálmur 119:105) Þeir fylgja

leiðbeiningum Biblíunnar í einu og öllu. (Jesaja 55:8, 9) Þess vegna forðast þeir greiningaraðferðir sem bera keim af spíritisma og læknismeðferð sem gengur á skjön við meginreglur Biblíunnar. – Sálmur 36:10; Postulasagan 15:28, 29; Opinberunarbókin 21:8.

²¹ Lítum á dæmi. Ung kona frá Asíu fór að kynna sér Biblíuna með aðstoð votta Jehóva. Stuttu síðar fæddi hún stúlkubarn. Barnið fæddist fyrir tímann og vó aðeins 1470 grömm. Konan varð algerlega miður sín þegar lækni sagði henni að barnið yrði alvarlega þroskaheft og myndi aldrei læra að ganga. Hann ráðlagði henni að koma barninu fyrir á stofnun. Eiginmaðurinn var tvístígandi. Hvar gat hún leitað ráða?

²² Hún segir: „Ég mundi eftir að hafa lært í Biblíunni að „synir eru gjöf frá Drottni og ávöxtur móðurkviðarins umbun“.“ (Sálmur 127:3) Hún ákvað að taka þessa „gjöf“ heim og annast hana. Í fyrstu voru aðstæður erfiðar en með hjálp vina í söfnuði Votta Jehóva gat hún annast barnið og veitt því þá sérhæfðu aðstoð sem það þurfti á að halda. Tólf árum síðar kom stúlkan reglulega á samkomur í ríkissalnum og hafði gaman af því að vera með hinum börnunum í söfnuðinum. Móðirin segir: „Ég er innilega þakklát fyrir að hafa tekið rétta ákvörðun byggða á meginreglum Biblíunnar. Nú get ég haft hreina samvisku frammi fyrir Jehóva Guði og er laus við þá eftirsjá sem hefði annars fylgt mér alla ævi.“

21, 22. Að hvaða niðurstöðu komst asísk kona eftir að hafa hugleitt meginreglu í Biblíunni og hvernig reyndist ákvörðun hennar til blessunar?

²³ Veikindi munu ekki þjaka okkur að eilífu. Spámaðurinn Jesaja talaði um þann tíma þegar „enginn borgarúi mun segja: „Ég er sjúk.““ (Jesaja 33:24) Þetta loforð uppfyllist í nýja heiminum sem nálgast óðfluga. En þangað til þurfum við að búa við sjúkdóma og dauða. Sem betur fer fáum við leiðsögn og hjálp í orði Guðs. Hegðunarreglur Biblíunnar eru varanlegar og æðri síbreytilegum skoðunum ófullkominna manna. Það er því viturlegt að taka undir með sálmaritaranum: „Lögmál Drottins er lýtalaust, hressir sálina, vitnisburður Drottins er áreiðanlegur, gjörir hinn fávísa vitran. . . . Ákvæði Drottins eru sannleikur, eru öll réttlát. . . . Að halda þau hefir mikil laun í för með sér.“ — Sálmur 19:8, 10, 12.

23. Hvernig hughreystir Biblían sjúka og þá sem annast þá?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FJÖLSKYLDUM AÐ
TAKAST Á VIÐ ALVARLEG VEIKINDI OG ÞÁ
RÖSKUN SEM ÞAU VALDA?**

Kærleikurinn er langlyndur og umber allt.
— 1. Korintubrэф 13:4-7.

Rétt viðhorf eru mikilvæg. — Orðskviðirnir 18:14.

Gott er að leita ráða áður en mikilvægar
ákvæðanir eru teknar. — Orðskviðirnir 15:22.

Jehóva styður okkur í erfiðleikum lífsins.
— Sálmur 55:23.

Orð Jehóva er leiðarvísir við allar aðstæður.
— Sálmur 119:105.

Varðveittu heimilisfriðinn

Það er mikil gæfa að eiga fjölskyldu þar sem ríkir kærleikur, skilningur og friður. Vonandi er fjölskylda þín þannig. Því miður eru ótal fjölskyldur óhamingjusamar og sundraðar einhverra orsaka vegna. Hvað getur valdið því? Í þessum kafla er rætt um þrennt. Í sumum fjölskyldum eru ekki allir sömu trúar, í öðrum eiga börnin ekki sömu kynforeldra og stundum hefur lífsbaráttan eða löngun í meiri efnisleg gæði sundrandi áhrif. En aðstæður, sem valda sundrunu á einu heimili, hafa ekki endilega áhrif á önnur. Í hverju liggur munurinn?

² Að hluta til liggur munurinn í afstöðu fólks. Ef maður leggur sig einlæglega fram um að skilja sjónarmið hinna í fjölskyldunni er líkleggra að manni takist að varðveita einingu á heimilinu. Það skiptir líka máli hvar leitað er leiðsagnar. Margir fylgja ráðum vinnufélaga, nágranna, dálkahöfunda eða annarra manna. En sumir hafa kynnt sér hvað orð Guðs segir um málið og farið eftir því. Hvernig getur það hjálpað fjölskyldum að varðveita heimilisfriðinn? – 2. Tímóteusarbréf 3:16, 17.

EF EIGINMAÐURINN ER ANNARRAR TRÚAR

³ Biblían varar eindregið við því að giftast ein-

1. Hvað getur valdið sundrunu á heimilum?
2. Hvar leita sumir ráðlegginga um fjölskyldulífið en hvar er bestu leiðsögnina að fá?
3. (a) Hvað segir Biblían um það að giftast einhverjum sem er annarrar trúar? (b) Hvaða meginreglur gilda þótt hjónin séu ekki sömu trúar?

hverjum sem er annarrar trúar. (5. Mósebók 7:3, 4; 1. Korintubréf 7:39) En kannski kynntist þú sannleika Biblíunnar eftir að þú giftir þig en maðurinn þinn ekki. Hvað þá? Að sjálfsögðu er hjúskaparheitið enn í fullu gildi. (1. Korintubréf 7:10) Biblían leggur áherslu á að hjónabandið sé varanlegt og hvetur hjón til að leysa vandamál sín í stað þess að flýja þau. (Efesusbréfið 5:28-31; Títusarbréfið 2:4, 5) En hvað er til ráða ef maðurinn þinn er mjög andvígur því að þú stundir þá trú sem Biblían boðar? Kannski reynir hann að koma í veg fyrir að þú sækir safnaðarsamkomur eða segist ekki vilja að konan sín gangi í hús og tali um trúmál. Hvað geturðu þá gert?

⁴ Spyrðu sjálfa þig hvers vegna manninum þínum sé þannig innanbrjósts. (Orðskviðirnir 16:23) Það er eðlilegt að hann hafi áhyggjur af þér ef hann skilur ekki hvað þú ert að gera. Hann gæti líka verið undir þrýstingi frá ættingjum þar sem þú tekur ekki lengur þátt í vissum siðum og venjum sem þeim finnst mikilvægir. „Þegar ég var einn heima fannst mér ég yfirgefinn,“ sagði eiginmaður nokkur. Honum fannst trúin vera að gleypa konuna sína. Hann var hins vegar of stoltur til að viðurkenna að hann væri einmana. Þú þarft ef til vill að fullvissa manninn þinn um að þú elskir hann ekkert minna þótt þú elskir Jehóva. Gættu þess að gefa þér tíma til að vera með honum.

⁵ Til að taka viturlega á málum þarf að hafa annað í huga sem er enn mikilvægara. Orð Guðs hvetur eiginkonur: „Verið undirgefnar mönnum yðar, eins

4. Hvernig getur kona sett sig í spor eiginmannsins ef hann er ekki sömu trúar og hún?

5. Hvaða jafnvægi þarf kona að finna ef eiginmaður hennar er annarrar trúar?



Reyndu að skilja sjónarmið maka þíns.

og sómir þeim, er Drottinn heyra til.“ (Kólossubréfið 3:18) Biblían varar sem sagt við sjálfstæðisanda. Og orðin „eins og sómir þeim, er Drottinn heyra til,“ gefa til kynna að eiginkona eigi ekki aðeins að vera undirgefin manninum heldur einnig Drottinn. Þarna þarf að ríkja ákveðið jafnvægi.

⁶ Samkomusókn og boðun trúarinnar eru ómissandi þættir sannrar guðsdýrkunar sem kristinn maður má ekki vanrækja. (Rómverjabréfið 10:9, 10, 14; Hebreabréfið 10:24, 25) Hvað myndirðu þá gera ef einhver bannaði þér að fylgja ákveðnum fyrirmælum Guðs? Postular Jesú Krists sögðu: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ (Postulasagan 5:29) Afstaða þeirra er okkur fyrirmynd sem fylgja má á mörgum sviðum lífsins. Elskarðu Jehóva nógu heitt til að veita honum þá hollustu sem honum ber? Og elskarðu og virðir eiginmann þinn nógu mikið til að reyna að

6. Hvaða meginreglur ætti kristin eiginkona að hafa í huga?

láta ekki hollustu þína við Jehóva skaprauna honum? – Matteus 4:10; 1. Jóhannesarbréf 5:3.

⁷ Jesús benti á að þetta væri ekki alltaf hægt. Vegna andstöðu gegn sannri tilbeiðslu myndi sumum kristnum mönnum finnast fjölskyldan hafna sér, rétt eins og sverð hefði klofið fjölskylduna. (Matteus 10:34-36) Kona í Japan kynntist þessu af eigin raun. Eiginmaðurinn var henni andsnúinn í 11 ár. Hann fór mjög illa með hana og læsti hana oft úti. En hún gafst ekki upp. Vinir hennar í söfnuðinum hjálpuðu henni. Hún bað án afláts til Guðs og sótti mikinn styrk í 1. Pétursbréf 2:20. Hún var sannfærð um að ef hún væri staðföst myndi maðurinn hennar að lokum gerast þjónn Jehóva líkt og hún. Og það gerði hann.

⁸ Það er margt sem þú getur gert til að hafa áhrif á afstöðu mannsins þíns. Ef hann er mótfallinn trú þinni skaltu ekki gefa honum ástæðu til að finna að þér á öðrum sviðum. Haltu heimilinu hreinu. Hugaðu vel að útliti þínu. Vertu óspör á að tjá honum ást þína og segja honum hve mikils þú metur hann. Styddu hann frekar en að gagnrýna. Sýndu að þú fylgir forystu hans fúslega. Svaraðu ekki í sömu mynt ef þér finnst hann hafa gert á hlut þinn. (1. Pétursbréf 2:21, 23) Mundu að hann er ekki fullkominn. Sýndu auðmýkt og vertu fyrri til að biðjast afsökunar ef upp kemur ágreiningur. – Efesusbréfið 4:26.

⁹ Láttu ekki samkomurnar verða til þess að maturinn sé ekki tilbúinn á réttum tíma. Þú gætir líka kosið að fara í boðunarstarfið þegar maðurinn þinn er ekki heima. Það er skynsamlegt af kristinni konu

7. Hvaða staðfestu verður kristin eiginkona að sýna?

8, 9. Hvað ætti kona að gera til að leggja ekki stein í götu eiginmannsins að óþörfu?

að prédika ekki fyrir eiginmanninum ef hann vill það ekki. Hún ætti frekar að fylgja leiðbeiningum Péturs postula: „Eins skuluð þér, eiginkonur, vera undirgefnaðar eiginmönnum yðar, til þess að jafnvel þeir, sem vilja ekki hlýða orðinu, geti unnist orðalaust við hegðun kvenna sinna, þegar þeir sjá yðar grandvöru og skírlífu hegðun.“ (1. Pétursbréf 3:1, 2) Kristnar eiginkonur ættu að leggja sig allar fram um að sýna ávöxt andans. — Galatabréfið 5:22, 23.

EF EIGINKONAN ER EKKI Í TRÚNNI

¹⁰ Segjum nú svo að eiginmaðurinn sé í trúnni en konan ekki. Biblían gefur leiðbeiningar sem eiga við þessar aðstæður. Hún segir: „Ef bróðir nokkur á vantrúaða konu og hún lætur sér það vel líka að búa saman við hann, þá skilji hann ekki við hana.“ (1. Korintubréf 7:12) Biblían hvetur eiginnmenn sömuleiðis: „Elskið eiginkonur yðar.“ — Kólossubréfið 3:19.

¹¹ Ef konan þín er ekki sömu trúar og þú skaltu gæta þess sérstaklega að sýna henni virðingu og gefa gaum að tilfinningum hennar. Hún er fullorðin manneskja og hefur því töluvert svigrúm til að stunda trú sína jafnvel þótt trúarskoðanir ykkar fari ekki saman. Ætlastu ekki til þess að hún afneiti rótgrónum trúarhugmyndum og taki upp nýjar í fyrsta skipti sem þú talar við hana um trú þína. Sýndu þolinmæði og rökræddu við hana um kenningar Biblíunnar í stað þess að segja henni umbúðalaust að trúarvenjur, sem eru henni og fjölskyldu

10. Hvernig ætti eiginmaður að koma fram við konu sína ef hún er annarrar trúar?

11. Hvers vegna er mikilvægt að eiginmaður sýni góða dómgreind og fari vel með forystuhlutverkið ef eiginkonan er ekki í trúnni?

hennar kærar, séu rangar. Kannski finnst henni þú vanrækja sig ef þú notar mikinn tíma í safnaðarlífið. Hún setur sig ef til vill upp á móti því sem þú gerir til að þjóna Jehóva en er í rauninni að segja: „Gefðu mér meira af tíma þínum.“ Vertu þolinmóður. Ef þú sýnir henni ást og umhyggju tekst þér kannski með tímanum að hjálpa henni að taka upp sanna tilbeiðslu. — Kólossubréfið 3:12-14; 1. Pétursbréf 3: 8, 9.

UPPELDI BARNANNA

¹² Á heimili, sem er ekki sameinað í sömu trú, getur orðið ósætti um trúfræðslu barnanna. Hvernig ætti að beita meginreglum Biblíunnar þegar svo háttar til? Biblían felur föðurnum meginábyrgðina á því að kenna börnunum en móðirin hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna. (Orðskviðirnir 1:8; samanber 1. Mósebók 18:19; 5. Mósebók 11:18, 19.) Þótt faðirinn fylgi ekki forystu Krists er hann eftir sem áður höfuð fjölskyldunnar.

¹³ Margir fedur, sem eru ekki í trúnni, hafa ekkert á móti því að móðirin sjái um trúarlega uppfræðslu barnanna. En sumir vilja það alls ekki. Hvað er til ráða ef maðurinn þinn leyfir þér ekki að taka börnin með á safnaðarsamkomur eða bannar þér jafnvel að fræða þau um Biblíuna innan veggja heimilisins? Þá þarftu að samræma eins vel og þú getur skyldur þínar við Jehóva Guð, manninn þinn og börnin. Hvernig geturðu gert það?

¹⁴ Að sjálfsögðu gerirðu þetta mál að bænarefni. (Filippíbréfið 4:6, 7; 1. Jóhannesarbréf 5:14) En að

12. Hvernig ætti að beita meginreglum Biblíunnar við fræðslu barnanna ef hjónin eru ekki sömu trúar?

13, 14. Hvað getur kona gert ef eiginmaðurinn bannar henni að fara með börnin á samkomur eða fræða þau um Biblíuna?

lokum verðurðu sjálf að ákveða hvað þú gerir. Andstaða eiginmanns þíns gæti dvínað ef þú ert háttvís og gerir honum ljóst að þú ert ekki að ögra forræði hans. Þótt hann banni þér að fara með börnin á samkomur eða fræða þau á skipulegan hátt um Biblíuna geturðu kennt þeim margt í daglegum samræðum og með því að vera góð fyrirmynd. Reyndu að vekja með þeim kærleika til Jehóva, trú á orð hans og virðingu fyrir foreldrum sínum – þar á meðal föður þeirra. Kenndu þeim að bera umhyggju fyrir öðrum og brýndu fyrir þeim að vera dugleg og samviskusöm. Með tímanum getur verið að faðirinn taki eftir góðum árangri af erfiði þínu og kunni að meta það sem þú hefur gert. – Orðskviðirnir 23:24.

¹⁵ Maður, sem á vantrúaða eiginkonu, verður að axla þá ábyrgð að ala börnin upp „með aga og umvöndun Drottins“. (Efesusbréfið 6:4) En jafnframt þarf hann alltaf að gæta þess að vera hlýlegur, kærleiksríkur og sanngjarn gagnvart konunni.

EF ÞÚ ERT ANNARRAR TRÚAR EN FORELDRARNIR

¹⁶ Nú á dögum er orðið algengt að börn undir lögaldri tileinki sér aðrar trúarskoðanir en foreldrarnir. Hefur þú gert það? Þá gefur Biblían þér góð ráð.

¹⁷ Í orði Guðs segir: „Hlýðið foreldrum yðar vegna Drottins, því að það er rétt. Heiðra föður þinn og móður.“ (Efesusbréfið 6:1, 2) Þetta felur í sér að bera heilbrigða virðingu fyrir foreldrum sínum. En þótt mikilvægt sé að hlýða foreldrunum er einnig mikilvægt að hlýða hinum sanna Guði. Þegar barn verður

15. Hvaða ábyrgð verður trúaður faðir að axla í sambandi við fræðslu barnanna?

16, 17. Hvaða meginreglur verða börn að hafa í huga ef þau tilinka sér aðrar trúarskoðanir en foreldrarnir?

nógu gamalt til að taka eigin ákvarðanir þarf það að bera aukna ábyrgð á verkum sínum gagnvart landslögum en ekki síður gagnvart lögum Guðs. „Sérhver af oss [skal] lúka Guði reikning fyrir sjálfan sig,“ segir Biblían. — Rómverjabréfið 14:12.

¹⁸ Ef trú þín verður til þess að þú gerir einhverjar breytingar í lífi þínu skaltu reyna að skilja sjónarmið foreldra þinna. Þau verða sennilega ánægð ef kenningar Biblíunnar, sem þú ert að læra, gera þig kurteisari, hlýðnari og fúsari til að rækja vel þær skyldur sem þau leggja þér á herðar. En ef nýja trúin verður einnig til þess að þú hafnar trú og siðum, sem þeim þykir vænt um, finnst þeim þú kannski vera að lítilsvirða þann trúararf sem þau vildu gefa þér. Þau óttast ef til vill um hag þinn ef það sem þú ert að gera er ekki vinsælt í þjóðfélaginu eða ef það beinir huga þínum frá því sem þau telja að geti orðið þér til framdráttar fjárhagslega. Stolt gæti líka haft áhrif á afstöðu þeirra. Hugsanlega finnst þeim þú vera að gefa í skyn að þú sért á réttri braut en þau ekki.

¹⁹ Reyndu því að gera ráðstafanir eins fljótt og þú getur til að foreldrar þínir hitti öldunga eða aðra þroskaða votta í söfnuðinum. Hvettu þá til að koma í ríkissalinn til að heyra sjálfir hvað er fjallað um á samkomum og sjá með eigin augum hvers konar fólk vottar Jehóva eru. Afstaða þeirra gæti mildast með tímanum. Jafnvel þótt foreldrar séu mjög mótfallnir trú barna sinna, eyðileggi biblífunámsrit þeirra og banni þeim að fara á samkomur er yfirleitt hægt að lesa annars staðar, tala við trúsystkini og vitna fyrir öðrum með óformlegum hætti.

18, 19. Hvernig getur barn, sem er annarrar trúar en foreldrar, hjálpað þeim að skilja trúna betur?

Þú getur líka beðið til Jehóva. Sumir unglingar verða að sætta sig við að geta ekki gert meira fyrr en þeir eru orðnir nógu gamlir til að flytja að heiman. En hvernig sem aðstæðurnar eru heima fyrir skaltu ekki gleyma að „heiðra föður þinn og móður“. Leggðu þitt af mörkum til að stuðla að friði á heimilinu. (Rómverjabréfið 12:17, 18) Og umfram allt skaltu eiga frið við Guð.

VANDINN AÐ VERA STJÚPFORELDRI

²⁰ Á mörgum heimilum er mesti vandinn ekki fólgin í trúnni heldur fjölskyldutengslunum. Það er orðið algengt að þegar stofnað er til hjúskapar eigi annað eða bæði hjónanna börn úr fyrra hjónabandi. Í slíkum fjölskyldum er ekki óalgengt að börnin finni fyrir afbrýði og gremju eða viti ekki hverjum þau eigi að sýna hollustu. Það gæti orðið til þess að þau taki það óstínt upp þegar stjúpforeldrið reynir að vera góður faðir eða móðir. Hvað getur hjálpað stjúp-fjölskyldum að eiga farsælt fjölskyldulíf?

²¹ Það er gott að hafa hugfast að þær meginreglur, sem stuðla almennt að farsælu fjölskyldulífi, gilda einnig hjá stjúp-fjölskyldum þó að aðstæður þeirra séu ekki hefðbundnar. Það virðist kannski leysa ákveðin vandamál til skamms tíma lítið að hunsa þessar meginreglur en það er sennilega ávísun á sorgir og erfiðleika síðar. (Sálmur 127:1; Orðskviðirnir 29:15) Þroskaðu með þér visku og skilning. Sýndu þá visku að fara eftir meginreglum Guðs því að það er til góðs þegar til langs tíma er lítið. Reyndu að glöggva þig á því hvers vegna fjölskyldumeðlimir

20. Hvaða tilfinningar gætu togast á hjá börnum í stjúp-fjölskyldu?

21. Af hverju ættu stjúpforeldrar að fylgja meginreglum Biblíunnar þótt aðstæður þeirra séu ekki hefðbundnar?

segja og gera vissa hluti. Það er líka mikilvægt að sýna samkennd og setja sig í spor þeirra. — Orðskviðirnir 16:21; 24:3; 1. Pétursbréf 3:8.

²² Stjúpforeldrar minnast þess kannski að börnin tóku þeim fagnandi meðan þeir voru bara fjölskylduvinir. En þegar þeir urðu stjúpforeldrar barnanna breyttist viðmótið. Börnunum verður ef til vill hugsað til kynforeldris síns sem býr ekki lengur með þeim og hollusta þeirra við stjúpforeldrið og kynforeldrið togast á. Þeim finnst kannski að þú ætlir að taka frá þeim þá ást sem þau bera til foreldrisins sem er ekki á staðnum. Þau gætu átt til að segja þér umbúðalaust að þú sért *ekki* mamma þeirra eða pabbi. Þetta er særandi. En „ver þú eigi fljótur til að láta þér gremjast“. (Prédikarinn 7:9) Þú þarft að sýna skilning og samkennd til að bregðast rétt við tilfinningum barnsins.

²³ Þessir eiginleikar eru mjög mikilvægir þegar börnin þurfa á ögun að halda. Aginn þarf að vera stefnufastur. (Orðskviðirnir 6:20; 13:1) En þar sem börn eru ólík getur þurft að aga þau á mismunandi hátt. Sumir stjúpforeldrar hafa komist að raun um að oft er betra fyrst í stað að kynforeldrið sjái um þennan þátt uppeldisins. Báðir foreldrar þurfa samt að vera sammála um ögunina og fylgja henni eftir. Þeir mega ekki gera upp á milli sinna barna og stjúpbarnanna. (Orðskviðirnir 24:23) Börnin þurfa að vera hlýðin en það má ekki ætlast til þess að þau geri aldrei mistök. Gerðu ekki of mikið úr hlutunum. Agaðu börnin í kærleika. — Kólossubréfið 3:21.

22. Af hverju gæti börnum fundist erfitt að sætta sig við stjúpforeldri?

23. Hvað er gott að hafa í huga þegar þarf að aga börn í stjúpfjölskyldu?



***Bæði kynforeldrar og stjúpfórelldrar ættu að
reiða sig á leiðbeiningar Biblíunnar.***

²⁴ Oft er hægt að afstýra erfiðleikum með því að ræða málin sameiginlega. Það getur auðveldað fjölskyldunni að einbeita sér að því sem mestu máli skiptir í lífinu og leitt öllum fyrir sjónir hvernig þeir geta stuðlað að því að fjölskyldan nái markmiðum sínum. (Samanber Filippíbréfið 1:9-11.) Opinskáar umræður geta líka komið í veg fyrir vanda af siðferðilegu tagi. Stúlkur þurfa að gera sér grein fyrir því hvernig þær eigi að klæðast og hegða sér í návist stjúpföður síns og stjúpbræðra. Og drengir þurfa að fá leiðbeiningar um viðeigandi framkomu við stjúpmóður og stjúp systur. — 1. Þessaloníkubréf 4:3-8.

24. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir vanda af siðferðilegu tagi í stjúp fjölskyldum?

LÖGGILT HJÓNABAND STUÐLAR AÐ FRÍÐI OG REISN

Nú á dögum er algengt að karl og kona búi í óvígðri sambúð, án þess að vera lagalega skuldbundin hvort öðru. Sá sem er nýr í trúnni gæti verið í þessari aðstöðu. Oft er sambúðin talin góð og gild í samfélaginu eða samkvæmt ættflokkahefð en er ekki formlega skráð hjá yfirvöldum. Biblían gerir hins vegar kröfu um að hjónabandið sé lögskráð. (Títusarbréfið 3:1; Hebreabréfið 13:4) Innan kristna safnaðarins gildir það ákvæði Biblíunnar að maður eigi aðeins eina konu og kona aðeins einn mann. (1. Korintubréf 7:2; 1. Tímóteusarbréf 3:2, 12) Fyrsta skrefið í átt að friðsömu heimilislífi er að fylgja þessu ákvæði. (Sálmur 119:165) Kröfur Jehóva eru hvorki óraunhæfar né íþyngjandi. Allt sem hann kennir er okkur til góðs. — Jesaja 48:17, 18.

²⁵ Að vera stjúpforeldri er heilmikil áskorun og kostar mikla þolinmæði. Það tekur tíma að mynda ný fjölskyldubönd. Það er ekki hlaupið að því að ávinna sér ást og virðingu barna sem maður á ekki sjálfur. En það er hægt. Viturt og hyggið hjarta ásamt sterkri löngun til að þóknast Jehóva er lykillinn að því að varðveita heimilisfrið stjúpfjölskyldunnar. (Orðskviðirnir 19:8) Þessir eiginleikar geta líka hjálpað þér á öðrum sviðum.

VELDUR SÓKN Í EFNISLEG GÆÐI SUNDRUNGU Í FJÖLSKYLDUNNI?

²⁶ Fjárhagserfiðleikar og röng viðhorf til efnislegra

25. Hvaða eiginleikar geta stuðlað að friði í stjúpfjölskyldu?

26. Hvernig geta fjárhagserfiðleikar og röng viðhorf til efnislegra hluta valdið sundrungu í fjölskyldunni?

hluta geta valdið sundrunu í fjölskyldunni. Því miður gerist það að deilur um peningamál og löngun til að vera ríkur – eða að minnsta kosti aðeins ríkari – raska friði sumra fjölskyldna. Ósamlyndi getur skapast þegar bæði hjónin vinna úti og fara að líta svo á að þau eigi ein þá peninga sem þau vinna sér inn. Og jafnvel þótt útivinnandi hjónum takist að forðast rifrildi gæti vinnutíminn verið þannig að þau hafi lítinn tíma til að vera saman. Það verður sífellt algengara að feður séu fjarri fjölskyldunni langtímum saman – svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir – til að þéna meira en þeir gætu gert á heimaslóðum. Þetta getur haft mjög alvarleg vandamál í för með sér.

²⁷ Það er ekki hægt að setja neinar reglur um þessi mál þar sem þarfir fólks eru ólíkar og vandamálin sömuleiðis. En leiðbeiningar Biblíunnar geta eftir sem áður komið að gagni. Í Orðskviðunum 15:22 er til dæmis bent á að hægt sé að forðast óþarfa árekstra með því að „leggja á ráðin“ í sameiningu. Það er ekki aðeins fólgið í því að segja sína eigin skoðun heldur líka að leita ráða maka síns og heyra hvernig hann lítur á málin. Raunhæf fjárhagsáætlun getur einnig hjálpað öllum í fjölskyldunni að leggjast á eitt. Stundum getur verið nauðsynlegt, að minnsta kosti um tíma, að bæði hjónin vinni úti til að standa straum af auknum útgjöldum, sérstaklega ef þau eiga fyrir börnum eða öðrum að sjá. Þá ætti eiginmaðurinn að gæta þess vel að þau hjónin hafi samt tíma til vera hvort með öðru. Hann og börnin ættu að sýna þá umhyggju að hjálpa til við þau störf sem húsmóðirin var kannski vön að sinna ein. – Filippíbréfið 2:1-4.

27. Hvaða meginreglur geta hjálpað fjölskyldu sem á í fjárhags-erfiðleikum?

²⁸ Hafðu samt hugfast að þótt peningar séu nauðsynlegir í þessum heimi færa þeir ekki hamingju. Og ekki veita þeir okkur líf. (Prédikarinn 7:12) Of mikil áhersla á efnislega hluti er ávísun á trúarlegt og siðferðilegt skipbrot. (1. Tímóteusarbréf 6:9-12) Það er mun skynsamlegra að leita fyrst ríkis Guðs og réttlætis. Þá lofar hann að blessa viðleitni okkar til að sjá okkur farborða. (Matteus 6:25-33; Hebreabréfið 13:5) Láttu andleg mál hafa forgang í lífinu og leggðu þig fram um að eiga frið við Guð öðrum fremur. Þá eru góðar líkur á að fjölskyldan verði sameinuð um það sem mestu máli skiptir þrátt fyrir erfiðar aðstæður af ýmsum toga.

28. Hvaða leiðbeiningar geta hjálpað fjölskyldum að vinna að einingu?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FJÖLSKYLDUM AÐ
VARÐVEITA HEIMILISFRÍÐINN?**

Kristnir menn verða að tileinka sér visku og hyggindi. — Orðskviðirnir 16:21; 24:3.

Hjón geta elskað og virt hvort annað þó að þau séu ekki sömu trúar. — Efesusbréfið 5:23, 25.

Kristinn maður brýtur aldrei lög Guðs af ásettu ráði. — Postulasagan 5:29.

Kristnir menn eru friðsamir.
— Rómverjabréfið 12:18.

Vertu ekki fljótur til að móðgast.
— Prédikarinn 7:9.

Að sigrast á vandamálum sem skaða fjölskylduna

GAMLI bíllinn er nýpveginn og bónaður. Fljótt á litid virðist hann fallegur og gljáandi, næstum eins og nýr. En undir yfirborðinu er hann að ryðga í sundur. Þannig eru sumar fjölskyldur. Allt er slétt og fellt á yfirborðinu en á bak við brosandí andlitið býr ótti og sársauki. Að baki luktum dyrum eru eyðingaröfl að verki sem eru að spilla heimilisfriðnum. Tvö af þeim vandamálum, sem geta haft þessi áhrif, eru alkóhólismi og ofbeldi.

SKAÐLEG ÁHRIF ALKÓHÓLISMA

² Hófleg notkun áfengis er ekki fordæmd í Biblíunni en drykkjuskapur er hins vegar fordæmdur. (Orðskviðirnir 23:20, 21; 1. Korintubríf 6:9, 10; 1. Tímóteusarbréf 5:23; Títusarbréfið 2:2, 3) Alkóhólismi er aftur á móti meira en drykkjuskapur. Alkóhólístinn hugsar ekki um annað en að drekka og er búinn að missa algerlega tókin á neyslunni. Fullorðnir geta verið alkóhólistar en því miður geta unglingar verið það líka.

³ Biblían gaf til kynna endur fyrir löngu að misnotkun áfengis gæti spillt friði fjölskyldunnar. (5. Mósebók 21:18-21) Skaðleg áhrif alkóhólismans koma niður á allri fjölskyldunni. Oft verður eigin-

1. Hvaða dulin vandamál eiga sumar fjölskyldur við að stríða?
2. (a) Hvað segir Biblían um neyslu áfengis? (b) Hvað er alkóhólismi?
- 3, 4. Lýstu áhrifum alkóhólisma á maka og börn alkóhólistans.

kona alkóhólistans algerlega upptekin af því að reyna að fá hann til að hætta að drekka eða reyna að takast á við óútreiknanlega hegðun hans.* Hún felur áfengið, hellir því niður, felur peningana fyrir honum og höfðar til ástar hans á fjölskyldunni, lífinu eða jafnvel Guði en allt kemur fyrir ekki – alkóhólistinn heldur áfram að drekka. Þegar tilraunir hennar til að hafa hemil á drykkju hans bera ekki árangur verður hún vonsvikin og óánægð með sjálfa sig. Ótti, reiði, sektarkennd og kvíði sækja á hana. Hún verður taugaóstyrk og sjálfsvirðingunni hrakar.

⁴ Alkóhólismi foreldra kemur oft niður á börnunum. Sum sæta líkamlegu ofbeldi, stundum kynferðisofbeldi. Þau kenna jafnvel sjálfum sér um að foreldrið skuli drekka. Óútreiknanleg hegðun alkóhólistans getur orðið til þess að þau verði ófær um að treysta öðrum. Þar sem þau eiga erfitt með að tala um það sem er að gerast á heimilinu læra þau kannski að bæla niður tilfinningar sínar en það hefur oft skaðleg áhrif á heilsufar þeirra. (Orðskviðirnir 17:22) Þessi börn skortir sjálfstraust og sjálfsvirðingu sem getur fylgt þeim allt til fullorðinsára.

HVAD GETUR FJÖLSKYLDAN GERT?

⁵ Margt fagfólk segir að alkóhólismi sé ólæknandi en flestir eru á einu máli um að hægt sé að ná sér að töluverðu leyti með *algeru bindindi*. (Samanber Matteus 5:29.) Það er þó hægara sagt en gert að fá alkóhólistann til að þiggja hjálp því að hann neitar því yfirleitt að hann eigi við vanda að stríða. En

* Þó að talað sé um alkóhólistann í karlkyni eiga sömu meginreglur við ef alkóhólistinn er kona.

5. Hvernig er hægt að takast á við alkóhólisma en af hverju er það erfitt?

þegar fjölskyldan gerir ráðstafanir til að bregðast við þeim áhrifum, sem alkóhólistinn hefur haft, rennur kannski upp fyrir alkóhólistanum að hann á við vandamál að stríða. Læknir, sem hefur reynslu af því að hjálpa alkóhólistum og fjölskyldum þeirra, segir: „Ég held að það sé mikilvægast fyrir fjölskylduna að halda áfram að lifa lífinu á sem heilbrigðastan hátt. Alkóhólistinn rekur sig þá meir og meir á það hve mikill munur er á honum og hinum í fjölskyldunni.“

⁶ Innblásin ráð Biblíunnar geta hjálpað fjölskyldu, sem býr með alkóhólista, að lifa sem heilbrigðustu lífi. (Jesaja 48:17; 2. Tímóteusarbréf 3:16, 17) Við skulum líta á nokkrar meginreglur sem hafa hjálpað fjölskyldum að glíma við þetta vandamál.

⁷ *Taktu ekki á þig sökina.* „Sérhver mun verða að bera sína byrði“ og „sérhver af oss [skal] lúka Guði reikning fyrir sjálfan sig“, segir Biblían. (Galatabréfið 6:5; Rómverjabréfið 14:12) Alkóhólistinn gefur kannski í skyn að hinir í fjölskyldunni beri sökina. „Ég myndi ekki drekka ef þið væruð betri við mig,“ segir hann ef til vill. Ef hinir virðast taka undir það eru þeir að hvetja hann til að halda áfram að drekka. Við þurfum öll að bera ábyrgð á gerðum okkar, jafnvel þó að við séum fórnarlömb aðstæðna eða annarra manna. Alkóhólistar þurfa að gera það líka. — Samanber Filippíbréfið 2:12.

⁸ *Þú þarft ekki alltaf að hlífa alkóhólistanum við afleiðingum drykkjunnar.* Í Orðskviðunum segir um reiðan mann: „Ætlir þú að bjarga, gjörir þú illt verra.“ Þetta má alveg eins heimfæra upp á alkóhólista.

6. Hvar getur fjölskylda, sem býr með alkóhólista, fengið bestu leiðbeiningarnar?

7. Hver ber ábyrgðina ef einhver í fjölskyldunni er alkóhólisti?

8. Hvernig væri hægt að hjálpa alkóhólista að horfast í augu við afleiðingar drykkjunnar?

(Orðskviðirnir 19:19) Leyfðu honum að finna fyrir afleiðingum drykkjunnar. Leyfðu honum að þrifa eftir sig eða hringja sjálfur í vinnuveitandann morguninn eftir.

⁹ *Piggðu hjálp annarra.* „Vinur elskar ætíð og í nauðum er hann sem bróðir,“ segir í Orðskviðunum 17:17. Þú ert að vissu leyti í nauðum staddur ef það er alkóhólisti í fjölskyldunni. Þú þarft á aðstoð að halda. Hikaðu ekki við að leita hjálpar hjá traustum vinum. (Orðskviðirnir 18:24) Þú færð ef til vill góðar ábendingar um hvað þú ættir að gera og hvað þú ættir að forðast ef þú talar við aðra sem skilja vandann eða hafa átt í svipuðum erfiðleikum sjálfir. En gættu þó jafnvægis. Talaðu við vini sem þú treystir til að vera þagmælskir. — Orðskviðirnir 11:13.

¹⁰ *Lærðu að treysta safnaðaröldungum.* Öldungar safnaðarins geta verið til mikillar hjálpar. Þetta eru þroskaðir menn sem eru vel heima í Biblíunni og eru þaulvanir að beita meginreglum hennar. Þeir geta verið þér „sem hlé fyrir vindi og skjól fyrir skúr-um, sem vatnslækir í öræfum, sem skuggi af stórum hamri í vatnslausu landi“. (Jesaja 32:2) Öldungarnir hafa ekki aðeins það hlutverk að verja söfnuðinn sem heild fyrir skaðlegum áhrifum. Þeir leggja sig líka fram um að hughreysta, styðja og styrkja einstaka safnaðarmenn og sinna persónulega þeim sem eiga við vandamál að stríða. Nýttu þér aðstoð þeirra.

¹¹ *Sæktu umfram allt styrk til Jehóva.* Við finnum þessi hlýlegu orð í Biblíunni: „Drottinn er nálægur þeim er hafa sundurmarið hjarta, þeim er hafa sundurkraminn anda, hjálpar hann.“ (Sálmur 34:19)

9, 10. Af hverju ættu fjölskyldur alkóhólista að leita aðstoðar og hvert ættu þær helst að leita?

11, 12. Hjá hverjum ættu fjölskyldur alkóhólista umfram allt að leita hjálpar og hvernig fá þær hana?



*Öldungar
safnaðarins
geta hjálpað
fólki að takast
á við fjölskyldu-
vandamál.*

Ef þér finnst þú vera að bugast vegna álagsins sem fylgir því að búa með alkóhólista, þá máttu vita að Jehóva er nálægur. Hann skilur hve erfiðar heimilisaðstæður þínar eru. — 1. Pétursbréf 5:6, 7.

¹² Ef þú treystir því sem Jehóva segir í orði sínu getur það auðveldað þér að takast á við kvíðann og áhyggjurnar. (Sálmur 130:3, 4; Matteus 6:25-34; 1. Jóhannesarbréf 3:19, 20) Með því að leggja þig fram við að lesa og hugleiða orð Biblíunnar og lifa samkvæmt meginreglum hennar geturðu fengið hjálp heilags anda Guðs. Hann getur gefið þér „ofurmagn kraftarins“ til að þrauka frá degi til dags. — 2. Korintubréf 4:7.*

* Viða bjóða spítalar, meðferðarstofnanir og samtök upp á sérstaka meðferð handa alkóhólistum og fjölskyldum þeirra. Hver og einn verður að ákveða sjálfur hvort hann leitar sér aðstoðar á þeim vettvangi. Vottar Jehóva mæla ekki með einni meðferð umfram aðra. Sá sem leitar sér aðstoðar þarf að gæta þess að dragast ekki inn í neitt sem stangast á við meginreglur Biblíunnar.

¹³ Misnotkun áfengis getur leitt af sér annað vandamál sem hefur skaðleg áhrif á margar fjölskyldur. Það er heimilisofbeldi.

SKAÐLEG ÁHRIF HEIMILISOFBELDIS

¹⁴ Fyrsta ofbeldisverk sögunnar var heimilisofbeldi þar sem bræðurnir Kain og Abel áttu í hlut. (1. Mósebók 4:8) Allar götur síðan hefur heimilisofbeldi í mörgum myndum verið sem plága á mannkyninu. Til eru eiginmenn sem lemja eiginkonur sínar, konur sem ráðast á menn sína, foreldrar sem berja börnin og fullvaxta börn sem misþyrma öldruðum foreldrum.

¹⁵ Skaðinn af völdum heimilisofbeldis er ekki aðeins fölginn í líkamlegum áverkum. Kona, sem bjó við ofbeldi á heimilinu, segir: „Maður finnur fyrir heilmikilli sektarkennd og skömm. Flesta morgna langar mann mest til að liggja áfram í rúminu í von um að þetta hafi bara verið vondur draumur.“ Ef börn horfa upp á ofbeldi á heimilinu eða verða fyrir því sjálf er hætta á að þau verði ofbeldisfull þegar þau stofna eigið heimili.

¹⁶ Heimilisofbeldi er ekki aðeins fólgið í líkamsmeiðingum. Oft birtist ofbeldið í orðum. „Þaður sumra manna er sem spjótstungur,“ segir í Orðskviðunum 12:18. Þessar „stungur“ geta verið öskur og svívirðingar, stöðug gagnrýni, niðurlægjandi orð og hótanir um líkamlegt ofbeldi. Sárin, sem fylgja andlegu ofbeldi, eru ósýnileg og oft falin fyrir öðrum.

¹⁷ Það er sérlega dapurlegt þegar barn sætir andlegu ofbeldi — ef það má þola sífelldar aðfinnslur

13. Hvaða annað vandamál hefur skaðleg áhrif á margar fjölskyldur?

14. Hvenær byrjaði heimilisofbeldi og hvernig er staðan núna?

15. Hvaða áhrif hefur heimilisofbeldi á tilfinningalíf fólks?

16, 17. Í hverju felst andlegt ofbeldi og hvaða áhrif hefur það á fjölskylduna?

og gagnrýni og heyrir stöðugt að það geti ekki neitt, kunni ekki neitt eða sé einskis virði. Andlegt ofbeldi af þessu tagi getur brotið niður sjálfstraust barnsins. Öll börn þurfa að vísu að fá ögun en Biblían segir feðrum: „Verið ekki vondir við börn yðar, svo að þau verði ekki ístöðulaus.“ – Kólossubréfið 3:21.

AD AFSTÝRA HEIMILISOFBELDI

¹⁸ Heimilisofbeldi á upptök sín í hjartanu og huganum – hugsunin er kveikja athafna. (Jakobsbréfið 1: 14, 15) Til að stöðva vítahring ofbeldisins þarf ofbeldismaðurinn að breyta hugsunarhætti sínum. (Rómverjabréfið 12:2) Er það hægt? Já, orð Guðs býr yfir krafti til að breyta fólki. Það getur jafnvel „brotið niður vígi“ skaðlegra viðhorfa. (2. Korintubréf 10:4; Hebræabréfið 4:12) Nákvæm biblíuþekking getur breytt fólki svo mikið að talað er um að það íklæðist nýjum manni. – Efesusbréfið 4:22-24; Kólossubréfið 3:8-10.

¹⁹ *Viðhorf til makans.* Orð Guðs segir: „Eiginmennirnir [skulu] elska konur sínar eins og eigin líkami. Sá, sem elskar konu sína, elskar sjálfan sig.“ (Efesusbréfið 5:28) Biblían segir enn fremur að eiginmaður eigi að hugsa um konuna sína sem „veikara ker og veita henni virðingu“. (1. Pétursbréf 3:7) Eiginkonur eru hvattar til að „elska menn sína“ og sýna þeim djúpa virðingu. (Títusarbréfið 2:4; Efesusbréfið 5:33) Varla getur nokkur guðhræddur eiginmaður haldið því fram að hann virði konuna sína ef hann beitir hana líkamlegu eða andlegu ofbeldi. Og tæplega getur eiginkona sagt að hún elski og virði eiginmann sinn í alvöru ef hún öskrar á hann, hæðist að honum eða skammast í honum daginn út og daginn inn.

18. Hvar á heimilisofbeldi upptök sín og hvernig er hægt að stöðva það, að sögn Biblíunnar?

19. Hvernig ætti kristin manneskja að líta á maka sinn og koma fram við hann?

²⁰ *Rétt viðhorf til barnanna.* Börnin bæði verðskulda og þarfnast ástar og athygli foreldra sinna. Biblían kallar börn „gjöf frá Drottni“ og „umbun“. (Sálmur 127:3) Foreldrar bera þá ábyrgð frammi fyrir Jehóva að annast þessa gjöf. Í Biblíunni er minnst á ‚barnaskap‘ og ‚fíflsku sem situr föst í hjarta sveinsins‘. (1. Korintubréf 13:11; Orðskviðirnir 22:15) Það ætti því ekki að koma foreldrum á óvart að verða varir við einhverja ‚fíflsku‘ í fari barnanna. Krakkar eru ekki fullorðið fólk í smækkaðri mynd og foreldrarnir ættu ekki að ætlast til meira af þeim en eðlilegt er miðað við aldur þeirra, uppeldisumhverfi og getu. — Sjá 1. Mósebók 33:12-14.

²¹ *Viðhorf til aldraðra foreldra.* „Þú skalt standa upp fyrir hinum gráhærða og heiðra gamalmennið,“ segir í lögmáli Guðs í 3. Mósebók 19:32. Þannig var fólk hvatt til að sýna öldruðum virðingu og tillitssemi. Þetta getur reynst þrautin þyngri ef aldrað foreldri virðist gera óhóflegar kröfur, er lasburða eða er orðið hægfara í hreyfingum og virðist lengi að átta sig á hlutunum. Börn eru engu að síður minnt á að „endurgjalda foreldrum sínum“. (1. Tímóteusarbréf 5:4) Það felur í sér að heiðra þá og virða og sjá þeim jafnvel farborða. Það gengur þvert gegn leiðbeiningum Biblíunnar að fara illa með aldraða foreldra sína, hvort heldur líkamlega eða á annan hátt.

²² *Temdu þér sjálfstjórn.* Í Orðskviðunum 29:11 segir: „Heimskinginn úthellir allri reiði sinni, en vitur maður sefar hana að lokum.“ Hvernig geturðu haft

20. Frammi fyrir hverjum bera foreldrar ábyrgð á börnunum og af hverju ættu þeir ekki að gera óraunhæfar kröfur til þeirra?

21. Hvernig eigum við að líta á aldraða foreldra okkar og koma fram við þá, að sögn Biblíunnar?

22. Hvaða eiginleiki er afar mikilvægur til að fyrirbyggja heimilisofbeldi og hvernig er hægt að sýna hann?

stjórn á skapsmunum þínum? Það er mikilvægt að láta ekki gremju gerjast innra með sér heldur vera fljótur að leysa ágreining. (Efesusbréfið 4:26, 27) Ef þú ert að missa stjórn á þér er best að ganga í burtu. Biddu um heilagan anda Guðs til að geta sýnt sjálfstjórn. (Galatabréfið 5:22, 23) Göngutúr eða líkamleg áreynsla getur verið ágætis leið til að ná tökum á tilfinningunum. (Orðskviðirnir 17:14, 27) Reyndu umfram allt að vera „seinn til reiði“. — Orðskviðirnir 14:29.

AÐ HALDA SAMAN EÐA SLÍTA SAMVISTUM?

²³ Biblían tilgreinir ýmislegt sem Guð fordæmir. Þar á meðal má nefna „fjandskap, deilur og reiði“ og hún segir að „þeir, sem slíkt gjöra, munu ekki erfa Guðs ríki“. (Galatabréfið 5:19-21) Það er hægt að víkja manni úr kristna söfnuðinum ef hann leyfir sér æ ofan í æ að fá stjórnlaus reiðiköst og misþýrmir ef til vill maka eða börnum en iðrast svo einskis. (Sam-anber 2. Jóhannesarbréf 9, 10.) Þannig er þess gætt að halda söfnuðinum hreinum af ofbeldisfullu fólki. — 1. Korintubréf 5:6, 7; Galatabréfið 5:9.

²⁴ Hvað getur kristinn maður gert ef makinn beitir hann ofbeldi og sýnir engin merki um að hann ætli að breyta sér? Sumir kjósa af ýmsum ástæðum að búa áfram með maka sínum. Aðrir kjósa hins vegar að yfirgefa maka sinn því að þeir óttast um líkamlega, andlega og trúarlega velferð sína, jafnvel um líf sitt. Hver og einn þarf að ákveða frammi fyrir Jehóva hvað hann gerir við þessar aðstæður. (1. Korintubréf

23. Hvað getur gerst ef einhver í kristna söfnuðinum leyfir sér æ ofan í æ að fá stjórnlaus reiðiköst og misþýrmir ef til vill fjölskyldunni án þess að iðrast?

24. (a) Hvað á fólk um að velja ef það býr við heimilisofbeldi?
(b) Hvernig geta umhyggjúsamir vinir og safnaðaröldungar stutt þann sem ofbeldinu sætir en hvað ættu þeir ekki að gera?



*Kristin hjón, sem elska og virða hvort annað,
eru fljót að taka á vandamálum.*

7:10, 11) Umhyggjusamir vinir, ættingjar og safnaðar-öldungar vilja eflaust gefa góð ráð, en þeir ættu ekki að þrýsta á viðkomandi til að velja annan kostinn frekar en hinn. Þá ákvörðun verður makinn, sem ofbeldinu sætir, að taka sjálfur. — Rómverjabréfið 14:4; Galatabréfið 6:5.

VANDAMÁLIN TAKA ENDA

²⁵ Þegar Jehóva leiddi Adam og Evu saman í hjónaband var það ekki ætlun hans að skaðleg vandamál

25. Hvernig átti fjölskyldulífið að vera samkvæmt ætlun Jehóva?

á borð við alkóhólisma eða ofbeldi fengju að skemma fjölskylduna. Heimilið átti að vera staður þar sem kærleikur og friður fengju að dafna og þar átti að sjá vel fyrir andlegum og tilfinningalegum þörfum allra í fjölskyldunni. En með tilkomu syndarinnar hallaði fljótt undan fæti. – Samanber Prédikarann 8:9.

²⁶ Sem betur fer hefur Jehóva ekki breytt fyrirætlun sinni með fjölskylduna. Hann lofar að gefa mönnum nýjan og friðsælan heim þar sem allir fá að „búa óhultir og enginn skelfir þá“. (Esekíel 34:28) Þá verða skaðleg vandamál á borð við alkóhólisma og heimilisofbeldi liðin tíð. Þá leynist ekki lengur ótti og sársauki á bak við brosandi andlitin heldur geisla þau af gleði og „ríkulegri gæfu“. – Sálmur 37:11.

26. Hvaða framtíð bíður þeirra sem reyna að lifa í samræmi við kröfur Jehóva?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ FJÖLSKYLDUM AÐ
AFSTÝRA SKAÐLEGUM VANDAMÁLUM?**

Jehóva fordæmir misnotkun áfengis.

— Orðskviðirnir 23:20, 21.

Hver og einn þarf að bera ábyrgð á verkum sínum. — Rómverjabréfið 14:12.

Sjálfstjórn er nauðsynleg til að hafa velpóknun Guðs. — Orðskviðirnir 29:11.

Sannkristnir menn heiðra aldraða foreldra sína. — 3. Mósebók 19:32.

Ef hjónabandið er að fara út um þúfur

LINDA var langt niðri.* Hún hafði verið gift í tíu ár en nú var að slitna upp úr hjónabandinu. Hún hafði margoft reynt að sættast við eiginmann sinn en án árangurs. Hún skildi því við hann að borði og sæng sökum ósamlyndis og þurfti nú ein að sjá um uppeldi tveggja dætra. „Ég var sannfærð um að hjónabandinu yrði ekki bjargað,“ segir hún þegar hún lítur um öxl.

² Ef þú átt í erfiðleikum í hjónabandinu geturðu sennilega sett þig í spor Lindu. Þú veltir kannski fyrir þér hvort hægt sé að bjarga hjónabandi þínu. Ef svo er komið getur verið gott að spyrja sig eftirfarandi spurningar: Hef ég fylgt öllum þeim góðu ráðum Biblíunnar sem stuðla að farsælu hjónabandi? – Sálmur 119:105.

³ Ef mikil spennan er milli hjóna getur auðveldasta leiðin virst sú að slíta hjónabandinu. Hjónaskilnuðum hefur vissulega fjölgað gríðarlega víða um lönd en kannanir benda til þess að stór hluti fráskilinna sjái eftir því að hafa slitið hjónabandinu. Líkamlegir kvillar og geðræn vandamál eru algengari meðal fráskilinna en þeirra sem halda saman. Skilnaðarbörn eru oft vansæl og ráðvillt árum saman eftir

* Nafninu er breytt.

1, 2. Hvaða spurningar ætti að spyrja ef maður á í erfiðleikum í hjónabandinu?

3. Hvaða áhrif getur skilnaður haft?



*Verið fljót til
að taka á
vandamálum.
Látið sólina ekki
setjast yfir reiði
ykkar.*

að foreldrarnir slíta samvistum. Skilnaðurinn kemur líka niður á foreldrum og vinum hjónanna. Og hvernig ætli Guð, höfundur hjónabandsins, líti á málið?

⁴ Eins og fram hefur komið fyrr í bókinni var það ætlun Guðs að hjónabandið entist ævilangt. (1. Mósebók 2:24) Af hverju enda þá svona mörg hjónabönd með skilnaði? Það gerist sjaldan á einni nóttu. Yfirleitt eru farnir að sjást brestir í hjónabandinu áður en upp úr slitnar. Smávægileg vandamál geta hlaðið utan á sig uns þau virðast óleysanleg. Sé hins vegar tekið fljótt á vandamálum með hjálp Biblíunnar er oft hægt að afstýra hjónaskilnaði.

VERIÐ RAUNSÆ

⁵ Óraunhæfar væntingar af hálfu annars eða beggja hjónanna er stundum undirrót erfiðleika.

4. Hvernig ætti að taka á erfiðleikum í hjónabandi?
5. Hvaða veruleika ættu öll hjón að horfast í augu við?

Ástarsögur, glanstímarit, sjónvarpsþættir og kvikmyndir geta vakið vonir og drauma sem eru víðsfjarri raunveruleikanum. Þegar draumarnir rætast ekki getur fólki fundist það svikið og það verður óánægt eða jafnvel biturt. En hvernig geta tvær ófullkomnar manneskjur búið í hamingjuríku og farsælu hjónabandi? Það kostar vinnu.

⁶ Biblían er raunsæ. Hún minnst á þá gleði sem hægt er að njóta í hjónabandi en bendir jafnframt á að hjón hljóti „þrenging . . . fyrir hold sitt“. (1. Korintubréf 7:28, *Biblían 1912*) Eins og fram hefur komið eru bæði hjónin ófullkomin og hafa tilhneigingu til að syndga. Andlegt og tilfinningalegt atgervi þeirra er ólíkt og hið sama er að segja um uppeldi þeirra. Hjón geta verið ósammála um peningamál, barnauppeldi og tengdafólkið. Stundum má rekja árekstra til þess að þau gefa sér ekki nægan tíma til að vera saman eða eiga í einhverjum erfiðleikum í kynlífinu.* Það kostar tíma að vinna úr slíkum málum en missið ekki kjarkinn. Flest hjón geta horfst í augu við vandamál sín og fundið lausnir sem bæði eru sátt við.

RÆÐIÐ MÁLIN

⁷ Mörgum finnst erfitt að halda ró sinni þegar þeir ræða um særðar tilfinningar, misskilning eða eigin mistök. Fólki hættir til að láta tilfinningarnar taka völdin og taka of djúpt í árinni í stað þess að segja

* Fjallað var um sumt af þessu fyrr í bókinni.

6. (a) Hvað bendir Biblían á í sambandi við hjónabandið?
(b) Nefndu nokkrar hugsanlegar ástæður fyrir ósætti milli hjóna.

7. 8. Hvernig mælir Biblían með að hjón takist á við særðar tilfinningar eða misskilning?

hreint og beint: „Ég held þú misskiljir mig.“ Margir segja frekar: „Þú hugsar bara um sjálfan þig“ eða: „Þú elskar mig ekki.“ Hitt hjónanna þegir kannski þunnu hljóði til að reyna að komast hjá rifrildi.

⁸ Það er miklu vænlegra til árangurs að fylgja eftirfarandi ráði Biblíunnar: „Ef þér reiðist, þá syndgið ekki. Sólin má ekki setjast yfir reiði yðar.“ (Efesusbréfið 4:26) Á sextugasta brúðkaupsafmælinu voru hjón spurð hver væri leyndardómurinn að baki far-sælu og hamingjuríku hjónabandi þeirra. Maðurinn svaraði: „Okkur lærðist að fara ekki að sofa fyrr en við værum búin að útkljá ágreiningsmál, sama hversu smávægileg þau voru.“

⁹ Þegar hjón eru ósammála þurfa þau að „vera fljót til að heyra, sein til að tala og sein til reiði“. (Jakobsbréfið 1:19) Eftir að hafa hlustað vel hvort á annað gætu þau bæði þurft að biðjast afsökunar. (Jakobsbréfið 5:16) Það kostar auðmýkt og hugrekki að segja í einlægni: „Fyrirgefðu að ég skyldi særa þig.“ En ef hjón taka á vandamálum sínum með þessum hætti eru þau á góðri leið með að leysa þau. Jafnframt stuðlar það að hlýju og innileik og þau njóta þess enn meir að vera hvort með öðru.

AÐ GEGNA HJÓNABANDSSKYLDUNNI

¹⁰ Í bréfi til Korintumanna mælti Páll postuli með hjónabandi „vegna saurlifnaðarins“ sem var svo útbreiddur. (1. Korintubréf 7:2) Heimur nútímans er jafnslæmur og Korinta fortíðar, ef ekki verri. Allt

9. (a) Hver er mikilvægur þáttur tjáskipta, að sögn Biblíunnar?
(b) Hvað þurfa hjón oft að gera þó að það kosti auðmýkt og hugrekki?

10. Hverju mælti Páll með í bréfi til Korintumanna sem gæti verið kristnum mönnum til verndar núna?

leggst á eitt um að vekja upp fýsnir holdsins – siðlaus mál sem fólk í heiminum ræðir opinskátt, ósæmilegur klæðnaður þess og klúrar sögur sem sagðar eru í tímaritum og bókum og sýndar eru í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Páll skrifaði Korintumönnum sem bjuggu í sambærilegu umhverfi: „Betra er að ganga í hjónaband en að brenna af girnd.“ – 1. Korintubréf 7:9.

¹¹ Biblían segir því kristnum hjónum: „Maðurinn gæti skyldu sinnar gagnvart konunni og sömuleiðis konan gagnvart manninum.“ (1. Korintubréf 7:3) Við tökum eftir að áherslan er lögð á að gefa en ekki heimta. Samlíf hjóna er því aðeins ánægjulegt að þau hugsi bæði um að þóknast hvort öðru. Biblían segir eiginmanni til dæmis að „sýna eiginkonu sinni nærgætni“. (1. Pétursbréf 3:7, *Biblían* 2007) Þetta er sérstaklega mikilvægt í kynlífi hjónanna. Ef maðurinn er ekki blíður við konuna sína gæti hún átt erfitt með að njóta þessa þáttar í hjónabandinu.

¹² Þær stundir geta komið að hjón geti ekki sinnt hjónabandsskyldunni. Þetta getur til dæmis gerst hjá konunni á vissum tímum mánaðarins og eins ef hún er mjög þreytt. (Samanber 3. Mósebók 18:19.) Sömuleiðis gæti þetta gerst hjá eiginmanninum ef alvarlegir erfiðleikar koma upp á vinnustað og honum finnst hann þurrausinn tilfinningalega. Ef annað hjónanna treystir sér ekki til að gegna hjónabandsskyldunni um stundarsakir er langbest að þau ræði það opinskátt og séu sammála um það.

11, 12. (a) Hvað skulda hjón hvort öðru og með hvaða hugarfari ættu þau að láta það í té? (b) Hvað ættu hjón að gera ef þau geta ekki sinnt hjónabandsskyldunni um stundarsakir?

(1. Korintubréf 7:5) Þá er ekki hætta á að annað hvort þeirra dragi rangar ályktanir í fljótfærni. Ef eiginkona neitar hins vegar að gegna hjónabands-skyldunni eða eiginmaðurinn sinnir því ekki á kærleiksríkan hátt gæti verið meiri hætta á að makinn falli í freistni sem er ávísun á alvarleg vandamál í hjónabandinu.

¹³ Allir þjónar Guðs, hvort sem þeir eru giftir eða ekki, þurfa að forðast klám því að það getur vakið upp óhreinar og óeðlilegar langanir. (Kólossubréfið 3:5) Þeir þurfa líka að hafa gát á hugsunum sínum og framkomu í samskiptum við hitt kynið. Jesús sagði: „Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.“ (Matteus 5:28) Með því að fylgja ráðleggingum Biblíunnar í kynferðismálum ættu hjón að geta staðist freistingar og forðast hjúskaparbrot. Þá geta þau notið hjónalífsins eins og best verður á kosið og litið á kynlífið sem eina af hinum góðu gjöfum Jehóva, höfundar hjónabandsins. — Orðskviðirnir 5: 15-19.

BIBLÍULEGAR SKILNAÐARFORSENDUR

¹⁴ Sem betur fer er yfirleitt hægt að takast á við öll vandamál sem upp koma í kristnu hjónabandi. En stundum reynist það erfitt. Menn eru ófullkomnir og búa í syndugum heimi sem er undir stjórn Satans. Þetta gerir að verkum að hjónabönd eru stundum við það að rofna. (1. Jóhannesarbréf 5:19) Hvernig ætti kristinn maður að takast á við slíka erfiðleika?

13. Hvernig geta kristnir menn haldið huga sínum hreinum?

14. Hvaða dapurlega ástand skapast stundum og hvers vegna?

¹⁵ Eins og nefnt var í öðrum kafla þessarar bókar er hórdómur eina biblíulega skilnaðarforsendan sem veitir fólki möguleika á að giftast á ný.* (Matteus 19:9) Ef þú hefur ótvíræða sönnun fyrir því að maki þinn hafi reynst ótrúr áttu erfiða ákvörðun fyrir höndum. Ætlaðu að halda hjónabandinu áfram eða sækja um skilnað? Um það eru engar reglur. Sumir kristnir menn hafa algerlega fyrirgefið iðrandi maka og hjónabandið hefur orðið farsælt. Aðrir hafa ákveðið að sækja ekki um skilnað barnanna vegna.

¹⁶ Á hinn bóginn gæti framhjáhaldið hafa haft þungun eða samræðissjúkdóm í för með sér, eða þá að nauðsynlegt er að vernda börnin gegn kynferðisofbeldi af hálfu foreldris. Að mörgu er að hyggja áður en ákvörðun er tekin. Ef þú tekur aftur upp kynferðissamband við maka þinn eftir að hafa uppgötvað að hann var þér ótrúr er það hins vegar yfirlýsing um að þú hafir fyrirgefið honum og viljir halda hjónabandinu áfram. Þá eru ekki lengur fyrir hendi biblíulegar skilnaðarforsendur sem veita möguleika á að giftast á ný. Aðrir ættu ekki að blanda sér í málið og reyna að hafa áhrif á ákvörðun þína, og sömuleiðis ætti enginn að gagnrýna þá ákvörðun sem þú tekur. Það ert þú sem þarft að taka afleiðingum hennar. „Sérhver mun verða að bera sína byrði.“ — Galatabréfið 6:5.

* Biblíuorðið, sem þýtt er „hór“, felur í sér hjúskaparbrott, kynmök við manneskju af sama kyni, kynmök við dýr og aðra óleyfilega notkun kynfæra.

15. (a) Hver er eina biblíulega skilnaðarforsendan sem veitir fólki möguleika á að giftast á ný? (b) Af hverju hafa sumir ákveðið að skilja ekki við maka sinn þótt hann hafi reynst ótrúr?

16. (a) Hvers vegna hafa sumir ákveðið að skilja við ótrúan maka? (b) Af hverju ætti enginn að vefengja ákvörðun saklausa makans?

AD SKILJA AD BORDI OG SÆNG

¹⁷ Er stundum réttlætanlegt að sækja um skilnað að að borði og sæng eða jafnvel lögskilnað þó að makinn hafi ekki gerst sekur um hórdóm? Já, en í slíku tilfalli er kristnum manni ekki frjálst að stofna til kynna við þriðja aðila með hjónaband í huga. (Matteus 5:32) Enda þótt Biblían heimili samvistarslit af þessu tagi er það skilyrði sett að sá sem sækir um skilnaðinn sé áfram ógiftur eða sættist aftur við makann. (1. Korintubréf 7:11) Við hvers konar aðstæður gæti virst ráðlegt að skilja að borði og sæng?

¹⁸ Fjölskyldan gæti verið á vonarvöl sökum leti og slæmra ávana heimilisföðurins.* Hann sólundar ef til vill tekjum fjölskyldunnar í fjárhættuspil, áfengi eða fíkniefni. Biblían segir: „Ef einhver sér eigi fyrir . . . heimilismönnum, þá hefur hann afneitað trúnni og er verri en vantrúaður.“ (1. Tímóteusarbréf 5:8) Ef slíkur maður neitar að bæta ráð sitt og eyðir jafnvel tekjum eiginkonunnar til að fjármagna lesti sína ákveður hún kannski að sækja um skilnað að borði og sæng til að vernda hag sinn og barnanna.

¹⁹ Slíkur skilnaður að lögum kemur einnig til greina ef annað hjónanna beitir hitt tíðu og grófu ofbeldi og ógnar jafnvel lífi þess og heilsu með barsmíðum. Og reyni annað hjónanna í sífellu að þvinga hitt til að brjóta boðorð Guðs á einhvern hátt gæti þolandinn einnig íhugað að slíta samvistum

* Hér er ekki átt við það þegar fjölskyldufaðir er ófær um að sjá fyrir fjölskyldunni af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis.

17. Hvaða skilyrði eru sett í Biblíunni um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað ef ekki er um hórdóm að ræða?

18, 19. Við hvaða aðstæður mætti hugleidda skilnað að borði og sæng eða lögskilnað þó að ekki sé mögulegt að giftast á ný?

við maka sinn, ekki síst ef svo er komið að trú hans er í hættu. Polandinn kemst ef til vill að þeirri niðurstöðu að hann eigi ekki um annað að velja en að sækja um skilnað að borði og sæng til að „hlýða Guði framar en mönnum“. — Postulasagan 5:29.

²⁰ Þótt gróft heimilisofbeldi eigi sér stað ætti hvorki að þrýsta á polandann að slíta samvistum við maka sinn né hvetja hann til að halda áfram að búa með honum. Þroskaðir vinir og safnaðaröldungar geta auðvitað boðið fram stuðning sinn og gefið biblíuleg ráð en það er ógerlegt fyrir þá að vita í smáatriðum hvað fer fram í samskiptum hjónanna. Jehóva einn sér það. Kristin eiginkona væri auðvitað ekki að heiðra hjónabandið, sem Guð er höfundur að, ef hún notaði einhverja átyllu til að losna úr hjónabandinu. Ef ástandið er hreinlega hættulegt ætti enginn hins vegar að gagnrýna hana þótt hún ákveði að slíta samvistum við eiginmann sinn. Hið sama er auðvitað að segja um kristinn eiginmann sem er að hugsa um að sækja um skilnað að borði og sæng. „Allir munum vér verða að koma fram fyrir dómstól Guðs.“ — Rómverjabréfið 14:10.

HVERNIG HJÓNABANDI VAR BJARGAÐ

²¹ Prem mánuðum eftir að Linda, sem getið var í byrjun kaflans, sleit samvistum við eiginmann sinn hitti hún votta Jehóva og byrjaði að kynna sér Biblíuna með hjálp þeirra. „Mér til mikillar undrunar komst ég að raun um að Biblían hafði að geyma

20. (a) Hvaða aðstoð geta þroskaðir vinir og safnaðaröldungar boðið fram en hvað ættu þeir ekki að gera? (b) Hvernig ætti kristið fólk ekki að nota orð Biblíunnar um lögskilnað og skilnað að borði og sæng?

21. Hvaða dæmi sýnir að ráðleggingar Biblíunnar um hjónaband hrífa?

raunhæfa lausn á þeim vanda sem ég átti í,“ segir hún. „Það var ekki liðin nema vika þegar mig langaði til að sættast við manninn minn. Ég get fullyrt að Jehóva kann að bjarga hjónaböndum í vanda vegna þess að leiðbeiningar hans kenna hjónum að virða hvort annað. Það er rangt að vottar Jehóva sundri fjölskyldum eins og sumir halda fram. Hjá mér gerðist hið gagnstæða.“ Linda lærði að fara eftir meginreglum Biblíunnar.

²² Linda er engin undantekning. Jehóva vill að hjónabandið sé blessun en ekki byrði og hefur í orði sínu veitt bestu hjónaráðgjöf sem til er. Biblían getur gert „hinn fávísa vitran“. (Sálmur 19:8-12) Hún hefur bjargað fjölda hjónabanda sem voru að fara út um þúfur og stórbætt ótal önnur þar sem hjón áttu í alvarlegum erfiðleikum. Hjón geta treyst á ráðleggingar Jehóva Guðs. Þær virka!

22. Hverju ættu hjón að treysta?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ HJÓNUM
AÐ HALDA SAMAN?**

Hjónabandið er gleðigjafi en hefur líka vissa „þrenging“ í för með sér. — Orðskviðirnir 5: 18, 19; 1. Korintubréf 7:28.

Leysið ágreiningsmál þegar í stað.
— Efesusbréfið 4:26.

Þegar þið ræðið saman er ekki síður mikilvægt að hlusta en tala. — Jakobsbréfið 1:19.

Sinnið hjónabandsskyldunni af blíðu og óeigingirni. — 1. Korintubréf 7:3-5.

Pegar aldurinn færist yfir

MARGT breytist þegar við eldumst. Líkamsþrótturinn dvínar. Við lítum í spegilinn, finnum nýjar hrukkur og sjáum að hárið er byrjað að grána – eða þynnast. Við verðum ef til vill gleymín. Fjölskyldan stækkar þegar börnin giftast og aftur þegar barnabörnin fæðast. Og þegar við förum á eftirlaun verða kaflaskipti í lífinu og við þurfum að semja okkur að nýjum venjum.

² Sannleikurinn er sá að það er hvergi nærri auðvelt að eldast. (Prédikarinn 12:1-8) En hugsum til þjóna Guðs á biblíutímanum. Um síðir urðu þeir dauðanum að bráð en þeir náðu samt að afla sér visku og skilnings sem veitti þeim lífsfyllingu á efri æviárum. (1. Mósebók 25:8; 35:29; Jobsbók 12:12; 42:17) Hvernig tókst þeim að halda gleði sinni í ellinni? Það var auðvitað með því að lifa eftir þeim meginreglum sem er að finna í Biblíunni. – Sálmur 119:105; 2. Tímóteusarbréf 3:16, 17.

³ Í Títusarbréfinu gaf Páll postuli öldruðum góð ráð. Hann skrifaði: „Aldraðir menn skulu vera bindindissamir, heiðvirðir, hóglátir, heilbrigðir í trúnni, kærleikanum og þolgæðinu. Svo eiga og aldraðar konur að vera í háttalagi sínu eins og heilögum sæmir. Þær skulu ekki vera rógberar og ekki heldur í

-
- 1, 2. (a) Hvaða breytingar verða með aldrinum? (b) Hvernig héldu þjónar Guðs á biblíutímanum gleði sinni í ellinni?
3. Hvað ráðlagði Páll öldruðum körlum og konum?

ánauð ofdrykkjunnar, heldur kenni þær gott frá sér.“ (Títusarbréfið 2:2, 3) Þessar leiðbeiningar geta hjálpað þér að takast á við þær breytingar sem fylgja því að eldast.

ÞEGAR BÖRNIN FLYTJAST AÐ HEIMAN

⁴ Þegar hlutverk okkar breytist þurfum við að laga okkur að því. Það reynir vissulega á það þegar uppkomin börn flytjast að heiman og gifta sig. Fyrir marga foreldra er þetta fyrsta merkið um að þeir séu farnir að reskjast. Þótt þeir séu auðvitað ánægðir að börnin skuli vera orðin fulltíða er eðlilegt að þeir geri sér stundum áhyggjur af því hvort þeir hafi gert sitt besta til að búa þau undir að standa á eigin fótum. Og þeir sakna þess að hafa börnin ekki lengur á heimilinu.

⁵ Foreldrar láta sér eðlilega annnt um velferð barnanna þó að þau séu flutt að heiman. „Ég væri ánægð ef þau hefðu oftast samband svo að ég gæti fullvissað mig um að þeim gangi allt í haginn,“ segir móðir nokkur. Faðir segir: „Okkur fannst mjög erfitt þegar dóttir okkar fluttist að heiman. Það skildi eftir stórt tómarúm í fjölskyldunni af því að við vorum vön að gera allt í sameiningu.“ Hvernig geta foreldrar tekist á við þessar breyttu aðstæður? Margir leggja áherslu á að gefa af tíma sínum og kröftum til að hjálpa öðru fólki.

⁶ Hlutverk foreldranna breytist þegar börnin giftast. Í 1. Mósebók 2:24 segir: „Þess vegna *yfirgefur* maður föður sinn og móður sína og býr við eigin-

4, 5. Hvernig bregðast foreldrar oft við þegar börnin flytjast að heiman og hvernig tekst mörgum að laga sig að breyttum aðstæðum?

6. Hvað hjálpar foreldrum að sjá hlutverk sitt í réttu ljósi?

konu sína, svo að þau verði eitt hold.“ Foreldrar þurfa að virða meginreglur Guðs um forystu og nauðsyn góðrar reglu. Það hjálpar þeim að sjá hlutverk sitt í réttu ljósi. — 1. Korintubréf 11:3; 14:33, 40.

⁷ Það myndaðist tómarúm í lífi hjóna nokkurra eftir að dætur þeirra tvær giftust og fluttust að heiman. Í fyrstu fann faðirinn tengdasonunum allt til foráttu. En eftir að hafa íhugað meginregluna um forystu áttaði hann sig á því að tengdasynirnir höfðu nú tekið við ábyrgðinni á dætrum hans. Þegar dæturnar leituðu ráða hjá honum gætti hann þess að spyrja þær hvað eiginmönnum þeirra fyndist og síðan lagði hann sig fram um að styðja ungu hjónin sem best hann gat. Tengdasynirnir líta nú á hann sem vin og kunna vel að meta góð ráð hans.

⁸ Nú getur svo farið að ungu hjónin geri ekki allt af það sem foreldrarnir telja þeim fyrir bestu, þótt þau séu ekki að gera neitt óbíbílíulegt. Hvað er þá til ráða? „Við bendum þeim alltaf á viðhorf Jehóva,“ segja hjón sem eiga gift börn, „en þó að við séum ekki sammála ákvörðun þeirra, virðum við hana, styðjum þau og hvetjum.“

⁹ Í sumum Asíulöndum eiga mæður stundum erfitt með að sætta sig við að synirnir séu orðnir sjálfs sín herrar. En ef þær virða kristið skipulag og meginregluna um forystu dregur það stórlega úr árekstrum við tengdadæturnar. Ein kristin móðir er afar þakklát fyrir að synir hennar, sem eru fluttir að heiman, skuli spjara sig vel. Hún fagnar því að sjá þá veita heimilum sínum góða forstöðu. Og þar sem

7. Hvaða afstöðu tók faðir nokkur þegar dætur hans giftust og fluttust að heiman?

8, 9. Hvernig hafa sumir foreldrar lagað sig að því að börnin eru flutt að heiman?



Styrkið kærleiksböndin þegar aldurinn færist yfir.

Þau hjónin eru farin að reskjast þykir þeim gott að álagið hafi minnkað, bæði líkamlega og andlega.

STYRKIÐ STÖÐIR HJÓNABANDSINS

¹⁰ Fólk bregst misjafnlega við því að komast á miðjan aldur. Karlmenn breyta stundum klæðaburði sínum til að reyna að sýnast unglegri. Og konur hafa oft áhyggjur af þeim breytingum sem fylgja tíðahvörfunum. Því miður gerist það stundum að fólk á miðjum aldri skapraunar maka sínum og vekur afbrýði hans með því að daðra við yngra fólk af hinu kyninu. En guðræknir karlmenn 'hegða sér skynsamlega' og hafa taumhald á óviðeigandi tilhneigingum. (1. Pétursbréf 4:7, *Biblían 1859*) Proskaðar kristnar konur, sem elska menn sína og þrá að

10, 11. Hvaða biblíuráð hjálpa fólki að forðast sumar af þeim tálgrýfjum sem verða á vegi þess á miðjum aldri?

þóknast Jehóva, leggja sig sömuleiðis fram um að styrkja stoðir hjónabandsins.

¹¹ Lemúel konungi var innblásið að hrósa „vænni konu“ sem gerir manni sínum „gott og ekkert illt *alla ævidaga* sína“. Kristinn eigenmaður metur það við konu sína hvernig hún tekst á við það tilfinningarót sem hún á við að glíma um miðjan aldur. Hann elskar hana og „hrósar henni“. — Orðskviðirnir 31:10, 12, 28.

¹² Á þeim árum, sem þið voruð önnur kafin við barnauppleidið, voruð þið bæði meira en fús til að taka þarfir barnanna fram yfir ykkar eigin. Eftir að þau hafa hleypt heimdraganum er kominn tími til að einbeita ykkur aftur hvort að öðru. „Þegar dæturnar fluttust að heiman hófst tilhugalífið upp á nýtt hjá okkur hjónunum,“ segir eigenmaður. Annar eigenmaður segir: „Við látum okkur annt um heilsu hvort annars og minnum hvort annað á að fá næga hreyfingu.“ Til að verða ekki einmana eru þau gestrisin við aðra í söfnuðinum. Já, það er til blessunar að láta sér annt um aðra og það er Jehóva þóknanlegt. — Filippibréfið 2:4; Hebreabréfið 13:2, 16.

¹³ Gætið þess að fjarlægjast ekki hvort annað. Talið opinskátt saman. „Með því að vera umhyggjusöm og tillitssöm lærum við að skilja hvort annað betur,“ segir eigenmaður. Konan hans tekur undir það og segir: „Núna njótum við þess að fá okkur tebolla saman, spjalla saman og vinna saman.“ Með því að vera opinská og hreinskilin getið þið treyst hjónabandið þannig að það standist allar tilraunir Satans til að spilla því.

12. Hvernig geta hjón styrkt böndin milli sín þegar árin líða?

13. Hve mikilvægt er að hjón séu opinská og hreinskilin hvort við annað þegar aldurinn færir yfir?

HAFIÐ YNDI AF BARNABÖRNUNUM

¹⁴ Barnabörn eru „kóróna“ þeirra sem eru farnir að eldast. (Orðskviðirnir 17:6) Það getur verið einstaklega ánægjulegt, hressandi og upplífandi að vera með barnabörnunum. Biblían talar lofsamlega um ömmuna Lóis en hún aðstoðaði Evnike, dóttur sína, við að fræða Tímóteus, son hennar, um trúna. Þessi ungi piltur vissi frá blautu barnsbeini að bæði móður hans og ömmu þótti vænt um sannleika Biblíunnar. — 2. Tímóteusarbréf 1:5; 3:14, 15.

¹⁵ Afar og ömmur geta unnið verðmætt starf á þessu sviði. Þið eruð búin að fræða börnin ykkar um fyrirætlun Jehóva. Nú getið þið miðlað nýrri kynslóð af þekkingu ykkar. Mörg lítil börn hafa ómælda ánægju af því að hlusta á afa og ömmu segja biblíusögur. Þið takið auðvitað ekki á ykkur ábyrgð föðurins að innprenta börnunum sannleika Biblíunnar heldur vinnið með honum. (5. Mósebók 6:7) Þið ættuð að taka ykkur í munn bæn sálmaskáldsins sem sagði: „Yfirgef mig eigi, ó Guð, þegar ég er gamall orðinn og grár fyrir hærum, að ég megi kunngjöra styrkleik þinn komandi kynslóð.“ — Sálmur 71:18; 78:5, 6.

¹⁶ Afar og ömmur hafa því miður tilhneigingu til að dekra svo við barnabörnin að það veldur spennu í samskiptum við foreldrana. En góðvild ykkar getur kannski auðveldað barnabörnunum að trúa ykkur fyrir leyndarmálum sem þau vilja síður segja foreldrunum frá. Stundum vonast krakkarnir til að eftirlátur afi eða amma standi frekar með þeim en foreldrunum. Hvað er þá til ráða? Sýnið visku og

14. Hvaða þátt átti amma Tímóteusar í kristnu uppeldi hans?

15. Hvaða verðmætt starf geta afar og ömmur unnið en hvers ættu þau að gæta?

16. Hvernig geta afar og ömmur forðast að valda spennu í fjölskyldunni?

hvetjið barnabörnin til að vera opinská og hreinskilin við foreldra sína. Þið getið bent þeim á að það gleðji Jehóva. (Efesusbréfið 6:1-3) Ef þörf krefur getið þið boðist til að undirbúa jarðveginna fyrir þau með því að minnast á málið við foreldrana. Segið barnabörnunum opinskátt hvað ykkur hefur lærst á langri ævi. Einlægni ykkar og hreinskilni getur orðið þeim til góðs.

AÐLAGIÐ YKKUR EFRI ÁRUNUM

¹⁷ Þegar árin líða uppgötvarðu að þú getur ekki gert allt sem þú varst vanur að gera eða þig langar til að gera. Hvernig er hægt að sætta sig við áhrif ellinnar? Þér finnst kannski í huganum að þú sért enn um þrítugt en spegillinn segir allt aðra sögu. Misstu ekki móðinn. Sálmaskáldið bað til Jehóva: „Útskúfa mér eigi í elli minni, yfirgef mig eigi, þá er þróttur minn þverrar.“ Vertu staðráðinn í að hugsa eins og sálmaskáldið sem sagði: „Ég vil sífellt vona og auka enn á allan lofstír þinn.“ – Sálmur 71:9, 14.

¹⁸ Margir hafa búið sig undir að nota meiri tíma til að lofa Jehóva þegar þeir komast á eftirlaun. „Ég var búinn að ákveða hvað ég ætlaði að gera þegar dóttir okkar lyki skólagöngu,“ segir faðir sem hefur látið af störfum. „Ég ætlaði að byrja sem boðberi í fullu starfi og seldi fyrirtækið mitt til að hafa meira frelsi til að þjóna Jehóva. Ég bað hann að leiðbeina mér.“ Ef þú ert að nálgast eftirlaunaaldur skaltu sækja styrk í orð skaparans sem sagði: „Allt til elliára er ég hinn sami, og ég vil bera yður, þar til er þér verðið gráir fyrir hærum.“ – Jesaja 46:4.

17. Hvernig geta þjónar Guðs, sem eru að eldast, líkt eftir sálmaskáldinu?

18. Hvernig getur þroskaður kristinn maður notað eftirlaunaárin viturlega?

¹⁹ Það getur verið erfitt að aðlagast því að láta af störfum. Páll postuli hvatti aldraða menn til að vera hófsamir. Það útheimtir ákveðið aðhald í lífinu, að láta ekki undan lönguninni til að eiga náðuga daga. Að vissu leyti er enn meiri þörf á því að temja sér fastar venjur og sjálfsaga þegar komið er á eftirlaunaaldur. Vertu því önnur kafinn og „síauðgur í verki Drottins því að þú veist að erfiði þitt er ekki árangurslaust í Drottni“. (1. Korintubréf 15:58) Leggðu þig enn meira fram um að hjálpa öðrum. (2. Korintubréf 6:13) Margir kristnir menn gera það með því að boða fagnaðarerindið af kappi eftir því sem kraftar þeirra leyfa. Vertu heilbrigður „í trúnni, kærleikanum og þolgæðinu“ þegar árin færast yfir. – Títusarbréfið 2:2.

ÞEGAR MAKINN FELLUR FRÁ

²⁰ Þótt dapurlegt sé er það engu að síður staðreynd í núverandi heimi að dauðinn aðskilur hjón að lokum. Kristnir menn, sem missa maka sinn, vita að ástvinir þeirra sofa dauðasvefni og treysta því að þeir sjái þá aftur síðar. (Jóhannes 11:11, 25) En missirinn er engu að síður sár. Hvernig getur hinn eftirlifandi tekist á við sorgina?*

²¹ Gott er að rifja upp fyrir sér hvernig kona, sem sagt er frá í Biblíunni, brást við þegar hún varð ekkja. Hún hét Anna og missti eiginmann sinn eftir aðeins sjö ára hjónaband. Við þurfum ekki að efast um að hún syrgði hann. Hvernig tókst hún á við

* Nánari umfjöllun um þetta efni er að finna í bæklingnum *Þegar ástvinur deyr*, gefinn út af Vottum Jehóva.

19. Hvað ráðleggur Biblían þeim sem eru farnir að eldast?

20, 21. (a) Hvað aðskilur hjón að lokum í núverandi heimi?

(b) Hvernig er Anna góð fyrirmynd þeim sem missa maka sinn?

missinn? Þegar hún kemur við sögu er hún orðin 84 ára og þjónaði Jehóva Guði í musterinu dag og nótt. (Lúkas 2:36-38) Bænæræknir Önnu og þjónusta var henni eflaust mikil hjálp í baráttunni við sorgina og einmanaleikann sem fylgdi því að vera ekkja.

²² „Mér finnst erfiðast að eiga ekki félagar til að tala við,“ sagði 72 ára kona, áratug eftir að hún missti manninn sinn. „Maðurinn minn var duglegur að hlusta. Við töluðum oft um söfnuðinn og boðunarstarfið.“ Önnur ekkja segir: „Sagt er að tíminn lækni öll sár en ég held að það sé réttara að maður lækni sárin með því að nota tímann rétt. Maður er í betri aðstöðu til að hjálpa öðrum.“ Ekill, sem er orðinn 67 ára, tekur í sama streng og segir: „Til að takast á við missinn er gott að gefa af sjálfum sér og hughreysta aðra.“

GUÐ METUR ALDRAÐA MIKILS

²³ Þó að dauðinn geti tekið lífsförunaut okkar er Jehóva alltaf trúr og traustur. Davíð konungur söng forðum daga: „Eins hefi ég beðið Drottin, það eitt þrái ég: Að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævi-daga mína til þess að fá að skoða yndisleik Drottins, sökkva mér niður í hugleiðingar í musteri hans.“ — Sálmur 27:4.

²⁴ „Heiðra ekkjur, sem í raun og veru eru ekkjur,“ hvatti Páll postuli. (1. Tímóteusarbréf 5:3) Í framhaldinu kemur fram að verðugar ekkjur, sem áttu enga nákomna ættingja, þurftu hugsanlega að fá fjárhagslegan stuðning frá söfnuðinum. En

22. Nefndu dæmi um hvernig ekkjur og ekkjar hafa tekist á við einmanaleikann.

23, 24. Hvernig hughreystir Biblían aldrara, einkum þá sem hafa misst lífsförunaut sinn?

hvatningin að „heiðra“ ekkjur felur einnig í sér að meta þær að verðleikum. Það er hughreystandi fyrir guðræknar ekkjur og ekkla að vita að Jehóva metur þau mikils og lofar að annast þau. — Jakobsbréfið 1:27.

²⁵ „Hærurnar [eru] prýði öldunganna“, segir í innblásnu orði Guðs. Þær „eru heiðurskóróna, á vegi réttlætis öðlast menn hana“. (Orðskviðirnir 16:31; 20:29) Láttu því þjónustuna við Jehóva ganga fyrir í lífinu, hvort sem þú átt maka eða ert búinn að missa hann. Þá eignastu gott mannorð hjá Guði og átt fyrir höndum að hljóta eilíft líf í heimi þar sem þjáningar ellinnar verða liðin tíð. — Sálmur 37:3-5; Jesaja 65:20.

25. Hvaða markmið ættu aldraðir að setja sér?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ HJÓNUM
ÞEGAR ALDURINN FÆRIST YFIR?**

Barnabörnin eru „kóróna“ hinna rosknu.
— Orðskviðirnir 17:6.

Með aldrinum gefast oft aukin tækifæri til að
þjóna Jehóva. — Sálmur 71:9, 14.

Aldraðir eru hvattir til að vera hófsamir.
— Títusarbréfið 2:2.

Þegar makinn fellur frá er hægt að leita
huggunar í Biblíunni. — Jóhannes 11:11, 25.

Jehóva metur aldraða þjóna sína mikils.
— Orðskviðirnir 16:31.

Að heiðra aldraða foreldra

„**H**LÝÐ þú föður þínum, sem hefir getið þig, og fyrirlít ekki móður þína, þótt hún sé orðin gömul,“ ráðlagði vitur maður forðum daga. (Orðskviðirnir 23:22) „Ég myndi aldrei fyrirlíta móður mína!“ segirðu kannski. Flestum þykir innilega vænt um foreldra sína. Okkur er ljóst að við eigum þeim mikið að þakka. Í fyrsta lagi fengum við lífið að gjöf frá þeim. Jehóva er vissulega uppspretta lífsins en án foreldranna værum við ekki til. Við getum aldrei gefið þeim neitt sem er jafn dýrmætt og lífið. Og hugsaðu þér allar þær fórnir, umhyggju, útgjöld, ást og athygli sem það kostar að koma barni á legg. Það er því ósköp eðlilegt að okkur skuli vera ráðlagt í orði Guðs: „Heiðra föður þinn og móður . . . til þess að þér vegni vel og þú verðir langlífur á jörðinni.“ – Efesusbréfið 6:2, 3.

TILFINNINGALEGAR ÞARFIR

² Páll postuli skrifaði kristnum mönnum: „[Börn eða barnabörn] læri . . . fyrst og fremst að sýna rækt eigin heimili og endurgjalda foreldrum sínum, því að það er þóknanlegt fyrir augliti Guðs.“ (1. Tímóteusarbréf 5:4) Uppkomin börn „endurgjalda“ foreldrum sínum og ömmum og öfum með því að sýna að þau séu þakklát fyrir áralanga ást þeirra, erfiði og

1. Hvað eigum við foreldrunum að þakka og hvernig ættum við þar af leiðandi að hugsa um þá?

2. Hvernig geta uppkomin börn endurgoldið foreldrum sínum?

umhyggju. Þau þurfa að hafa í huga að rétt eins og allir aðrir þarfnast aldraðir ástar og athygli – og það oft sárlega. Aldraðir þurfa að finna að þeir séu metnir að verðleikum. Þeir þurfa að finna að líf þeirra skipti máli.

³ Við getum sem sagt heiðrað foreldra okkar og afa og ömmur með því að segja þeim að okkur þyki vænt um þau. (1. Korintubréf 16:14) Ef foreldrar okkar búa ekki hjá okkur ættum við að muna að það er þeim mikils virði að heyra frá okkur. Skemmtilegt bréf, símtal eða heimsókn getur glatt þau mikið. Miyo, sem býr í Japan, skrifaði þegar hún var 82 ára: „Dóttir mín [en maðurinn hennar er farandumsjónarmaður] segir mér: ‚Mamma, viltu ekki slást í för með okkur?‘ Hún sendir mér ferðaáætlun sína viku fyrir viku og símanúmer þar sem hægt er að ná í þau. Síðan get ég tekið fram landakortið og sagt við sjálfa mig: ‚Já, nú eru þau stödd hérna.‘ Ég er Jehóva þakklát fyrir þá blessun að eiga svona dóttur.“

EFNISLEGAR ÞARFIR FORELDRANNA

⁴ Getur verið að fyrirmælin um að heiðra foreldra sína feli einnig í sér að sinna efnislegum þörfum þeirra? Já, oft er raunin sú. Trúarleiðtogar Gyðinga á dögum Jesú héldu fram þeirri erfikenningu að hægt væri að firra sig ábyrgð á að annast foreldra sína með því að lýsa eigur sínar eða fjármuni „musterisfé“. (Matteus 15:3-6) Hvílíkt tilfinningaleysi! Trúarleiðtogarnir voru í rauninni að hvetja fólk til að vera eigingjarnt og heiðra ekki foreldra sína held-

-
3. Hvernig getum við heiðrað foreldra okkar og afa og ömmur?
4. Hvernig hvöttu erfikenningar Gyðinga til harðneskju í garð aldraðra foreldra?

ur sýna þeim fyrirlitningu með því að neita að sinna þörfum þeirra. Það ættum við aldrei að gera. — 5. Mósebók 27:16.

⁵ Í mörgum löndum heims er almannatryggingakerfi sem veitir öldruðum vissa fjárhagsaðstoð eða sér þeim fyrir fæði, klæði og húsnæði. Og oft hafa aldraðir gert einhverjar ráðstafanir sjálfir til að sjá fyrir sér í ellinni. En ef féð gengur til þurrðar eða dugir ekki til heiðra börnin foreldra sína með því að gera það sem í þeirra valdi stendur til að sjá þeim borgið. Að annast aldraða foreldra er merki um guðrækni, það er að segja hollustu við Jehóva Guð sem er höfundur fjölskyldunnar.

ÁST OG FÓRNFÝSI

⁶ Mörg uppkomin börn hafa sýnt mikla ást og fórnfýsi til að geta annast lasburða foreldra. Sumir hafa tekið foreldrana inn á heimilið eða flust í nágreinni við þá en aðrir hafa flutt inn á heimili foreldranna. Oft hefur þetta orðið bæði foreldrum og börnum til blessunar.

⁷ En slíkir flutningar hafa ekki alltaf orðið til góðs. Hvers vegna? Ef til vill vegna þess að ákvarðanir hafa verið teknar í fljótferni eða byggst eingöngu á tilfinningum. Það er viturlegt að „athuga fótíál sín“ eins og Biblían hvetur til. (Orðskviðirnir 14:15) Segjum til dæmis að öldruð móðir þín eigi erfitt með að búa ein og þú heldur að það yrði til góðs ef hún flytti inn á heimili þitt. Þú gætir athugað fótíál þín með

5. Af hverju þurfa börn stundum að hlaupa undir bagga með foreldrum sínum, til viðbótar þeim stuðningi sem stjórnvöld veita?

6. Hvað hafa sumir gert til að annast foreldra sína?

7. Af hverju er skynsamlegt að vera ekki fljótfer þegar maður tekur ákvarðanir varðandi aldraða foreldra?

því að spyrja eftirfarandi spurninga: Hverjar eru þarfir hennar í raun og veru? Er boðið upp á einhverja félagslega þjónustu sem gæti hentað henni betur? Vill hún flytja? Ef svo er, hvaða áhrif hefði það á líf hennar? Þyrfti hún að yfirgefa vini sína? Hvaða tilfinningaleg áhrif gæti það haft á hana? Hefurðu rætt þetta við hana? Hvaða áhrif gæti þetta haft á þig, maka þinn og börnin? Hver á að annast móður þína ef hún þarf á umönnun að halda? Er hægt að dreifa ábyrgðinni? Hefurðu rætt málin við alla í fjölskyldunni?

⁸ Það er sameiginleg ábyrgð ykkar systkinanna að annast aldraða foreldra ykkar og því gæti verið gott að halda fjölskyldufund til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það gæti líka verið gott að ræða málið við öldunga í söfnuðinum eða vini sem hafa staðið í svipuðum sporum og þú. Biblían segir: „Áformin verða að engu, þar sem engin er ráðagerðin, en ef margir leggja á ráðin, fá þau framgang.“ – Orðskviðirnir 15:22.

VERTU SKILNINGSRÍKUR

⁹ Við heiðrum aldraða foreldra okkar með því að sýna þeim skilning og setja okkur í spor þeirra. Ellin tekur sinn toll með þeim afleiðingum að hinir öldruðu geta átt erfiðara með að ganga og borða og minnið tekur að bila. Þeir þurfa kannski á hjálp að halda. Börnunum gæti hætt til að ofvernda foreldrana og reyna að stýra þeim. En hinir öldruðu eru

8. Við hverja gætirðu ráðfært þig varðandi umönnun aldraða foreldra þinna?

9, 10. (a) Hvaða virðingu ætti að sýna öldruðum þrátt fyrir áhrif ellinnar? (b) Hvernig ættu uppkomin börn að sýna öldruðum foreldrum sínum hugulsemi þó að þau geti þurft að ráðstafa einhverju fyrir þá?

fullorðnar manneskjur. Þeir hafa aflað sér þekkingar og reynslu á langri ævi, hafa séð um sig sjálfir og tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Sjálfsvirðing þeirra og sjálfsmynd er nátengd hlutverki þeirra sem foreldrar og fullveðja einstaklingar. Það er hætta á að foreldrarnir verði niðurdregnir eða þeim gremjist ef þeim finnst þeir þurfa að afsala sér forræði sínu í hendur barnanna. Sumir spyrna við fótum ef þeim finnst að verið sé að reyna að ræna þá sjálfstæðinu.

¹⁰ Það eru engar einfaldar lausnir til á þessum vandamálum en það vitnar um hugulsemi að leyfa öldruðum foreldrum að sjá um sig sjálfir og ráða málum sínum að svo miklu leyti sem þeir geta. Við ættum ekki að ákveða hvað sé foreldrum okkar fyrir bestu án samráðs við þá. Ellin hefur tekið margt frá þeim. Leyfðu þeim að halda því sjálfstæði sem þeir ráða við. Líklegt er að þú eigir betra samband við foreldra þína ef þú reynir ekki að stjórna lífi þeirra um of. Þeim líður þá betur og þér líka. Þó að það geti verið þeim fyrir bestu að þú standir fast á vissum atriðum heiðrar þú þá með því að leyfa þeim að njóta þeirrar virðingar og reisnar sem þeir verðskulda. „Þú skalt standa upp fyrir hinum gráhærða og heiðra gamalmennið,“ ráðleggur Biblían. — 3. Mósebók 19:32.

VARÐVEITTU RÉTT HUGARFAR

¹¹ Uppkomin börn eiga stundum í erfiðleikum með að heiðra aldraða foreldra sína vegna þess að sambandið var ekki sem skyldi á árum áður. Faðir þinn var kannski kuldalegur og afskiptalaus eða móðir þín hörð og ráðrík. Ef til vill ertu enn þá

11-13. Hvernig getur fólk annast aldraða foreldra þótt sambandið hafi ekki verið sem skyldi á uppvaxtarárunum?

reiður, sár og vonsvikinn af því að þau voru ekki þess konar foreldrar sem þú óskaðir þér. Er hægt að sigrast á slíkum tilfinningum?*

¹² Basse, sem ólst upp í Finnlandi, segir svo frá: „Stjúpaðir minn var SS-foringi í Þýskalandi á nasistatímanum. Hann missti oft stjórn á skapi sínu og þá var hann hættulegur. Hann lúbarði móður mína oft að mér ásjáandi. Einu sinni, þegar hann reiddist mér, sló hann mig með beltinu svo að sylgjan lenti í andlitinu á mér. Höggið var svo öflugt að ég kastaðist niður á rúmið.“

¹³ En stjúpinna átti sér aðrar hliðar. Basse heldur áfram: „Hann var hins vegar hörkuduglegur og lagði mikið á sig til að sjá fjölskyldunni farborða. Hann sýndi mér aldrei neina föðurást en ég vissi að hann var tilfinningalega skaddaður. Móðir hans hafði rekið hann að heiman þegar hann var stráklungur. Hann þurfti að spjara sig með hnúum og hnefum og fór ungur í stríðið. Ég gat að vissu leyti skilið hann og áfelldist hann ekki. Þegar árin liðu langaði mig til að hjálpa honum eins vel og ég gat þangað til hann féll frá. Það var ekki auðvelt en ég gerði mitt besta. Ég reyndi að vera honum góður sonur uns yfir lauk og ég held að hann hafi viðurkennt mig sem slíkan.“

¹⁴ Eftirfarandi hvatning Biblíunnar á við innan fjölskyldunnar rétt eins og annars staðar: „Íklæðist . . . hjartans meðaumkun, góðvild, auðmýkt, hógværð og langlyndi. Umberið hver annan og fyrirgefið

* Hér er ekki verið að ræða um foreldra sem gerðu sig seka um að misbeita gróflega valdi sínu eða misnota traust barnanna í þeim mæli að það teljist varða við lög.

14. Hvaða hvatning Biblíunnar á við um umönnun aldraðra foreldra?



Það er ekki skynsamlegt að ákveða hvað sé foreldrum okkar fyrir bestu án þess að ræða við þá fyrst.

hver öðrum, ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og Drottinn hefur fyrirgefið yður, svo skuluð þér og gjöra.“ – Kólossubréfið 3:12, 13.

GLEYMDU EKKI AÐ SINNA EIGIN ÞÖRFUM

¹⁵ Það er mikil ábyrgð og kostar mikla vinnu, ótal snúninga og langan vinnudag að annast lasburða foreldri. En erfiðasti þátturinn er oft tilfinningalegs eðlis. Það reynir á að horfa upp á foreldra sína missa heilsuna, minnið og sjálfstæðið. Sandy er frá Púertóríkó. Hún segir: „Móðir mín var akkerið í fjölskyldunni. Það var erfið lífsreynsla að þurfa að annast

15. Af hverju er stundum erfitt að annast aldraða foreldra?

hana. Fyrst fór hún að haltra, svo þurfti hún að nota staf, því næst göngugrind og að síðustu hjólastól. Henni hrakaði jafnt og þétt uns hún dó. Hún fékk beinkrabba og þurfti stöðuga umönnun – dag og nótt. Við böðuðum hana, mötuðum hana og lásum fyrir hana. Það reyndi verulega á – sérstaklega á tilfinningarnar. Ég brast í grát þegar ég áttaði mig á því að hún var að deyja, vegna þess að mér þótti svo vænt um hana.“

¹⁶ Hvað geturðu gert til að ráða við álagið ef þú ert í svipaðri aðstöðu og hér er lýst? Það er mikil hjálp í því að tala við Jehóva í bæn og hlusta á hann með því að lesa í Biblíunni. (Filippíbréfið 4:6, 7) Gættu þess að borða staðgóðan mat og reyndu að fá nægan svefn. Þá ertu betur á þig kominn, bæði líkamlega og tilfinningalega, til að annast ástvin þinn. Kannski geturðu af og til skapað þér svigrúm til að hvílast frá hinu daglega amstri. Það er skynsamlegt að ætla sér einhvern tíma til að slaka á jafnvel þó að þú hafir ekki tök á að fara í frí. Ef til vill geturðu fengið einhvern annan til að vera hjá lasburða foreldri þínu til að þú komist aðeins frá.

¹⁷ Ekki er óalgengt að þeir sem annast aðra geri óraunhæfar kröfur til sjálfra sín. En þú þarft ekki að hafa sektarkennd út af einhverju sem þú getur ekki gert. Sú staða gæti komið upp að þú þurfir að koma ástvini þínum fyrir á elli- eða hjúkrunarheimili. Ef þú átt aldraða foreldra skaltu ekki gera of miklar kröfur til þín. Þú þarft að rata rétta meðalvegin milli þess að sinna þörfum foreldra þinna, barna, maka og sjálfs þín.

16, 17. Hvað getur hjálpað þeim sem annast aldraða foreldra að gæta góðs jafnvægis?

STYRKUR FRÁ JEHÓVA

¹⁸ Í orði sínu, Biblíunni, gefur Jehóva kærleiks-
ríkar leiðbeiningar sem geta verið mikil hjálp fyrir
þá sem sjá um aldraða foreldra. En Jehóva hjálpar
líka á annan hátt. Hann er „nálægur öllum sem
ákalla hann,“ eins og sálmaskáldið sagði. „Hróp
þeirra heyrir hann og hjálpar þeim.“ Jehóva styrkir
trúa þjóna sína og verndar þá, jafnvel við erfiðustu
aðstæður. — Sálmur 145:18, 19.

¹⁹ Myrna býr á Filippseyjum. Hún kynntist þessu
af eigin raun þegar móðir hennar varð ósjálfbjarga
eftir heilablóðfall. „Ekkert er eins dapurlegt og að
horfa upp á ástvin sinn þjást þegar hann getur
ekki einu sinni sagt hvar hann finnur til,“ skrifar
Myrna. „Það var eins og að horfa á hana drukkna
smám saman án þess að geta komið henni til
bjargar. Oft féll ég á kné og sagði Jehóva hve úr-
vinda ég væri. Ég ákallaði hann eins og Davíð sem
grátbændi hann um að safna tárum sínum í sjóð
og minnst sín. [Sálmur 56:9]. Og Jehóva gaf mér
þann styrk sem ég þurfti á að halda, rétt eins og
hann hafði lofað. Hann var ‚stoð mín‘.“ — Sálmur
18:19.

²⁰ Sagt hefur verið að það að sjá um aldraða for-
eldra sé „saga sem getur ekki endað vel“. Þótt við
leggjum okkur öll fram deyjja hinir öldruðu fyrr eða
síðar, rétt eins og móðir Myrnu. Þeir sem treysta á
Jehóva vita samt að sagan er ekki á enda þótt ást-
vinur deyi. Páll postuli sagði: „Þá von hef ég til Guðs
. . . að upp muni rísa bæði réttlátir og ranglátir.“

18, 19. Hvernig hefur Jehóva heitið að styðja okkur og hvaða
dæmi sýnir að hann stendur við það?

20. Hvaða loforð Biblíunnar geta hjálpað okkur að vera jákvæð
þó að við missum ástvin?

(Postulasagan 24:15) Þeir sem hafa misst aldraða foreldra geta leitað huggunar í upprisuvoninni og loforðinu um unaðslegan nýjan heim Guðs þar sem „dauðinn mun ekki frammar til vera“. — Opinberunarbókin 21:4.

²¹ Þjónar Guðs bera djúpa virðingu fyrir foreldrum sínum þótt þeir séu hnignir að aldri. (Orðskviðirnir 23:22-24) Þeir heiðra þá og kynnast þar með því sem segir í innblásnum orðskvið: „Gleðjist faðir þinn og móðir þín og fagni hún, sem fæddi þig.“ (Orðskviðirnir 23:25) Síðast en ekki síst heiðra þeir og gleðja Jehóva Guð þegar þeir heiðra aldraða foreldra sína.

21. Hvað gott hlýst af því að heiðra aldraða foreldra sína?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ OKKUR AÐ
HEIÐRA ALDRAÐA FORELDRA?**

Við eigum að endurgjalda foreldrum okkar og ömmum og öfum. — 1. Tímóteusarbréf 5:4.

Okkur ber að gera allt í kærleika.

— 1. Korintubréf 16:14.

Tökum aldrei mikilvægar ákvarðanir í fljótræði.

— Orðskviðirnir 14:15.

Virðum aldraða foreldra þótt þeir séu orðnir lasburða. — 3. Mósebók 19:32.

Sá tími kemur að elli og dauði taka enda.

— Opinberunarbókin 21:4.

Tryggðu fjölskyldunni varanlega framtíð

ÞEGAR JEHOVA leiddi Adam og Evu saman í hjónaband lét Adam í ljós gleði sína með því að mæla fram fyrsta hebreska ljóðið sem um er getið. (1. Mósebók 2:22, 23) En skaparinn hafði fleira í huga en það eitt að gleðja jarðnesk börn sín. Hjón og fjölskyldur áttu að gera vilja hans. Hann sagði fyrstu hjónunum: „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftsins og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni.“ (1. Mósebók 1:28) Þetta var göfugt og gefandi verkefni. Það hefði orðið Adam og Evu og ófæddum börnum þeirra til mikillar gæfu ef þau hefðu gert vilja Jehóva og hlýtt honum í einu og öllu.

² Það er sömuleiðis farsælast fyrir fjölskyldur nú á tímum að vinna saman að því að gera vilja Guðs. Páll postuli skrifaði: „Guðhræðslan er til allra hluta nýtsamleg og hefur fyrirheit bæði fyrir þetta líf og hið komanda.“ (1. Tímóteusarbréf 4:8) Guðhrædd fjölskylda, sem fylgir leiðbeiningum Jehóva í Biblíunni, uppsker hamingju nú þegar. (Sálmur 1:1-3; 119:105; 2. Tímóteusarbréf 3:16) Þótt ekki fari nema einn í fjölskyldunni eftir meginreglum Biblíunnar er það betra en að enginn geri það.

³ Í þessari bók hefur verið fjallað um margar af þeim meginreglum Biblíunnar sem stuðla að

1. Hvað ætlaðist Jehóva fyrir með fjölskylduna?

2, 3. Hvað er farsælast fyrir fjölskyldur nú á tímum?

farsælu fjölskyldulífi. Trúlega hefurðu veitt því athygli að sumar þeirra eru nefndar margsinnis í bókinni. Ástæðan er sú að þær lýsa djúpstæðum sannleika sem er öllum til góðs á mörgum sviðum fjölskyldulífsins. Fjölskylda, sem leggur sig fram við að fara eftir þessum meginreglum, kemst að raun um að guðhræðslan hefur sannarlega „fyrirheit fyrir þetta líf“. Lítum enn á ný á fjórar af þessum mikilvægu meginreglum.

SJÁLFSTJÓRN

⁴ Salómon konungur sagði: „Eins og borg, sem múrarnir hafa verið brotnir utan af, eins er sá maður, sem eigi hefir stjórn á skapsmunum sínum.“ (Orðskviðirnir 25:28; 29:11) Það er mikilvægt fyrir þá sem vilja búa í hamingjuríku hjónabandi að „hafa stjórn á skapsmunum sínum“, að sýna sjálfstjórn. Sá sem lætur undan skaðlegum kenndum, svo sem reiði eða siðlausum löngunum, veldur skaða sem tekur mörg ár að bæta – ef það er þá hægt á annað borð.

⁵ Enginn ófullkominn afkomandi Adams hefur fullkomna stjórn á sjálfum sér. (Rómverjabréfið 7: 21, 22) En sjálfstjórn er ávöxtur andans. (Galatabréfið 5:22, 23) Við þroskum með okkur sjálfstjórn með því að biðja um anda Guðs, fara eftir viðeigandi leiðbeiningum í Biblíunni, umgangast aðra sem sýna sjálfstjórn og forðast þá sem gera það ekki. (Sálmur 119:100, 101, 130; Orðskviðirnir 13:20; 1. Pétursbréf 4:7) Þetta hjálpar okkur að „flýja saurlifnaðinn“, jafnvel þegar freistingar verða á vegi okkar. (1. Korintubréf 6:18) Við höfnum ofbeldi og forðumst eða

4. Af hverju er mikilvægt fyrir hjón að sýna sjálfstjórn?

5. Hvernig getur ófullkominn maður tamið sér sjálfstjórn og af hverju er það til góðs?

sigrumst á alkóhólisma. Og við sýnum meiri stillingu ef okkur er ögrað eða aðstæður gera okkur gramt í geði. Allir – einnig börn – þurfa að þroska með sér þennan mikilvæga ávöxt andans. – Sálmur 119:1, 2.

FRUMREGLAN UM FORYSTU

⁶ Í öðru lagi er mikilvægt að virða frumregluna um forystu. Páll lýsti þessari frumreglu þegar hann sagði: „Ég vil, að þér vitið, að Kristur er höfuð sérhvers manns, maðurinn er höfuð konunnar og Guð höfuð Krists.“ (1. Korintubréf 11:3) Þetta merkir að eiginmaðurinn fer með forystuna í fjölskyldunni, eiginkonan styður hann dyggilega og börnin eru foreldrunum hlýðin. (Efesusbréfið 5:22-25, 28-33; 6:1-4) Við skulum samt hafa hugfast að það þarf að fara rétt með forystu til að hún sé til farsældar fyrir fjölskylduna. Guðræknir eiginmenn vita að forysta er ekki það sama og einræði. Þeir líkja eftir Jesú sem er yfir þá settur. Hann átti að vera „höfuðið yfir öllu“ en kom samt ekki „til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna“. (Efesusbréfið 1:22; Matteus 20:28) Kristinn maður líkir eftir Jesú og beitir ekki forystuhlutverkinu í eigin þágu heldur með hag konu sinnar og barna í huga. – 1. Korintubréf 13:4, 5.

⁷ Guðrækin eiginkona keppir ekki við mann sinn og reynir ekki að ráða yfir honum. Hún er ánægð með að geta stutt hann og unnið með honum. Biblían tekur skýrt fram að „maðurinn sé höfuð konunnar“. (Efesusbréfið 5:23) Með því að giftast er

6. (a) Hvaða frumreglu setti Guð um forystu? (b) Hvað þarf eiginmaður að hafa hugfast til að forysta hans sé fjölskyldunni til farsældar?

7. Hvaða meginreglur Biblíunnar hjálpa eiginkonu að rækja þær skyldur sem Guð hefur falið henni í fjölskyldunni?

hún sett undir „lögmál sem bindur hana við manninn“. (Rómverjabréfið 7:2) En Biblían kallar hana líka „meðhjálp“ mannsins. (1. Mósebók 2:20) Hún hefur til að bera eiginleika og kosti sem maðurinn hefur ekki og hún veitir honum þann stuðning sem hann þarf á að halda. (Orðskviðirnir 31:10-31) Í Biblíunni er einnig talað um að eiginkonan sé „förunautur“ mannsins sem vinnur náíð með honum. (Malakí 2:14) Þessar meginreglur hjálpa hjónum að skilja hlutverk hvort annars og sýna hvort öðru gagnkvæma virðingu.

VERTU „FLJÓTUR TIL AÐ HEYRA“

⁸ Í þessari bók er iðulega bent á nauðsyn góðra tjáskipta. Af hverju? Af því að fjölskyldulífið gengur betur fyrir sig ef fólk talar saman og hlustar almennilega hvert á annað. Ítrekað hefur verið að tjáskipti eru tvíhliða. Lærisveinninn Jakob orðaði það þannig: „Hver maður skal vera fljótur til að heyra, seinn til að tala.“ – Jakobsbréfið 1:19.

⁹ Við þurfum líka að gefa gaum að því *hvernig* við tölum. Vanhugsuð orð, ásakanir eða harkaleg gagnrýni er ekki leiðin til að greiða fyrir góðum tjáskiptum. (Orðskviðirnir 15:1; 21:9; 29:11, 20) Jafnvel þótt við höfum rétt fyrir okkur er hætta á að það sé til ills að opna munninn ef við erum grimm, hrokafull eða tillitslaus í orðum. Það sem við segjum ætti að vera smekklegt og „salti kryddað“. (Kólossubréfið 4:6) Orð okkar ættu að vera eins og „gullepli í skrautlegum silfurskálum“. (Orðskviðirnir 25:11) Þegar fólk lærir að tala saman og skiptast á skoðunum hefur það stigið stórt skref í átt að farsælu fjölskyldulífi.

8, 9. Hvernig geta allir stuðlað að bættum tjáskiptum í fjölskyldunni?

HLUTVERK KÆRLEIKANS

¹⁰ Orðin „ást“ og „kærleikur“ eru mikið notuð í þessari bók. Manstu hvers konar kærleika er aðallega talað um? Rómantísk ást (*eros* á grísku) gegnir vissulega stóru hlutverki í hjónabandinu og í góðu hjónabandi myndast líka sterk og hlýleg vináttubönd (*filia* á grísku) milli karls og konu. En kærleikurinn, sem felst í gríska orðinu *agape*, er enn mikilvægari. Þetta er kærleikurinn sem við sýnum Jehóva, Jesú og náunganum. (Matteus 22:37-39) Þetta er kærleikurinn sem Jehóva sýnir mannkyninu. (Jóhannes 3:16) Það er ómetanlegt að geta sýnt maka okkar og börnum sams konar kærleika. – 1. Jóhannesarbréf 4:19.

¹¹ Þessi göfugi kærleikur er „band algjörleikans“. (Kólossubréfið 3:14) Hann tengir hjón sterkum böndum þannig að þau langar til að gera það sem er best fyrir hvort annað og fyrir börnin. Þegar erfíðleikar verða á veginum er það kærleikurinn sem hjálpar fjölskyldum að takast á við þá í sameiningu. Þegar árin líða er það kærleikurinn sem hjálpar hjónum að styðja hvort annað og meta hvort annað að verðleikum. „Kærleikurinn . . . leitar ekki síns eigin. . . . Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt. Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.“ – 1. Korintubréf 13:4-8.

¹² Það er mikilvægt að hjón elski hvort annað en það er þó umfram allt kærleikurinn til Jehóva sem gerir hjónabandið sterkt og varanlegt. (Prédikarinn 4:9-12) Hvers vegna? Jóhannes postuli skrifði: „Í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum

10. Hvers konar kærleikur er mikilvægur í hjónabandinu?

11. Hvernig stuðlar kærleikurinn að góðu hjónabandi?

12. Hvernig styrkir kærleikurinn til Jehóva hjónabandið?

AÐ VERA EINHLEYPUR

Ekki ganga allir í hjónaband og sum hjón ákveða að eignast ekki börn. Jesús var einhleypur og hann talaði um að sumum væri gefið að vera einhleypir „vegna himnaríkis“. (Matteus 19:11, 12) Páll postuli kaus einnig að vera einhleypur en hann talaði um það sem „náðargjöf“ hvort heldur menn giftu sig eða ekki. (1. Korintubréf 7:7, 8, 25-28) Í þessari bók hefur athyglinni aðallega verið beint að hjónabandi og barnauppeldi en við ættum ekki að missa sjónar á þeim möguleikum og þeirri umbun sem getur fylgt því að vera einhleypur eða vera í hjónabandi án þess að eignast börn.

hans boðorð.“ (1. Jóhannesarbréf 5:3) Hjón ættu að ala börnin upp í guðrækni, ekki aðeins vegna þess að þeim þykir innilega vænt um þau heldur líka vegna þess að þetta eru fyrimæli Jehóva. (5. Mósebók 6:6, 7) Þau ættu að forðast siðleysi, ekki aðeins af því að þau elska hvort annað heldur fyrst og fremst af því að þau elska Jehóva sem dæmir „hórkarla og frillulífismenn“. (Hebreabréfið 13:4) Jafnvel þó að annar makinn valdi alvarlegum erfiðleikum í hjónabandinu heldur hinn áfram að fylgja meginreglum Biblíunnar ef hann elskar Jehóva. Kærleikurinn til Jehóva styrkir kærleiksböndin í fjölskyldunni og stuðlar að farsæld hennar.

FJÖLSKYLDA SEM GERIR VILJA GUÐS

¹³ Líf kristins manns snýst um það að gera vilja Guðs. (Sálmur 143:10) Það er þannig sem við sýnum guðrækni. Að gera vilja Guðs hjálpar fjölskyldu

13. Hvernig getum við einbeitt okkur að því sem mestu máli skiptir og hvernig hjálpar það okkur?

um að einbeita sér að því sem mestu máli skiptir. (Filippíbréfið 1:9, 10) Jesús sagði til dæmis: „Ég er kominn að gjöra son andvigan föður sínum, dóttur móður sinni og tengdadóttur tengdamóður sinni. Og heimamenn manns verða óvinir hans.“ (Matteus 10:35, 36) Margir af fylgjendum Jesú hafa verið ofsóttir af ættingjum, rétt eins og hann varaði við. Það er ákaflega dapurlegt. Við ættum þó ekki að láta fjölskylduböndin vera þyngri á metunum en kærleikann til Jehóva Guðs og Jesú Krists. (Matteus 10:37-39) Ef við höldum okkar striki þrátt fyrir andstöðu frá ættingjum gæti afstaða þeirra breyst þegar þeir sjá hve góð áhrif guðræknin hefur. (1. Korintubréf 7:12-16; 1. Pétursbréf 3:1, 2) Og þó að það gerist ekki ávinnst ekkert til langs tíma litið með því að hætta að þjóna Guði vegna andstöðu ættingjanna.

¹⁴ Þegar foreldrar gera vilja Guðs hjálpar það þeim að taka réttar ákvarðanir. Tökum dæmi. Í sumum menningarsamfélögum er gjarnan litið á börnin sem ákveðna tryggingu og foreldrar treysta að þau sjái um þá í ellinni. Það er vissulega rétt af uppkomnum börnum að annast aldraða foreldra sína en foreldrar ættu ekki þar fyrir að ýta þeim út í efnishyggju. Þeir gera börnunum engan greiða með því að kenna þeim að meta efnislegar eigur meira en andleg verðmæti. — 1. Tímóteusarbréf 6:9.

¹⁵ Evnike, móðir Tímóteusar, er gott dæmi um þetta. (2. Tímóteusarbréf 1:5) Eignmaður hennar var ekki í trúnni en þrátt fyrir það tókst henni að ala Tímóteus upp í guðrækni, og naut þar aðstoðar Lóisar, ömmu hans. (2. Tímóteusarbréf 3:14, 15) Þegar

14. Hvernig getur löngunin til að gera vilja Guðs hjálpað foreldrum að kenna börnunum það sem er þeim fyrir bestu?

15. Hvernig er móðir Tímóteusar prýðisdæmi um foreldri sem gerði vilja Guðs?

Tímóteus hafði aldur til leyfði Evnike honum að fara að heiman til að starfa sem trúboði með Páli postula. (Postulasagan 16:1-5) Það hlýtur að hafa glatt hana mjög að sjá son sinn verða duglegan trúboða. Guðrækni hans sem fulltíða maður vitnaði um gott uppeldi hans. Evnike hefur áreiðanlega notið þess að fréttu af dyggu trúboðsstarfi sonar síns, þótt hún hafi eflaust saknað hans. — Filippíbréfið 2:19, 20.

FJÖLSKYLDAN OG FRAMTÍÐ ÞÍN

¹⁶ Jesús var alinn upp á guðræknu heimili og sem fulltíða maður sýndi hann móður sinni viðeigandi umhyggju. (Lúkas 2:51, 52; Jóhannes 19:26) Meginmarkmið hans í lífinu var hins vegar að gera vilja Guðs og það þýddi að hann átti að opna mönnum leiðina til að hljóta eilíft líf. Hann gerði það þegar hann gaf fullkomið mannlíf sitt sem lausnargjald fyrir syndugt mannkyn. — Markús 10:45; Jóhannes 5:28, 29.

¹⁷ Eftir að Jesús dó reisti Jehóva hann upp til lífs á himnum, fékk honum mikið vald í hendur og skipaði hann að lokum konung í ríki sínu. (Matteus 28:18; Rómverjabréfið 14:9; Opinberunarbókin 11:15) Förn Jesú gerði að verkum að hægt var að velja hóp manna til að ríkja með honum á himnum. Hún hefur einnig í för með sér að aðrir hjartahreindir menn eiga þess kost að hljóta fullkomleika í paradís á jörð. (Opinberunarbókin 5:9, 10; 14:1, 4; 21:3-5; 22:1-4) Við höfum hlotið þann mikla heiður að mega segja öðrum frá þessu stórfenglega fagnaðarerindi. — Matteus 24:14.

16. Hvernig sýndi Jesús móður sinni umhyggju en hvert var aðalmarkmið hans í lífinu?

17. Hvaða framtíðarvon geta þeir sem gera vilja Guðs átt vegna förnar Jesú?

¹⁸ Eins og Páll postuli benti á hefur fólk „fyrirheit fyrir hið komanda líf“ ef það lifir guðrækilega. Það hlýtur að vera langbesta leiðin til að vera farsæll og hamingjusamur í lífinu. Mundu að „heimurinn fyrirferst og fýsn hans, en sá, sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu“. (1. Jóhannesarbréf 2:17) Leggðu þig því fram um að gera vilja Guðs, hvort sem þú ert barn eða foreldri, eiginmaður eða eiginkona, einhleyp manneskja eða einstætt foreldri. Gleymdu aldrei að þú ert þjónn hins lifandi Guðs þótt álagið sé stundum mikið eða erfiðleikarnir virðist yfirþyrmandi. Þannig geturðu glatt Jehóva með breytni þinni. (Orðskviðirnir 27:11) Og megir þú höndla hamingjuna í þessum heimi og hljóta eilíft líf í nýja heiminum sem fram undan er.

18. Hvað eru fjölskyldur og einstaklingar hvattir til að gera?

**HVERNIG GETA ÞESSAR MEGINREGLUR
BIBLÍUNNAR HJÁLPAÐ ÞÉR AÐ
EIGA FARSÆLT FJÖLSKYLDULÍF?**

Hægt er að temja sér sjálfstjórn.
— Galatabréfið 5:22, 23.

Það er fjölskyldunni til farsældar að bæði hjónin virði frumregluna um forystu. — Efesusbréfið 5:22-25, 28-33; 6:4.

Tjáskipti eru meðal annars fólgin í því að hlusta.
— Jakobsbréfið 1:19.

Kærleikur til Jehóva styrkir hjónabandið.
— 1. Jóhannesarbréf 5:3.

Mikilvægasta markmið hverrar fjölskyldu er að gera vilja Guðs. — Sálmur 143:10;
1. Tímóteusarbréf 4:8.

Óskarðu nánari upplýsinga?

Hafðu þá samband við Votta Jehóva á vefsíðunni **www.jw.org**.